# FRÉTTABLAÐIÐ

98. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 27. APRÍL 2016




Snæfell tryggði sér í gær sinn þriðja Íslandsmeistaratitil í röð eftir sigur á Haukum í oddaleik um titilinn í Schenker-höllinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Spá 327.000 manns í hvalaskoðun í ár

**Farþegum hvalaskoðunarfyrirtækja á Íslandi hefur fjölgað um 25 til 44 þúsund árlega á milli ára frá 2011. Gangi spár eftir munu jafn margir farþegar stíga um borð í hvalaskoðunarbát á þessu ári og íbúar þessa lands. Orðin ein vinsælasta afþreying ferðamanna hérlendis.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Farþegar íslensku hvalaskoðunarfyrirtækjanna í fyrra voru 272 þúsund talsins og því 42 þúsund fleiri en árið 2014. Frá og með árinu 2012 hefur fjölgun farþega fyrirtækjanna numið tugum þúsunda hvert einasta ár, eða frá 25 til 44 þúsund manns.

Þetta sýna tölur Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF), sem teknar voru saman fyrir Fréttablaðið. Fréttablaðið óskaði jafnframt eftir því að SAF gæfi upp spá sína um hversu margir ferðamenn gætu stigið á skipsfjöl hjá hvalaskoðunarfyrirtækjunum á þessu ári í ljósi þess að ferðamönnum hérlendis fjölgar líklega um tæplega 400 þúsund. Samkvæmt henni verða það tæplega 327 þúsund manns. Það myndi þá þýða að þeim sem hingað koma í hvalaskoðun fjölgar um fimmtíu þúsund á milli ára.

„Ljóst er að hvalaskoðun er orðin ein mikilvægasta afþreyingin í ferðaþjónustu hér á landi. Á síðasta ári fóru 272 þúsund ferðamenn í hvalaskoðun við Íslandsstrendur, þar af um 150 þúsund ferðamenn í Reykjavík,“ segir Skapti Örn Ólafsson, upplýsingafulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar.

> **Ljóst er að hvalaskoðun er orðin ein mikilvægasta afþreyingin í ferðaþjónustu hér á landi.**
>
> Skapti Örn Ólafsson, upplýsingafulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar

„Á þeim fimmtán árum sem hvalaskoðun hefur verið stunduð frá Reykjavík er óhætt að segja að Gamla höfnin hafi tekið stakkaskiptum og svæðið orðið einn líflegasti og mest spennandi staður borgarinnar,“ segir Skapti Örn.

**– shá /** **sjá síðu 6**

## Ætla að safna 140 milljónum

**MARKAÐURINN** Íslenska fyrirtækið Karolina Fund er byrjað að leigja hugbúnað til Slóveníu og er jafnframt að hefja samstarf við aðila á Norðurlöndunum.

Til þess að takast á við aukna starfsemi hyggjast stjórnendur fyrirtækisins sækja sér fjármagn til fjárfesta. „Við erum að hugsa um að fara af stað með þetta fljótlega núna á næstunni,“ segir Ingi Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Ráðgert er að safna 140 milljónum. **– jhh /** **sjá Markaðinn**



Ingi Rafn Sigurðsson

## Fréttablaðið í dag


**MARKÐURINN**
Aðdáandi Íslands Ramón Calderón, fyrrverandi forseti Real Madrid, vill kynna Ísland fyrir heiminum. Hann segir Sepp Blatter hafa viljað gera fótboltanum gott.



**SKOÐUN** Árni Páll vill allt upp á borðið varðandi aflandsfélög. 12

**SPORT** Snæfell er Íslandsmeistari þriðja árið í röð. 14

**LÍFIÐ** Aldrei meira lagt í grafík Íslendinga í Eurovision en í ár 26

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **GARÐAR OG HELLULAGNIR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


ALLT FYRIR ÚTSKRIFTINA

Finndu okkur á

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534



Dale Carnegie

ÓKEYPIS KYNNINGARTÍMI

Ármúli 11

Á morgun, fimmtudag 28. apríl
kl. 20.00–21.00
Skráning á dale.is

The Quality Management System of Dale Carnegie© Global Services is ISO 9001 certified.

DALE CARNEGIE® ÞJÁLFUN

## Veður




*Í dag er útlit fyrir stífa norðanátt með kólnandi veðri og éljum fyrir norðan og austan. Sunnan og vestan til stefnir í nokkuð bjartan dag þó að hiti fari ekki mikið yfir 6 stig.* **SJÁ SÍÐU 18**

# Garðbæingar í hreinsunarátaki



**Hjónin Inga Þyri Kjartansdóttir og Bergþór G. Úlfarsson fara með svarta plastpoka með sér í sinn daglega göngutúr með hundinn og tína rusl í Garðabænum. Bærinn stendur fyrir átaki í apríl með það að markmiði að verða snyrtilegasti bær landsins. Hjónin láta ekki sitt eftir liggja og hafa fyllt sjö poka á síðustu þremur dögum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Aflandsgögn verða birt í maí

**FJÖLMIÐLAR** ICIJ, Alþjóðasamtök rannsóknarblaðamanna, munu opna fyrir aðgengi að gagnagrunni með upplýsingum úr Panama-skjölunum svokölluðu þann 9. maí næstkomandi.

Í gagnagrunninum verður að finna upplýsingar um rúmlega 200 þúsund aflandsfélög sem tengjast lögfræðistofunni panamísku Mossack Fonseca.

Samkvæmt tilkynningu frá samtökunum verða ekki birtar persónulegar upplýsingar um millifærslur, bankareikninga, tölvupóst eða önnur persónuleg samskipti. Þau gögn sem verða birt verða birt með almannahagsmuni í huga.

Hægt verður að fletta upp í gagnagrunninum og koma þar fram upplýsingar um aflandsfélög og þá einstaklinga, í um 200 löndum, sem standa að baki þeim. **– þv**

**200**

**þúsund aflandsfélög eru í gögnunum sem birt verða.**

## Þurfa fleira fólk við hjúkrun

**NOREGUR** Eftir 20 ár mun Noreg vanta nær 30 þúsund hjúkrunarfræðinga. Skortur á sérhæfðum hjúkrunarfræðingum, einkum barnahjúkrunarfræðingum, er sérlega mikill að því er kemur fram í nýrri skýrslu norsku vinnumálastofnunarinnar.

Fjöldi sviðsstjóra við norsk sjúkrahús kveðst ekki hafa nógu marga sérhæfða hjúkrunarfræðinga við störf til að geta veitt fullnægjandi þjónustu. Meirihluti þeirra sem eru við störf nú fer bráðum á eftirlaun. **– ibs**

## Ákærð fyrir 300 milljóna skattalagabrot

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur átta einstaklingum sem grunaðir eru um stórfelld skattalagabrot. Þeim er gefið að sök að hafa svikið allt að 300 milljónir króna af hinu opinber.

Einn af ákærðu er fyrrverandi starfsmaður Ríkisskattstjóra og er hann talinn hafa aðstoðað hina grunuðu við fjársvikin auk þess að hafa gegnt lykilhlutverki í málinu.

Málið er eitt það umfangsmesta sinnar tegundar hér á landi og hefur verið til meðferðar hjá lögregluyfirvöldum og saksóknara frá árinu 2010.

Talið er að ákærðu hafi sett á fót sýndarfyrirtæki sem höfðu enga raunverulega starfsemi í þeim tilgangi að svíkja fé út úr skattkerfinu.

Málið verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjaness í næsta mánuði. **– sks**




# Hóta starfsfólki Sorpu lífláti vegna gjaldtöku

**Miðaldra karlmaður réðst að starfsmanni Sorpu og er sagður hafa hótað honum lífláti vegna 1.200 króna gjalds fyrir losun byggingarefnis. Annar viðskiptavinur ók starfsmann nærri niður vitandi vits. Stjórn Sorpu hugleiðir aðgerðir.**



**Ekki vilja allir viðskiptavinir hlíta reglum Sorpu.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta er náttúrlega algerlega óþolandi. Ef menn eru ósáttir eiga þeir að beina reiði sinni að þeim sem setja reglurnar en ekki að starfsfólkinu á planinu," segir Björn Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu, um viðskiptavini sem neita að borga uppsett gjöld og beita jafnvel starfsfólkið ofbeldi.

Björn bendir á tvö nýleg tilvik. Fyrr í þessum mánuði hafi viðskiptavinur reynt að hrinda starfsmanni og hótað honum lífláti. Í desember síðastliðnum hafi svo maður sem var beðinn að hætta að gramsa í gámi nærri ekið yfir starfsmann. „Hann gat ekki annað en séð starfsmanninn en keyrði samt áfram," segir Björn sem kveður vitað um hvaða menn sé að ræða.

„Þetta snerist um það að þessi maður neitaði að borga 1.200 krónur," segir Björn um fyrrnefnda málið þar sem miðaldra karlmaður hafi hótaði starfsmanni Sorpu í Jafnaseli lífláti er hann var rukkaður um gjald vegna losunar á byggingarefni. „Hann réðst á starfsmanninn og hótaði líkamsmeiðingum og setti fram morðhótun."

Aðspurður segir Björn að enn hafi ekki verið haft samband við ofbeldismennina. „En það verður gert," segir hann.

Til eru upptökur úr eftirlitsmyndavélum af þessum tveimur atvikum og voru þær lagðar fram á síðasta stjórnarfundi Sorpu þar sem Björn kynnti „stjórn tvö atvik þar sem starfsmenn SORPU voru beittir ofbeldi og máttu sæta morðhótunum vegna innheimtu á gjaldskyldum úrgangi", eins segir um málið í fundargerð stjórnarinnar.

Ofbeldi viðskiptavina á endurvinnslustöðvum Sorpu hefur áður verið til umræðu í stjórn fyrirtækisins, til dæmis í desember 2011.

„Þá réðst einn viðskiptavinur á Dalvegi á starfsmann með hníf," rifjar Björn upp. Ágreiningur hafi komið upp um skilagjöld vegna drykkjarumbúða. Breytingar hafi verið gerðar í kjölfarið. „Meðal annars var eftirlit myndavéla aukið og starfsmönnum var kennt hvernig þeir ættu að bregðast við."

> **Hann gat ekki annað en séð starfsmanninn en keyrði samt áfram.**
>
> Björn Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu





**Halldór Auðar Svansson, fulltrúi í stjórn Sorpu**

Halldór Auðar Svansson, fulltrúi í stjórn Sorpu, segir að langoftast snúi þessi mál að því þegar starfsmenn rukka viðskiptavini um gjöld sem fylgja tilteknum efnisflokkum. Til greina komi að láta þá sem neita að borga einfaldlega fara sína leið og senda þeim síðan reikning eftir bílnúmerinu.

Halldór bendir á að um gjaldtökuna gildi reglur og fólk megi búast við því að vera rukkað samkvæmt þeim. „Starfsfólkið fer einfaldlega eftir þessum reglum og það er ekkert persónulegt í því," segir hann.

Björn segir að farið verði yfir verklag og það hvernig bregðast eigi við. „Við erum að skoða hvort þeir sem þetta stunda verði settir á svartan lista og fái ekki aðgang að endurvinnslustöðvunum." **gar@frettabladid.is**

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

# HYBRID
# STJÖRNUTILBOÐ




Yaris Hybrid

Auris Hybrid

**Yaris Hybrid og Auris Hybrid bjóðast núna á stjarnfræðilega góðum kjörum í takmarkaðan tíma.**

Þú færð stjörnur í augun þegar þú sérð Yaris Hybrid og Auris Hybrid á sérstöku stjörnutilboði*. Við erum að tala um áður óséð sértilboð sem bjóðast ekki á hverjum degi. Komdu og fáðu stjörnur í augun hjá næsta viðurkennda söluaðila Toyota á Íslandi.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág** innborgun

**Tryggt** framtíðarvirði

**Fastar** mánaðargreiðslur

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Stjörnutilboð gildir ekki með öðrum tilboðum.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 79002 03/16

# Borgin ætlar að bregðast við gagnrýni og þvo götur

**REYKJAVÍKURBORG** Mikill sandur á götum veldur slysum á hjólreiðafólki og eykur hættu á svifryksmengun. Nú hefur verið ákveðið að falla frá þeirri ákvörðun að spara í þvotti á götum Reykjavíkurborgar og verður hafist handa á næstu dögum.

„Við endurskoðuðum þessa hugmynd um að spara húsagötuþvott," segir Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi Samfylkingar og formaður umhverfis- og skipulagsráðs.

Framsókn og flugvallarvinir lögðu það til á borgarráðsfundi fimmta apríl að götur borgarinnar yrðu þrifnar með sama hætti og verið hefur undanfarin ár og gagnrýndu ákvörðun um að þvo ekki húsagötur borgarinnar sem var tekin af umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar til þess gæta aðhalds í rekstri borgarinnar. Sparnaðurinn var áætlaður þrjár milljónir króna.

Kvartanir bárust vegna ákvörðunarinnar frá hjólreiðafólki, gangandi vegfarendum og almennum borgurum. Kvartað var undan því að sandur á götum auki hættu á svifryksmengun. Þá ylli sandur á götum meiri slysahættu. Hjól rynnu til í sandinum eins og í hálku. Þá var almennt kvartað yfir óþrifnaði og borgarbúar bentu á að hluti af lögbundinni þjónustu sveitarfélaga væru þrif á götum.

„Það verður brugðist við þessu og það verður byrjað að sópa og þvo á mánudaginn. Það er byrjað núna að forsópa götur, þá er verið að taka upp það mesta áður en við gerum allt spikk og span," segir Jón Halldór Jónasson, upplýsingarfulltrúi Reykjavíkurborgar. **– kbg**



**Borgarbúar hafa kvartað undan miklum sandi á götum og stígum. Hafist verður handa við þvott næstu daga.** FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**Pedro Sanches, leiðtoga Sósíalistaflokksins, tókst ekki að mynda stjórn.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Kosið verður aftur á Spáni

**SPÁNN** Pedro Sanches, leiðtogi spænska Sósíalistaflokksins, hefur gefið frá sér stjórnarmyndunarviðræður. Hann segist ekki geta myndað starfhæfan stjórnarmeirihluta á þingi.

Búist er við að gengið verði til kosninga seinni partinn í júní, líklega þann 26.

Ekkert hefur gengið í stjórnarmyndunarviðræðum frá því þing var kosið á Spáni stuttu fyrir síðustu jól.

Tveir nýir eða nýlegir flokkar, Podemos og Ciudadanos, unnu stóra sigra en gömlu flokkarnir tveir, Sósíalistaflokkurinn og Þjóðarflokkurinn, guldu afhroð.

Gömlu flokkarnir tveir fengu ekki nægan þingstyrk samtals til að starfa saman. Vinstri flokkarnir tveir, Sósíalistar og Podemos, náðu heldur ekki nægum þingmannafjölda til stjórnarmyndunar og sömu sögu er að segja um hægri flokkana tvo, Þjóðarflokkinn og Ciudadanos. **– gb**

## Lést í sjóslysi

**Karlmaðurinn sem lést eftir að hafa fallið útbyrðis af báti á veiðum á Húnaflóa austur af Drangsnesi hét Ólafur Jóhannes Friðriksson. Hann var fæddur árið 1962. Ólafur Jóhannes var til heimilis á Hólmavík. Kyrrðarstund verður haldin í Hólmavíkurkirkju klukkan 17 á morgun.**

# Fjörutíu prósent færri íbúðir nú í eigu Íbúðalánasjóðs

Á tveimur árum hefur eignum Íbúðalánasjóðs fækkað um átta hundruð. Stefnt er að sölu níu hundruð eigna á árinu. Mikil eignasala hefur átt sér stað á Suðurnesjum. Meirihluti íbúða er seldur einstaklingum.

**VIÐSKIPTI** Íbúðum í eigu Íbúðalánasjóðs hefur fækkað um 834 eða tæplega fjörutíu prósent á síðustu tveimur árum. Í lok mars 2016 voru 1.287 eignir í eigu Íbúðalánasjóðs samanborið við 2.121 í mars árið 2014. Stefnt er að því að þær verði 750 í árslok. Samkvæmt upplýsingum frá Íbúðalánasjóði er meirihluti íbúða seldur einstaklingum. Eignir á Suðurnesjum hafa selst sérstaklega vel á tímabilinu.

Íbúðalánasjóður hefur losað fjölda eigna að undanförnu. Í desember síðastliðnum voru svo 504 eignir í fimmtán eignasöfnum settar í söluferli og rann tilboðsfrestur út þann 3. febrúar síðastliðinn. Í síðustu viku var tilkynnt að nú þegar hafi Íbúðalánasjóður og Heimavellir náð samkomulagi um sölu á 139 þeirra íbúða. Markmiðið er að selja eftirstandandi eignir í safninu á árinu.

Á síðustu tveimur árum hefur íbúðum Íbúðalánasjóðs á öllu landinu fækkað mismikið eftir landshlutum, eða um fimm til fimmtíu og þrjú prósent. „Sala eigna hefur tekið vel við sér á flestum markaðssvæðum í landinu en þó misfljótt. Nú er lífleg sala nánast um land allt en mismikil þó eftir landsvæðum eins og fram kemur um Suðurnes," segir Ágúst Kr. Björnsson, forstöðumaður fullnustueigna Íbúðalánasjóðs. Íbúðum í eigu sjóðsins hefur fækkað um 432 á Suðurnesjum á tímabilinu. Ágúst segir að mikil eignasala á Suðurnesjum tengist að líkindum sterkara atvinnulífi, uppbyggingu í ferðamannaþjónustu og fjölgun starfa á Keflavíkurflugvelli.

Til stendur að selja níu hundruð eignir á árinu 2016. Nú hafa 313 eignir selst og búið að samþykkja kauptilboð í 331 eign til viðbótar. Á sama tíma er áætlað að þrjú hundruð eignir bætist við safnið. Markmiðið er því að í árslok 2016 verði eignir orðnar um sjö hundruð.

„Helsta ástæða þess að þrjú hundruð eignir bætast við á árinu er að nú er verið að ljúka úrvinnslu þungra greiðsluerfiðleikamála þar sem þessar eignir hafa verið í sérstakri skuldameðferð sem ekki hefur gengið upp eða hafa ekki náð að fá lausn í slíkum úrræðum. Þá er stundum um að ræða eignir þar sem eigendur eru fluttir til annarra landa og þar af leiðandi hefur tekið lengri tíma að ná fram fullnustu. Ætla má að til lengri tíma litið komi inn í kringum 100 eignir að jafnaði á ári af slíkum ástæðum," segir Ágúst.

Íbúðum í eigu fjármálastofnana fækkaði verulega á síðustu tveimur árum. Frá desember 2013 til desember 2015 fækkaði þeim úr 3.532 í 2.246, eða um 46 prósent.

Samkvæmt upplýsingum frá Íbúðalánasjóði er meirihluti eigna seldur einstaklingum í gegnum fasteignasölur. Frá ársbyrjun 2008 til 24. apríl 2016 hefur sjóðurinn selt 3.159 eignir. Af þeim hafa 425 eignir farið í tveimur pakkasölum til leigufélaga, þá hafa 450 eignir farið í dótturfélag sjóðsins, Leigufélagið Klett.

Ágúst segir að eignir Íbúðalánasjóðs séu seldar á markaðsverði, hvort sem þær séu seldar leigufélögum eða öðrum. „Við sölu eigna leggur Íbúðalánasjóður áherslu á að verðleggja eignir sem allra best í takt við markaðsvirði þeirra eftir því á hvaða landsvæði þær eru og eftir því í hvaða ástandi þær eru. Rétt er að benda á að markaðsvirði eigna er mjög mismunandi eftir landsvæðum, hæst í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu og lægra í öðrum landshlutum. Þá eru til svæði þar sem markaðsverð er einungis brot af verði sambærilegrar eignar í Reykjavík," segir Ágúst.

**saeunn@frettabladid.is**







**Nú er lífleg sala nánast um land allt en mismikil þó eftir landsvæðum.**



Ágúst Kr. Björnsson, forstöðumaður fullnustueigna Íbúðalánasjóðs






# Framkvæmdastjórum bar að afla leyfis

**VIÐSKIPTI** Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, segir að ekki nægi fyrir framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs að tilkynna viðskipti með aflandsfélög til stjórnar lífeyrissjóðsins. Samkvæmt lögum ber honum að afla leyfis stjórnar.

Í lögunum er einnig tekið fram að eignarhlutur í fyrirtæki teljist þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórn þess.

„Komi upp það tilvik að framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs stofni eða kaupi verulegan eignarhlut í fyrirtæki er honum því skylt að leita fyrirfram samþykkis stjórnar fyrir viðskiptum," segir Unnur Gunnarsdóttir.

Í umfjöllun Kastljóss á mánudag kom fram að tveir framkvæmdastjórar íslenskra lífeyrissjóða tengdust nokkrum aflandsfélögum.

Kári Arnór Kárason, fyrrverandi framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðsins Stapa, og Kristján Örn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Sameinaða lífeyrissjóðsins, voru báðir skráðir eigendur aflandsfélaga og hvorugur þeirra aflaði leyfis stjórnar fyrir þátttöku sinni í viðskiptunum.

Jón Bjarni Gunnarsson, formaður stjórnar Sameinaða lífeyrissjóðsins, sagði í samtali við mbl.is að hann teldi ekki víst að Kristján Örn hafi gerst brotlegur með því að tilkynna stjórninni ekki um félögin. Staða Kristjáns Arnar verður rædd á stjórnarfundi lífeyrissjóðsins í dag. **– þv**



**Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Komi upp það tilvik að framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs stofni eða kaupi verulegan eignarhlut í fyrirtæki er honum því skylt að leita fyrirfram samþykkis stjórnar fyrir viðskiptum**

Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins

DACIA
www.dacia.is

Hugsanlega sennilega

# STÆRSTI, ÓDÝRASTI OG SPARNEYTNASTI FJÖLSKYLDUBÍLL Á ÍSLANDI

## DACIA LOGAN MCV DÍSIL




Verð kr.

**2.790.000** þús.

****Bílalán kr. 279.000 innborgun og kr. 42.804 á mán í 84 mánuði.**

573 lítra farangursými (rúmar 4 golfsett langsum)

Eyðsla í blönduðum akstri 3,8 L/100 km*

*Miðað við uppgefna eldsneytisnotkun framleiðanda í blönduðum akstri.

**Hlaðinn staðalbúnaði m.a.;** Íslenskt leiðsögukerfi, 7" LED skjár, bakkskynjarar, hraðastillir (Cruise control), Bluetooth handfrjáls símabúnaður, útvarp og geislaspilari með USB tengi fyrir MP3 spilara/Ipod, 4 hátalarar, aðgerðahnappar í stýri, sex aðgerða aksturstölva, útihitamælir, ræsivörn, loftkæling AC, leðurstýri, litaðar rúður, svart slitsterkt „Compass" tauáklæði, niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á ökumannssæti, ESC stöðugleikastýring, þokuljós að framan o.m.fl.

Dacia eco2

**Mánaðarlegar afborganir af bílaláni í 84 mánuði samkvæmt fjármögunar reiknivél Lykill.is.
Verð og afborganir geta breyst án fyrirvara. Gengið frá fjármögnun á staðnum. Árleg hlutsfallstala kostnaðar 11,41%.

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Meðalverð á fermetra í Vesturbæ er 2.200 krónur

**EFNAHAGSMÁL** Meðalverð á fermetra í leiguíbúðum var rúmlega 2.200 krónur í vesturhluta Reykjavíkur á fyrsta ársfjórðungi. Annars staðar á höfuðborgarsvæðinu var verðið um 85-90% af þeirri tölu. Á Akureyri var meðalverðið um 70% af dýrasta svæðinu á höfuðborgarsvæðinu. Þetta kemur fram í Hagsjá Landsbankans

Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 2,1% á milli febrúar og mars og hefur hækkað um 6,2% undanfarna 12 mánuði. Síðustu 12 mánuði hefur kaupverð fjölbýlis á höfuðborgarsvæðinu hækkað um 8,7% sem er töluvert meira en nemur hækkun leiguverðs. Kaupverð fjölbýlis hefur þannig hækkað 2,1% meira en leiguverð frá upphafi ársins 2011.

Þar kemur jafnframt fram að á 1. ársfjórðungi var leiguverð að jafnaði hæst í vesturhluta Reykjavíkur og var hæsta leiguverðið fyrir 2ja herbergja íbúðir á því svæði. Leiguverðið var svo svipað á öðrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. – jhh

**6%**

**hækkun hefur orðið á vísitölu leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu undanfarna 12 mánuði**

**» Hæsta leiguverðið er að jafnaði í vesturhluta Reykjavíkur. Leiguverð var svo svipað á öðrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu.**


UP! MEÐ ÖRYGGIÐ

EURO NCAP FOR SAFER CARS
www.euroncap.com

VW Up! frá aðeins:
1.890.000 kr.



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is



Ný frímerki

Safnaðu litlum listaverkum

Á morgun 28. apríl gefur Íslandspóstur út fjórar frímerkjaraðir þar sem þemað er eldgosið í Holuhrauni, árstíðirnar, ferðamannafrímerki og Evrópufrímerki.



Fyrstadagsumslög fást á helstu pósthúsum.
Einnig er hægt að panta þau hjá
Frímerkjasölunni. Sími: 580 1050.
Netfang: stamps@stamps.is
Heimasíða: www.stamps.is
facebook.com/icelandicstamps

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN


## Tsjernóbyl minnst



Kveikt á kerti við minnismerki um slökkviliðsmenn sem létust eftir störf á vettvangi Tsjernóbyl-slyssins. Þrjátíu ár eru liðin frá því sprenging varð í einum ofna kjarnorkuversins í Tsjernóbyl. NORDICPHOTOS/AFP

# Tugþúsunda fjölgun í hvalaskoðun árlega

**Farþegar tólf hvalaskoðunarfyrirtækja í fyrra voru 272 þúsund alls. Fjölgunin á milli ára síðan 2012 er frá 15 til 35 prósenta. Farþegaspá þessa árs er í anda þeirrar fjölgunar ferðamanna sem stefna hingað til lands og slær öll fyrri met.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Farþegar hvalaskoðunarfyrirtækja á Íslandi voru 42 þúsund fleiri í fyrra en árið 2014. Frá og með árinu 2012 hefur fjölgun farþega fyrirtækjanna numið tugum þúsunda hvert einasta ár, eða frá 25 til 44 þúsund manns. Sú fjölgun jafngildir árlega öllum þeim fjölda ferðamanna sem nýttu sér þessa afþreyingu í kringum aldamótin.

Þetta sýna tölur Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF), sem teknar voru saman fyrir Fréttablaðið, og byggja á tölfræði Hvalaskoðunarsamtaka Íslands. Þær sýna að viðskiptavinir hvalaskoðunarfyrirtækjanna árið 2015 voru 272 þúsund, eða tæplega 100 þúsund fleiri en árið 2012. Árleg fjölgun hefur verið 15 til 34 prósent.

Fréttablaðið óskaði jafnframt eftir því að SAF gæfi upp spá sína um fjölgun ferðamanna á skipsfjöl hjá hvalaskoðunarfyrirtækjunum á þessu ári, og samkvæmt henni verða það tæplega 327 þúsund manns sem nýta munu þessa þjónustu, sem jafngildir um það bil íbúafjölda landsins. Því er ljóst að 20 til 25 prósent þeirra ferðamanna sem sækja landið heim hafa farið í hvalaskoðunarferð á undanförnum árum, enda 99 prósent viðskiptavina fyrirtækjanna erlendir gestir.



150.000 manns fóru í hvalaskoðun frá Reykjavík í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**„ Við viljum meina að verið sé að skerða atvinnufrelsi hvalaskoðunarfyrirtækja á Faxaflóa þar sem veiðar á hrefnu eru stundaðar á nánast sama svæði og hvalirnir eru skoðaðir.**



Skapti Örn Ólafsson, upplýsingafulltrúi SAF

Í gögnum SAF kemur jafnframt fram að tólf fyrirtæki muni bjóða hvalaskoðunarferðir á þessu ári. Þeim hefur fjölgað hægt en örugglega á undanförnum árum en þau voru níu árið 2005 en tíu árið 2010, og tólf voru þau í fyrra. Starfsmannafjöldi þessara fyrirtækja var um 100 yfir sumartímann árið 2005 en losaði 250 í fyrra. Tvö þessara fyrirtækja gerðu út frá Reykjavík, fjögur frá Húsavík, þrjú í Eyjafirði og eitt fyrirtæki starfar á Ólafsvík, í Vestmannaeyjum og á Ísafirði.

Samtök ferðaþjónustunnar eiga fund með sjávarútvegsráðherra í næstu viku þar sem samtökin munu leggja áherslu á mikilvægi þess að stækka griðasvæði hvala á Faxaflóa. „Við viljum meina að verið sé að skerða atvinnufrelsi hvalaskoðunarfyrirtækja á Faxaflóa þar sem veiðar á hrefnu eru stundaðar á nánast sama svæði og hvalirnir eru skoðaðir. Að okkar mati er þetta spurning um skipulag og hvetjum við sjávarútvegsráðherra til að stækka griðasvæði á Faxaflóa í samræmi við óskir ferðaþjónustunnar,“ segir Skapti Örn Ólafsson, upplýsingafulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar.

svavar@frettabladid.is


www.volkswagen.is
Þetta er meira en bara bíll.
Þetta er augnablik sem varir að eilífu.
Volkswagen

# Tekjur aukast um 72 milljarða

**EFNAHAGSMÁL** Tekjur ríkissjóðs á árinu 2016 aukast í heild um tæpa 72 milljarða króna frá fjárlögum ársins samkvæmt uppfærðri tekjuáætlun sem gerð var í tengslum við útgáfu ríkisfjármálaáætlunar fyrir árin 2017-2021.

Um helmingur aukningarinnar er vegna stöðugleikaframlaga. Hinn helmingurinn eða 36 milljarðar króna er að mestu til kominn vegna tekna af arði, en hluti aukningarinnar er vegna styrkingar tekjustofna í ljósi batnandi efnahags.

Þetta er fyrsta endurmat á tekjuáætlun ársins 2016. Endurmatið er byggt á nýjum upplýsingum sem hafa komið til síðan fjárlagaáætlunin var gerð undir lok síðasta árs. **– jhh**



Laundromat er nú þegar rekinn á tveimur stöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Laundromat á Laugarásveg

**VIÐSKIPTI** Eigandi kaffihússins Laundromat við Austurstræti hefur fest kaup á húsnæði á Laugarásvegi í Reykjavík. Til stendur að opna nýjan veitingastað þar. Athygli vekur að húsnæðið hýsti áður efnalaugina Kötlu til margra ára en Laundromat-keðjan, sem í eru þrír staðir í Kaupmannahöfn og einn í Reykjavík, er þekkt fyrir að bjóða upp á aðstöðu fyrir viðskiptavini til að þvo af sér föt.

„Það er svo sem skemmtilegt að halda áfram með þannig starfsemi í húsinu, það er svona ákveðin tenging," segir Jóhann Friðrik Haraldsson, eigandi staðarins á Íslandi. „En við erum samt sem áður að koma með nýjar vélar."

Búið er að sækja um framkvæmdaleyfi og vonast Jóhann til þess að hægt verði að opna í júní. **– bá**

**»** Athygli vekur að húsnæðið hýsti áður efnalaugina Kötlu



Til verksins munu Jarðboranir nota stærsta bor landsins, jarðborinn Þór. Holan verður stutt frá Reykjanesvirkjun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gæti gefið tífalt meiri orku

**HS Orka leiðir verkefni þar sem borað verður niður á fimm kílómetra dýpi á Reykjanesi. Verður dýpsta og heitasta vinnsluhola jarðvarma á Íslandi ef allt gengur að óskum. Styrkfé nýtt frá Evrópusambandinu.**

**ORKUMÁL** Þess verður freistað að bora allt að fimm kílómetra djúpa háhitaholu á Reykjanesi síðar á þessu ári. Stefnt er að því að holan verði dýpsta og heitasta vinnsluhola jarðvarma á Íslandi. Slík háhitahola gefur fræðilega tífalda orku á við hefðbundna háhitaholu.

HS Orka og Jarðboranir undirrituðu samning um borun háhitaholunnar í gær. Verkefnið er hluti af Íslenska djúpborunarverkefninu (IDDP) sem fékk nýlega styrk upp á 1,3 milljarða króna frá rannsóknaráætlun Evrópusambandsins (Horizon 2020). HS Orka leiðir verkefnið í samstarfi við norska olíufélagið Statoil, auk annarra fyrirtækja innan IDDP-samstarfsins. Auk HS Orku eru Ísor, Landsvirkjun, Georg-rannsóknaklasi í jarðhita ásamt evrópskum fyrirtækjum þátttakendur í verkefninu.

Tilgangur verkefnisins er að sýna fram á að framleiða megi orku úr djúplægum jarðhitakerfum sem gæti aukið orkuframleiðslu háhitasvæða umtalsvert og þar með dregið úr landrýmisþörf orkuvinnslunnar.

**5**

**kílómetra djúp háhitahola verður grafin á Reykjanesi síðar á árinu**

Vonir þeirra sem að verkefninu standa, ef allt gengur að óskum, eru þær sömu og þegar reynt var við djúpborun á Kröflusvæðinu, staðfestir yfirverkfræðingur hjá HS Orku, Guðmundur Ó. Friðleifsson. Litið er til þess að fræðilega geti djúpborun gefið háhitaholu sem gefur allt að því tífalt meiri orku en hefðbundin háhitahola sem nýtt er til vinnslu jarðhita hér á landi í dag. Slík borhola gefur þetta fimm megavött svo 50 megavött rafafls eru talin möguleg, ef besti árangur næst. Til samanburðar er uppsett afl Kröfluvirkjunar um 60 megavött.

Vinnslutækni verkefnisins ræðst af því hvernig jarðhitavökvi finnst á fjögurra til fimm kílómetra dýpi. Ef efnasamsetningin reynist viðráðanleg og unnt verður að vinna yfirhitaða orkuríka gufu beint upp úr djúpu borholunni er það fyrsti valkostur. Ef efnasamsetning vökvans reynist hins vegar of erfið, verður vatni frá yfirborði dælt ofan í holuna til að efla orkuvinnslu úr grynnri nærliggjandi holum. Við borun holunnar, prófanir, mælingar og vinnslu verður prófuð ný tækni og búnaður í samstarfi við bæði innlenda og erlenda aðila.

HS Orka leggur til verksins holu 15 á Reykjanesi sem er 2,5 kílómetra djúp og er ætlunin að dýpka holuna allt niður að fimm kílómetrum. Samningurinn er hluti af öðrum áfanga íslenska djúpborunarverkefnisins (IDDP-2). **svavar@frettabladid.is**

## Boruðu í kvikuhólf

- Íslenska djúpborunarverkefnið (IDDP) hefur verið starfrækt í um 15 ár.
- Að IDDP standa íslensku orkufyrirtækin HS Orka, Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur, ásamt Orkustofnun og norska olíufélaginu Statoil.
- Á árunum 2008-2009 var fyrsta djúpborunarholan, IDDP-1, boruð við Kröflu og lenti hún í 900°C heitri kviku á 2,1 kílómetra dýpi. Þar tókst að sýna fram á að vinna mætti mikla orku úr yfirhitaðri gufu úr berginu rétt ofan við bráðna bergkviku, og áformar Landsvirkjun að halda áfram tilraunum með slíka orkuvinnslu þar á næstu árum.


## Ársfundur EFÍA 2016

Ársfundur Eftirlaunasjóðs FÍA verður haldinn miðvikudaginn 11. maí 2016 kl. 14 í Hlíðasmára 8, Kópavogi.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með umræðu- og tillögurétti. Hægt er að nálgast ársfundargögn á heimasíðu sjóðsins www.efia.is

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur kynntur
3. Tryggingafræðileg úttekt
4. Fjárfestingarstefna
5. Skipun stjórnar og laun stjórnarmanna
6. Val endurskoðanda
7. Önnur mál

FÍA Eftirlaunasjóður



# ALLIR ÚT AÐ HJÓLA





24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

Netgíró

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**Matráður**

Læknasetrið óskað eftir að ráða matráð í afleysingar í u.þ.b. 3 – 3 ½ mánuði. Þarf að geta byrjað strax. Umsóknir óskast sendar á solrun@setrid.is. Upplýsingar í síma 535 7777.

**Læknasetrið**
Þönglabakka 1 og 6
109 Reykjavík

**Aðalfundur**
**Fella- og Hólabrekkusókna**



**verður haldinn í safnaðarsal Fella- og Hólakirkju þriðjudaginn 10. maí nk og hefst hann kl 19.30.**

Venjuleg aðalfundarstöf.

Á fundinum liggur fyrir tillaga til ákvörðunar um sameiningu Fella- og Hólabrekkusókna.
Tillöguna má kynna sér á heimasíðu kirkjunnar www.fellaogholakirkja.is

Íbúar í Efra Breiðholti, þ.e. Fella- og Hólahverfum eru hvattir til að mæta á fundinn

**Sóknarnefndir Fella- og Hólabrekkusókna**

**ÚTBOÐ**

**Snjóflóðavarnir á Ísafirði - Uppsetning stoðvirkja í Kubba** Útboð 20316

Framkvæmdasýsla ríkisins, f.h. Ísafjarðarbæjar og Ofanflóðasjóðs, óskar eftir tilboðum í framkvæmdir við uppsetningu stoðvirkja úr stáli (snow bridges), einnig kallaðar stálgrindur eða grindur, til snjóflóðavarna á upptakasvæðum snjóflóða í Bröttuhlíð í Kubba ofan Holtahverfis á Ísafirði. Verkaupi leggur til efni til verksins, til uppbyggingar á stálgrindum, skv. samningi við efnissala. Áformað er að koma fyrir um 1.890 m af stálgrindum en hæð þeirra mælt þvert á halla fjallshlíðar (Dk) er 3,0 m, 3,5 m og 4,0 m.

**Helstu magntölur:**

| | |
|---|---|
| Stoðvirki (Dk 3,0 m) | 1.396 m |
| Stoðvirki (Dk 3,5 m) | 434 m |
| Stoðvirki (Dk 4,0 m) | 58 m |
| Fótplötur | 657 stk. |

Vettvangsskoðun verður haldin 3. maí 2016 kl. 13:00 að viðstöddum fulltrúa verkkaupa.

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en í september 2018.

Nánari upplýsingar er að finna í útboðsgögnum á vef hjá Ríkiskaupum á vefslóðinni http://rikiskaup.is/utbod/utb/20316 Tilboðin verða opnuð hjá Ríkiskaupum 24. maí 2016, kl. 14:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

SAFT



Aðstandendur hinna látnu fagna innilega niðurstöðum rannsóknarinnar, sem lengi hefur verið beðið eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Ábyrgðin var ekki hjá fótboltaaðdáendunum

**Harmleikurinn á Hillsborough-leikvanginum í Sheffield árið 1989, þegar 96 manns tróðust undir og hundruð urðu fyrir meiðslum, var ekki brjáluðum fótboltabullum að kenna. Niðurstöður rannsóknar á slysinu voru birtar í gær.**

**BRETLAND** Heilum 27 árum eftir að nærri hundrað manns létu lífið í troðningi á fótboltavelli hefur ítarleg rannsókn leitt í ljós að lögreglan beri meginábyrgðina.

Aðstandendur hinna látnu fögnuðu niðurstöðunni. David Cameron forsætisráðherra segir að þarna hafi fengist opinber staðfesting á því að fótboltaaðdáendurnir, sem voru á vellinum í Sheffield þann 15. apríl árið 1989, hafi verið alsaklausir.

David Cuckenfield var yfirmaður í lögreglunni þegar harmleikurinn á Hillsborough-vellinum varð. Alls létu 96 manns lífið og 766 meiddust.

Cuckenfeld er í úrskurði rannsóknarkviðdóms sagður hafa brugðist skyldu sinni og sýnt af sér vítaverða vanrækslu. Þar með hafi hann gerst sekur um manndráp.

Lögreglan hafi gert margvísleg mistök sem hafi gert ástandið á vellinum hættulegra en ella hefði orðið. Meðal annars hafi lögreglunni ekki tekist að hafa stjórn á mannfjöldanum sem streymdi inn á völlinn. Þá hafi viðbrögð lögreglu og sjúkraliðs verið alltof hæg, ekki síst vegna þess að of seint hafi verið lýst yfir neyðarástandi.

Þá hafi verið gerð alvarleg mistök með því að fresta ekki upphafi leiksins þegar í ljós kom að alvarlegur troðningur var að myndast.

Gagnrýnt er að lögreglan hafi ekki dregið neinn lærdóm af fyrri atburðum, en hættuástand hafi nokkrum sinnum áður myndast á þessum sama leikvangi. Athygli lögreglu og fjölmiðla beindist eingöngu að áhorfendum og sökin sögð liggja hjá fótboltabullum, sem hafi hagað sér með vítaverðum hætti.

„Fólk var á móti okkur. Við höfðum fjölmiðlana á móti okkur og stjórnvöld líka,“ er haft eftir Margaret Aspinall á fréttavef breska ríkisútvarpsins, BBC. „Allt var á móti okkur.“

Aspinall missti átján ára son sinn í troðningnum við Hillsborough-völlinn. Aðstandendur hinna látnu hafa lengi barist fyrir því að atburðurinn yrði rannsakaður ofan í kjölinn.

Á endanum var ákveðið að leggja fjórtán spurningar fyrir níu manna kviðdóm, sem skýrði frá niðurstöðum sínum í gær. Við öllum spurningunum nema einni komst kviðdómurinn að einróma niðurstöðu.

gudsteinn@frettabladid.is

## Stórslys á leikvöngum

**1982:** Meira en 300 manns létu lífið í troðningi í þröngum stigagangi á leikvangi í Moskvu.
**1985:** 56 létu lífið í eldsvoða á leikvanginum í Bradford á Englandi.
**1985:** 39 létu lífið þegar veggur hrundi á Heysel-leikvanginum í Brussel.
**1988:** 92 létu lífið í troðningi eftir að fólk flúði haglél á leikvangi í Katmandú í Nepal.
**1989:** 96 létu lífið á Hillsborough-leikvanginum í Sheffield.
**1991:** 40 manns létu lífið í troðningi í kjölfar óeirða á kappleik í Orkney í Suður-Afríku.
**1996:** Um 80 manns létu lífið í troðningi áður en landsleikur hófst í Gvatemala-borg.
**2001:** Yfir 40 manns létu lífið í troðningi á Ellis Park-leikvanginum í Jóhannesarborg í Suður-Afríku.
**2001:** 126 manns létust í troðningi á Accra-leikvanginum í Gana.
**2012:** Að minnsta kosti 74 létu lífið í óeirðum sem brutust út á leikvangi í Port Said í Egyptalandi.

# Breivik-dómnum verður áfrýjað

**NOREGUR** Norska ríkið hefur ákveðið að áfrýja úrskurði héraðsdómstóls í máli Anders Behring Breiviks.

Ríkið fellst ekki á að þær aðstæður, sem Breivik hefur búið við í fangelsinu, geti fallið undir ómannúðlega eða vanvirðandi meðferð eins og það er skilgreint í Mannréttindasáttmála Evrópu.

Í síðustu viku komst dómstóll í Ósló að þeirri niðurstöðu að ríkið hafi brotið gegn mannréttindum Breiviks. Dómstóllinn sagðist ekki sjá að í fangelsinu stafi það mikil hætta af Breivik að það réttlæti þá einangrun og líkamsleit sem hann hefur þolað. – gb



Anders Behring Breivik myrti 77 manns í Útey og Ósló árið 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




**159.995,-**

**James hornsófasett**
Í settinu eru 195 x 250 x 75 cm hornsófi úr áli og náttúrulituðu hálfhringlaga rattan og 146 x 85 x 66 cm borð úr áli með rattan og borðplötu úr viðarlíki. Með ljósum sessum.

**199.995,-**

**Benedichte hornsófasett**
Í settinu eru 90 x 67 x 84 cm stakur stóll, 3 hornsófaeiningar sem eru 84 x 67 x 84 cm, 2 miðjusófaeiningar sem eru 77 x 67 x 84 cm og 68 x 32 x 68 cm borð með glerplötu. Úr náttúrulituðu, hálfhringlaga rattan með ljósum sessum.



**595,-**

**Ítalskar kryddjurtir**
Margar tegundir, t.d. oreganó, timían, salvía og rósmarín.



**795,-**

**Spænsk Marrgaríta "Sólboði"**
Osteospermum. Í 11 cm potti. Margir litir.




**2.295,-** 2 STK.

**Gróðurmold, 50 l**
Veljið um lyngrósamold, rósamold eða gróðurmold
Stykkjaverð 1.395.-




**1.995,-**

**Blómamold, 50 l**
Fyrir ný- og umplöntun í potta og ker. Með viðbættum áburði og leir. Heldur lengi raka.




**1.495,-**

**Gróðursetningarpoki, 50 l**
Sér plöntunum fyrir bestu vaxtarskilyrðum allt vaxtartímabilið.




**995,-**

**Dan-Muld gróðursetningarpoki, 40 l**
Tryggir m.a. loftskipti við rætur plantnanna og sér plöntunum fyrir bestu vaxtarskilyrðum allt vaxtartímabilið.

Tilboðið gildir frá miðvikudeginum 27. apríl til og með sunnudeginum 1. maí. Gildir á meðan birgðir endast.

# BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# Gróðasvindl



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Milli níu og tíu prósent vinnuafls á Íslandi eru erlendir ríkisborgarar. Vegna vaxtar í ferðaþjónustu hefur hlutfallið hækkað hratt og nú styttist í að það verði hærra en var fyrir hrun. Sú breyting hefur orðið að nú er ekki aðeins eftirspurn eftir karlmönnum í störf í byggingariðnaði, heldur koma nú bæði karlar og konur, flest til að vinna hér í ferðaþjónustunni. Þó hefur eftirspurn í byggingariðnaði einnig aukist undanfarið.

Fréttablaðið greindi frá því fyrir helgi að hvalaskoðunarfyrirtækið Elding hefði auglýst eftir tveimur sérfræðingum í ólaunuð störf við rannsóknir á hegðun hvala. Í auglýsingunni kom fram að ætlast væri til að auk vísindastarfa ætti starfsfólkið að vera tilbúið að þrífa salerni og jafnvel ælu, vinna á bar og færa til þunga hluti. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins, sem harmaði birtingu auglýsingarinnar, sagði að þessi verk væru unnin til að „létta á móralnum“ en oft væri þungur mórall meðal áhafnar hvalaskoðunarskipanna vegna veru sérfræðinganna um borð.

Það kom ekki mikið á óvart að BHM gerði alvarlegar athugasemdir við auglýsinguna. Hún fæli í sér skýrt brot á kjarasamningum og lögum, greiða verði laun samkvæmt kjarasamningum. Lögmaður BHM sagði skýringar framkvæmdastjórans ekki duga til, störf verði að vera launuð.

Á málþingi í síðustu viku var rætt um stöðu erlends vinnuafls hér á landi. Halldór Grönvold, aðstoðarforstjóri Vinnumálastofnunar, ræddi þar hagnýtingu ferðaþjónustufyrirtækja á sjálfboðaliðum. „Nýjasta uppfinningin í þessari brotastarfsemi er erlent ungt fólk sem er fengið hingað til sjálfboðaliðastarfs í starfsþjálfun en er bara notað til undirboða á vinnumarkaði,“ sagði Halldór. Hann nefndi framleiðslu á vöru og þjónustu á markaði þar sem kjarasamningar gildi en sjálfboðaliðunum sé aðeins boðið fæði og húsnæði sem endurgjald.

Brot þessi beinast að þeim sem veikastir eru fyrir, þeim sem ekki þekkja réttindi sín, íslenskan vinnumarkað og leikreglur. Þeim sem auk þess hafa fá tækifæri til að leita sér aðstoðar og gisið tengslanet á Íslandi.

Ljóst er að huga þarf vel að réttindum þeirra einstaklinga sem hingað sækja störf og koma í veg fyrir brotastarfsemi hjá fyrirtækjum. Atvinnuleysi hér á landi er lítið og uppsveifla er í samfélaginu. Það er fagnaðarefni en gamanið kárnar ef þessari bættu stöðu er mætt með lögbrotum og misnotkun. Erlent launafólk og ungmenni sem hingað vilja koma og taka þátt í atvinnulífinu eru okkur nauðsynleg. Við þurfum að taka vel á móti þeim sem hingað vilja koma og taka þátt í uppbyggingu á íslensku atvinnulífi.

**Starfsemi sem ekki hefur efni á því að greiða lágmarkslaun er starfsemi sem gengur ekki upp.**

Upplýsa þarf erlent launafólk um réttindi þess og skyldur og kenna því á íslenskan vinnumarkað. Virkt og öflugt eftirlit er lykillinn. Starfsemi sem ekki hefur efni á því að greiða lágmarkslaun er starfsemi sem gengur ekki upp. Lendi atvinnurekendur í slíkri stöðu er lausnin að pakka saman og gefast upp – ekki leita leiða til að skera niður launakostnað með kjarasamningsbrotum. Það þarf að herða viðurlög við brotum af þessu tagi. Þeim sem stunda slíkt á að vera ljóst að það líðst engan veginn.




## Halldór




## Frá degi til dags

**Smjörklípan**

**Vilhjálmur Þorsteinsson, hluthafi í Kjarnanum og fjárfestir, átti félag á Tortóla samkvæmt Panama-skjölunum. Fréttamiðillinn Eyjan hafði raunar sagt frá þessu í lok mars á þessu ári en ásökununum hafnaði Vilhjálmur alfarið og sagði fréttirnar smjörklípu og uppspuna frá rótum. Margnefnd brauðmolakenning gengur út á að mylsna af borðum þeirra ríku hrökkvi niður til hinna fátæku og tryggi þar með samfélag þar sem allir hafa í sig og á. Það er kannski ekkert skrítið að almenningur sé pirraður, hafandi borðað þurrt brauð á meðan smjörið var á Tortóla.**

**Adolf Seljan**

**„Nú skiptir bara máli að ala á ólgu og tortryggni alveg eins Hitler og smámennin í kringum hann gerðu,“ sagði Sigurður G. Guðjónsson lögmaður í pistli á Pressunni í gær og á þá við vinnubrögð Kastljóss í Panama-málinu. Mike Godwin bjó til hugtakið Reductio ad Hitlerum og er fólk almennt sammála um að það að beita samlíkingu einhvers við Hitler sé sjálfkrafa gengisfelling á rökfærslu viðkomandi. Sigurður er svo sem ekki ókunnugur gengisfellingu enda var hann stjórnarmaður í Glitni fram að hruni. Þar urðu nú einhver aflandsfélögin til.**

snaeros@frettabladid.is

# Stóra spurningin



Árni Páll Árnason
formaður Samfylkingarinnar

Í umræðu undanfarinna vikna um skattaskjól höfum við ótal sinnum heyrt þær afsakanir að stofnun aflandsfélags hafi nú enga þýðingu haft, því það hafi aldrei verið notað. Þetta heyrist jafnt frá ráðherrum og forstjórum lífeyrissjóða.

Þessi röksemd kallar á stóra spurningu: Af hverju var þá verið að búa félagið til? Ríkisskattstjóri staðhæfir að tilgangur með eign í skattaskjóli geti bara verið tvenns konar: Að forðast skattlagningu eða fela eignarhald. Þennan skilning hefur yfirskattanefnd staðfest og hann er í samræmi við viðhorf alþjóðastofnana sem best til þekkja.

Ef stjórnmálamenn eða forsvarsmenn lífeyrissjóða almennings stofna félög af þessum toga blasir því við að ásetningur liggi að baki um annað tveggja: Að forðast skattskil eða fela eignarhald fyrir almenningi, fjölmiðlum eða þeim regluvörðum og eftirlitsaðilum sem ætlað er að afstýra innherjaviðskiptum. Við getum ekki búið við slíkt.

Við völd eru hér enn ráðherrar sem átt hafa aflandsfélög og forsvarsmenn stjórnarflokkanna fyrr og nú hafa verið á kafi í viðskiptum í skattaskjólum. Það er ófært. Fordæmi forsvarsmanna lífeyrissjóða sem hafa vikið úr starfi ætti að verða þrásetumönnum stjórnarflokkanna til umhugsunar. Ísland þarf að hrista af sér þennan orðsporshnekki. Hluti af því er að taka þátt í baráttu gegn skattaskjólum og í því skyni taka þátt í alþjóðlegu átaki eins og því sem Sergei Stanishev, formaður PES, flokks evrópskra jafnaðarmanna, kynnti hér á landi um helgina.

**Við þurfum líka að banna Íslendingum að halda fé í skattaskjólum og slitabú hinna föllnu banka eiga að opna allar upplýsingar um viðskipti þeirra á aflandssvæðum fyrir hrun.**

Við í Samfylkingunni munum leggja til að Ísland gangist fyrir viðskiptabanni á skattaskjólsríki á alþjóðavettvangi. Við þurfum líka að banna Íslendingum að halda fé í skattaskjólum og slitabú hinna föllnu banka eiga að opna allar upplýsingar um viðskipti þeirra á aflandssvæðum fyrir hrun.

Hugsið ykkur: Allt sem við vitum kemur frá einni lögmannsstofu í Panama. Það eru miklu fleiri lögmannsstofur í Panama og miklu fleiri lönd sem sérhæfa sig í skattaskjólum en Panama. Það þarf allt upp á borðið.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Brýnt að styrkja flutningskerfi raforku á Reykjanesi



**Sverrir Jan Norðfjörð**
framkvæmdastjóri þróunar- og tæknisviðs Landsnets

Aðgangur að tryggu rafmagni er forsenda lífsgæða eins og kom berlega í ljós á Reykjanesi fyrir rúmu ári þegar járnplata fauk á Suðurnesjalínu 1 og olli nokkurra klukkutíma straumleysi á svæðinu. Auk hefðbundinna afleiðinga straumleysisins fyrir heimili og fyrirtæki, svo sem fjárhagstjóns og óþæginda, urðu einnig verulegar truflanir á fjarskiptum, röskun á tækjabúnaði Keflavíkurflugvallar ásamt ýmsum öðrum atvikum sem tengjast öryggi almennings.

Þessi atburður þann 6. febrúar 2015 sýndi í hnotskurn hve viðkvæmt flutningskerfi raforku á Reykjanesi er, eins og Landsnet hefur bent á í rúman áratug, en nú hillir loksins undir úrbætur með byggingu Suðurnesjalínu 2.

**Þörf fyrir bætta tengingu**

Ánægjulegt var að sjá Örn Þorvaldsson, rafiðnaðarmann og fyrrverandi starfsmann Landsvirkjunar og Landsnets, taka undir þau meginrök Landsnets í grein í Fréttablaðinu 21. apríl 2016 að þörf væri fyrir lagningu annarrar flutningslínu út á Reykjanes til að auka afhendingaröryggi kerfisins þar. Eina tenging Reykjaness í dag við meginflutningskerfi Landsnets er um Suðurnesjalínu 1, þannig að öryggi flutningskerfisins á svæðinu er algerlega ófullnægjandi, eins og dæmin sanna.

> **Eina tenging Reykjaness í dag við meginflutningskerfi Landsnets er um Suðurnesjalínu 1, þannig að öryggi flutningskerfisins á svæðinu er algerlega ófullnægjandi, eins og dæmin sanna.**

Ekki er deilt um að þörf er á annarri flutningslínu til að tryggja afhendingaröryggi raforku á Reykjanesi. Jafnframt er flutningsgeta Suðurnesjalínu 1, sem rekin er á 132 kV spennu, nú fullnýtt á stundum eins og fleiri háspennulínur í flutningskerfi Landsnets.

Orkutap í raforkuflutningskerfinu er í dag um 350-400 GWst á ári, eða sem samsvarar raforkuframleiðslu virkjunarinnar í Svartsengi. Ein besta leiðin til að auka nýtni orkuframleiðslunnar og draga úr orkutapi í flutningskerfinu er að hækka spennu á línum sem eru mikið lestaðar. Á Reykjanesi blasir jafnframt við að erfitt væri að nýta þá jarðhitakosti sem settir eru fram í nýtingarflokki Rammaáætlunar á Suðurnesjum án þeirrar viðbótarflutningsgetu sem bygging Suðurnesjalínu 2 skapar, en hún verður byggð svo hana megi reka á 220 kV spennu.

Bæði núverandi virkjanir á Reykjanesi og virkjanakostir þar í nýtingarflokki rammaáætlunar byggjast á jarðvarma. Slíkar virkjanir henta illa þegar bregðast þarf við sveiflum í raforkukerfinu og halda uppi jafnvægi milli framleiðslu og eftirspurnar á orkumarkaði og það hefur valdið vandkvæðum og straumleysi á svæðinu þegar Suðurnesjalína 1 hefur farið úr rekstri vegna viðhalds eða truflana, eins og sýndi sig í áðurnefndri truflun 6. febrúar 2015 . Af þessum sökum er afar mikilvægt að Reykjanes búi yfir sterkum tengingum við meginflutningskerfið, einkum og sér í lagi þegar bætast við fleiri jarðvarmavirkjanir innan svæðisins.

**Sveigjanleiki mikilvægur**

Sveigjanleiki í flutningskerfinu er ekki eingöngu vegna virkjana heldur einnig til að styðja við vöxt í raforkunotkun hjá heimilum, iðnaði og annarri margvíslegri atvinnustarfsemi á Suðurnesjum.

Með byggingu 220 kV Suðurnesjalínu 2 verður byggt upp sterkt hryggjarstykki í flutningskerfinu á Suðurnesjum. 220 kV flutningslínur eru að öllu jöfnu betur í stakk búnar til að standast ytri áraun en 132 kV línur. Enn fremur mun tenging Suðurnesja á 220 kV hafa í för með sér að raffræðilegur styrkur flutningskerfisins á Suðurnesjum mun aukast meira en verið hefði með 132 kV tengingu. Þessi aukni styrkur veldur því að hætta á spennusveiflum og annarri röskun spennugæða vegna truflana í kerfinu minnkar.

Núverandi virkjanir á svæðinu, ásamt virkjanakostum í nýtingarflokki rammaáætlunar, telja rúmlega 400 MW uppsetts afls. Það er meira en tvöfalt það afl sem dæmigerð 132 kV lína getur flutt en við hönnun kerfisins verður að gera ráð fyrir að hægt sé að flytja megnið af þeirri framleiðslu út af svæðinu um eina flutningslínu, svo skilyrðum um afhendingaröryggi sé fullnægt.

Á Reykjanesi hefur átt sér stað mikil þróun á orkuvinnslu og orkunotkun undanfarin ár. Áætlanir gera ráð fyrir að sú þróun muni halda áfram á komandi árum og því er það mat Landsnets að ekki sé ásættanlegt að tengja svæðið einungis á 132 kV spennustigi.



MYND/VERKFRÆÐISTOFAN EFLA





**Straumlínustjórnun hefur verið í mikilli sókn undanfarin ár á Íslandi og heilbrigðisstofnanir með Landspítalann í forystu hafa verið að tileinka sér þessa hugsun.**

- Lykilfyrirlesari að þessu sinni er **Michael Ballé** sem er að öðrum ólöstuðum einn fremsti lean hugsuður á okkar tímum og hefur skrifað fjölda bóka og greina um lean og er sensei margra forstjóra sem eru að innleiða lean.
- **John Seddon** kemur í heimsókn og skýrir upplifun sína af breska heilbrigðiskerfinu, en John er þekktur fyrir skrif sín um kerfishugsun (system thinking) og hefur unnið með opinberum þjónustufyrirtækjum í áratugi. **Jyrki Perttunen** frá HUS sem er stærsta heilbrigðisstofnun Finnlands mun segja okkur frá lean vegferð þeirra sem hófst fyrir tæpum tveimur árum.
- Landspítalinn hefur unnið mjög áhugaverða vinnu varðandi skipulag á nýjum spítala þar sem flæði sjúklinga og þarfir þeirra eru í forgrunni og **Guðrún Björg Sigurbjörnsdóttir** og **Vigdís Hallgrímsdóttir** mun segja okkur frá þeirra vinnu. Heilsugæslan hefur hafið vegferð sína og **Eva Kristjánsdóttir** mun deila sögu þeirra með okkur. **Birgir Jakobsson** landlæknir mun flytja upphafsræðu ráðstefnunnar.

**Michael Ballé** mun halda vinnustofuna **Lead with Lean** þriðjudaginn 3. maí í tilefni af komu sinni þar sem hann mun fara yfir helstu þætti þess að hugsa lean á réttan hátt og hvernig við innleiðum þá hugsun.

**Dagskrá ráðstefnunnar og skráning er á www.manino.is**

**Allar nánari upplýsingar er hægt að fá á lean@manino.is**

**Ráðstefnugjald í forsölu er 25.000 kr. til og með 15. apríl og eftir það 35.000 kr.**

Manino






BREIÐABLIK

## Breiðablik – 4. sæti

**SPÁ ÍÞRÓTTADEILDAR 365**

| | | |
|---|---|---|
| 1. sæti ? | 5. Valur | 9. ÍBV |
| 2. sæti ? | 6. Víkingur | 10. ÍA |
| 3. sæti ? | 7. Fylkir | 11. Víkingur Ólafsvík |
| 4. Breiðablik | 8. Fjölnir | 12. Þróttur |

**GENGI BREIÐABLIKS UNDANFARIN SEX SUMUR**

| 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 |
|---|---|---|---|---|---|
| 1↑ | 6↓ | 2↑ | 4↓ | 7↓ | 2↑ |
| A-deild | A-deild | A-deild | A-deild | A-deild | A-deild |

**STÆRSTA NAFNIÐ SEM KOM**
Daniel Bamberg
Svii sem mikið er talað um en hefur ekki enn spilað mótsleik.

**STÆRSTA NAFNIÐ SEM FÓR**
Kristinn Jónsson
Kristinn var stoðsendingahæsti leikmaðurinn í fyrra.

**ÞJÁLFARI** Arnar Grétarsson
Arnar stóð sig frábærlega á sínu fyrsta tímabili og náði silfrinu með uppeldisfélaginu. Nú þarf hann að fylgja því eftir.

**Í BESTA/VERSTA FALLI**

| 12 | 11 | 10 | 9 | 8 | 7 | 6 | 5 | 4 | 3 | 2 | 1 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|

Ef allt gengur upp hjá Blikum og varnarleikurinn helst jafngóður getur liðið aftur barist um titilinn en annars misst af Evrópu.

➜ **Höskuldur Gunnlaugsson varð ein af stjörnum deildarinnar í fyrra. Hann var nálægt því að fara í atvinnumennsku í vetur en verður nú að stilla sig inn á annað tímabil með Breiðabliki.**

**Nánar á Vísi**

# „Eitt stórveldi á Íslandi í dag“

**Berglind Gunnarsdóttir þurfti að taka ákvörðun fyrir nokkrum árum um hvort hún ætlaði að halda áfram að spila körfubolta vegna þrálátra axlarmeiðsla. Hún gafst ekki upp og varð Íslandsmeistari með Snæfelli.**

**KÖRFUBOLTI** „Það er alveg geggjað að taka þetta þrjú ár í röð. Tilfinningin er ólýsanleg,“ sagði brosmild og kampakát Berglind Gunnarsdóttir, leikmaður Snæfells, eftir að stúlkurnar úr Stykkishólmi tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn þriðja árið í röð með sigri á Haukum í oddaleik á útivelli, 67-59, í gærkvöldi.

Snæfell, sem varð einnig bikarmeistari fyrr á tímabilinu í fyrsta sinn, hefur verið besta lið landsins undanfarin ár og heldur þeim titli með glans. Haukarnir höfðu Helenu Sverrisdóttur en Snæfell Haiden Palmer, liðsheild og óþreytandi sigurvilja sem skín úr andliti hvers leikmanns.

Sigurinn í gær var liðssigur eins og þeir eru svo oft hjá Snæfelli. Varnarleikurinn frábær, samheldnin í liðinu eins og hún verður best og svo er erfitt að tapa fyrir framan alla Hólmara sem voru mættir á Ásvelli í gærkvöldi.

„Ég veit ekki hver er að passa bæinn. Löggan eða eitthvað nema hún hafi komið líka. Það er enginn heima,“ sagði Berglind og hló aðspurð hver hefði fengið það hlutverk að passa upp Hólminn á meðan íbúarnir óku suður og fögnuðu með stúlkunum sínum. Úrslitarimman var alveg mögnuð en Snæfell tapaði tvisvar sinnum afar naumt á Ásvöllum áður en liðinu tókst loksins að vinna á Ásvöllum. Þetta var fyrsti sigur liðsins á heimavelli Haukanna í vetur. „Við völdum rétta leikinn til að vinna!“ sagði Berglind glöð í bragði og hélt áfram:

„Þetta er búinn að vera körfubolti fyrir allan peninginn og áhorfendur hafa fengið ótrúlegt úrslitaeinvígi. Þetta er ástæðan fyrir því að maður er í þessu. Að klára þetta í oddaleik á Ásvöllum er ólýsanlegt. Við erum að vinna þetta þriðja árið í röð en þetta er alltaf jafngaman,“ sagði Berglind.

Landsliðskonan, sem blaðamaður þurfti að rífa úr óteljandi faðmlögum og kossaflensi við áhorfendur til að ná tali af henni, þurfti að taka ákvörðun um hvort hún yfirleitt gæti haldið áfram að spila körfubolta fyrir nokkrum árum vegna þrálátra axlarmeiðsla. Hún spilar oft þjáð og öxlin er vafin.

„Það eru þessir leikir og þessi tilfinning sem heldur manni gangandi. Þetta er ástæðan fyrir því að maður heldur alltaf áfram. Þetta er ástæðan fyrir því að maður er lætur sig hafa það að vera teipaður á hverri einustu helvítis æfingu því maður er alltaf að fara úr axlarlið,“ sagði Berglind sem var eðlilega í sigurvímu er hún horfði yfir stuðningsmennina í stúkunni. „Að spila fyrir þennan klúbb, vá, fyrir þetta fólk og þennan klúbb er ólýsanlegt.“

Berglind sagði að nú væri stefnan sett á að vinna titilinn fjórða árið í röð: „Við tókum bikarinn líka í ár sem var nýtt. Nú höldum við bara ótrauðar áfram,“ sagði hún, en spurð hvort það sé bara eitt stórveldi á Íslandi í dag var hún fljót að svara: „Það er bara eitt stórveldi á Íslandi í dag.“ **tomas@365.is**



**Systurnar sigursælu, Gunnhildur og Berglind Gunnarsdætur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Domino´s deild kvenna, úrslit**

**Haukar - Snæfell 59-67**

**Haukar:** Helena Sverrisdóttir 26/17 fráköst, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 10/7 fráköst/3 varin skot, Sylvía Rún Hálfdanardóttir 8/5 fráköst/3 varin skot, Pálína María Gunnlaugsdóttir 5/8 fráköst, Auður Íris Ólafsdóttir 5, Sólrún Inga Gísladóttir 3, Dýrfinna Arnardóttir 2, María Lind Sigurðardóttir 0/4 fráköst
**Snæfelli:** Haiden Denise Palmer 21/12 fráköst, Gunnhildur Gunnarsdóttir 14/9 fráköst, Bryndís Guðmundsdóttir 12, Berglind Gunnarsdóttir 11/4 fráköst, Alda Leif Jónsdóttir 3/3 varin skot, Andrea Björt Ólafsdóttir 2, María Björnsdóttir 2, Hugrún Eva Valdimarsdóttir 2, Sara Diljá Sigurðardóttir 0/5 fráköst.

Snæfell vann einvígið 3-2 og er Íslandsmeistari þriðja árið í röð.

**Til hamingju Snæfellsstelpur og Ingi Þór er maðurinn. Gullstyttan af honum er in the making. #dominos365**

Hermann Hauksson
**@HemmiHauks**

**1. deild karla í körfubolta**

**Fjölnir - Skallagrímur 75-91**

**Stigahæstir:** Collin Anthony Pryor 23/12 fráköst, Garðar Sveinbjörnsson 14/5 fráköst/5 stoðsendingar, Róbert Sigurðsson 13/5 fráköst/9 stoðsendingar - Kristófer Gíslason 24/6 fráköst, Jean Rony Cadet 22/22 fráköst/6 stoðsendingar/5 varin skot, Sigtryggur Arnar Björnsson 14/4 fráköst.

Skallagrímur tryggði sér sæti í Domino´s deild karla í gærkvöldi og fer upp ásamt Þór Akureyri en FSU og Höttur féllu í 1. deildina í vor.

**Meistaradeildin, undanúrslit**

**Man. City - Real Madrid 0-0**

Cristiano Ronaldo lék ekki með Real Madrid á Etihad vegna meiðsla. Leikurinn var afar bragðdaufur en leikmenn Real fengu hættulegri færi og Joe Hart þurfti tvisvar að taka á honum stóra sínum í marki City. Seinni leikurinn fer fram á Santiago Bernabeu eftir viku.

SLÆMAR FRÉTTIR AF SÖRU
Íslenska landsliðskonan Sara Björk Gunnarsdóttir meiddist aftan í læri á æfingu með sænska liðinu Rosengård og séu þessi meiðsli eins slæmt og óttast er þá gæti þetta haft áhrif á þátttöku hennar í mikilvægum leik á móti Skotum eftir rúman mánuð. Meiðslalisti Rosengård-liðsins er orðinn mjög langur og þjálfarinn segist þurfa að fara að endurskoða æfingaplan liðsins. Sara er einn mikilvægasti leikmaður íslenska liðsins og ómissandi á miðjunni.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.30 | Atletico - Bayern | Sport |
| 20.45 | Meistaradeildarmörk | Sport |
| 19.30 | Grótta - Fram | Seltjarnarnes |
| 19.30 | Haukar - Stjarnan | Ásvellir |




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 27. apríl 2016

17. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



## Var búinn að fá nóg

Ramón Calderón lét af starfi sem forseti Real Madrid á miðju kjörtímabili árið 2009. Hann segir álagið hafia verið orðið of mikið. Hann er mikill aðdáandi Íslands og segir Sepp Blatter hafa viljað gera fótboltanum gott. »4



»2

**Karolina til útlanda**
Karolina Fund færir út kvíarnar og ætlar að fjármagna starfsemi sína með hóphlutafjármögnun.



»6

**Hagvaxtarleikar**
Lars Christensen alþjóðahagfræðingur spáir í spilin fyrir Evrópumótið í knattspyrnu sem fer fram í sumar.

»8

**Panama-skjölin**
Stjórnarmaðurinn skrifar um Vilhjálm Þorsteinsson og Panama-skjölin.



## Á döfinni

**Miðvikudagur 27. apríl**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Vinnumarkaður í mars 2016
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** Hverjir eiga viðskipti með íbúðarhúsnæði?
**ÖSSUR** Uppgjör fyrsta ársfjórðungs
**FJARSKIPTI** Uppgjör fyrsta ársfjórðungs
**NÝHERJI** Uppgjör fyrsta ársfjórðungs

**Fimmtudagur 28. apríl**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Gistinætur og gestakomur á hótelum í mars 2016
Vísitala neysluverðs í apríl 2016
**ICELANDAIR GROUP** Uppgjör fyrsta ársfjórðungs
**ÁRBORG** Ársreikningur 2015
**REYKJAVÍKURBORG** Ársreikningur 2015
**SÍMINN** Uppgjör fyrsta ársfjórðungs
**SJÓVÁ** Uppgjör fyrsta ársfjórðungs
**N1** Uppgjör fyrsta ársfjórðungs

**Föstudagur 29. apríl**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** Verðmæti sjávarafla, janúar 2015 til janúar 2016.
Vísitala framleiðsluverðs í mars 2016
Nýskráningar og gjaldþrot hlutafélaga og einkahlutafélaga í mars 2016
Vísitala framleiðsluverðs í mars 2016
Vöruviðskipti við útlönd, janúar–mars

## Vikan sem leið

**1,3**
**milljarða**
þarf VÍS að greiða Lífeyrissjóði verkfræðinga, Lífsverki, í skaðabætur vegna kröfu lífeyrissjóðsins í ábyrgðartryggingu stjórnar og stjórnenda. Málið snerist um tvær fjárfestingar í mars og september 2008. Dómurinn féllst að hluta til á kröfur Lífsverks. Málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

**2,7**
**milljónir króna**
var Vodafone dæmt til að greiða í skaðabætur til þriggja einstaklinga vegna Vodafone-lekans svokallaða í nóvember 2013. Héraðsdómur úrskurðaði í dag í fimm málum en samtals var farið fram á 103,8 milljónir í skaðabætur. Félagið var sýknað af tveimur skaðabótamálum.

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Jón Hákon Halldórsson jonhakon@365.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** | Forsíðumynd **Ernir Eyjólfsson**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is

**Til sölu:**
**Hótel Siglunes**
**á Siglufirði**

Hótel Siglunes er lítið og mjög fallegt hótel/guesthouse á besta stað í ferðamannabænum Siglufirði.
Um er að ræða 19 herbergi, fullbúinn veitingastað sem tekur um 40-50 manns í sæti og skemmtilegur 40-50 manna bar með útisvæði. Hótelið er rekið í eigin húsnæði sem er samtals um 900 fermetrar.






Frábært tækifæri fyrir einstaklinga eða hjón sem vilja hasla sér völl í mest vaxandi atvinnugrein landsins á þessum einstaka ferðamannastað.

Frábærir dómar viðskiptavina!!
booking.com 9,1
*Lonely Planet (stærsta ferðahandbók heims) gefur hótelinu*
***"Must-visit recommendation"*** *með umsögninni* ***"Personality shines through in this cool guesthouse, where vintage furniture is paired with contemporary art and ultramodern bathrooms in the hotel-standard wing. There's equally appealing guesthouse rooms, a big dining hall, and cosy bar area".***

Áhugasamir hafi samband við Guðna Halldórsson; gudni@kontakt.is. Sími 4141200

**Viðskiptatækifæri á www.kontakt.is**

KONTAKT
Fyrirtækjaráðgjöf
Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200
globalM&A Iceland
Haukur 04.16



Ingi Rafn stofnaði Karolina Fund með félögum sínum árið 2012 en hafði þá unnið að undirbúningi að stofnun fyrirtækisins um árabil. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fjármagna starfsemina með hópfjármögnun

**Karolina Fund hyggst fara í samstarf við aðila víða í Evrópu og á hlut í norsku fyrirtæki. Ætlar að fjármagna starfsemina með hóphlutafjármögnun, sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir að sé hin fyrsta sinnar tegundar.**

Íslenska fyrirtækið Karolina Fund, sem sérhæfir sig í hópfjármögnun á netinu, er byrjað að leigja hugbúnað sinn til fyrirtækis í Slóveníu og er jafnframt í þann mund að hefja samstarf við aðila í Finnlandi og Danmörku. Að auki er Karolina stór hluthafi í fyrirtæki sem mun hefja starfsemi í Noregi í sumar. Til þess að takast á við aukna starfsemi hyggjast stjórnendur fyrirtækisins sækja sér fjármagn til fjárfesta. Hugsanlega með því að nota hópfjármögnun, sem yrði þá fyrsta hóphlutafjármögnun af þessu tagi á Íslandi

„Við erum að hugsa um að fara af stað með þetta fljótlega núna á næstunni,“ segir Ingi Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Hugmyndin, sem hefur þó ekki verið meitluð í stein, er að í fyrstu umferð verði safnað einni milljón evra, jafnvirði um 140 milljóna króna, fyrir 10 prósenta hlut í fyrirtækinu. Svo verði farið í aðra umferð eftir einhvern tíma.

> **Við tökum varfærið skref af því að það er margt óljóst með hvernig svona fjárfestingar geti átt sér stað.**
> Ingi Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Karolina Fund

„Við tökum varfærið skref af því að það er margt óljóst með hvernig svona fjárfestingar geti átt sér stað. Þannig að við ætlum að taka létta útgáfu þar sem fólk getur skráð sig hjá okkur og svo þarf lokaútboð að eiga sér stað í framhaldi af því,“ segir Ingi Rafn.

Karolina Fund hóf starfsemi í október 2012, en þá hafði Ingi Rafn verið að móta hugmyndina í fjögur ár með meðstofnendum sínum. Síðan þá hefur orðspor fyrirtækisins vaxið mjög hratt hér á landi. Ingi Rafn segir að auk þeirra fyrirtækja sem Karolina Fund er þegar komið í samstarf við séu mörg fleiri sem bíði, en verði ekki hægt að þjónusta nema fyrirtækið fjármagni umsvifameiri starfsemi

Ingi Rafn bendir á að Karolina Fund sem fólk þekkir hérna á Íslandi sé toppurinn á ísjakanum en stærstur hluti starfseminnar sé rekinn undir allt öðru vörumerki annars staðar í heiminum. „Þetta er að einhverju leyti farið að minna á módel Meniga,“ segir hann. Hann bendir á að markaðshlutdeildin hér heima sé yfir 90 prósent. „Þetta er áhugaverður staður fyrir start-up fyrirtæki, að hafa komist í gegnum frumraun hugmynda og fá staðfestingu á að þetta er að virka,“ segir Ingi Rafn. **jonhakon@frettabladid.is**

## SKJÓÐAN

# Starfsviðtali klúðrað

**MÁR GUÐMUNDSSON** er bankastjóri Seðlabanka Íslands. Sem slíkur kemur hann reglulega á fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis til að gefa skýrslur um stöðu mála og svara spurningum nefndarmanna.

**Á MÁNUDAGINN** kom Már á fund nefndarinnar. Hann var krafinn svara um það hvers vegna peningastefnunefnd Seðlabankans heldur vöxtum jafn háum og raun ber vitni á sama tíma og verðbólga hefur í mörg misseri haldist í sögulegu lágmarki. Hann var einnig spurður að því hvers vegna húsnæðiskostnaður sé hafður inni í vísitölu hér en ekki erlendis og hvers vegna bankinn noti ekki frekar bindiskyldu en vaxtatækið í baráttu sinni við verðbólgu.

**EF FYRIR FRAMAN** þingnefndina hefði setið umsækjandi um starf hagfræðings í Seðlabankanum eru engar líkur á að hann hefði verið ráðinn í starfið. Svo umfangsmikil voru undanvik frá spurningum og yfirgripsmikil fáfræðin.

**EN ÞARNA** sat ekki nýútskrifaður hagfræðingur heldur seðlabankastjórinn sjálfur. Hann gat með engu móti gert grein fyrir því hvers vegna húsnæðiskostnaður er reiknaður inn í vísitölu hér á landi en ekki í öðrum löndum. Þessi spurning er þó áleitin sökum þess að hér á landi uppfærast höfuðstólar flestra neytendalána í takt við vísitöluna en slíkt tíðkast alls ekki í öðrum löndum.

**SEÐLABANKASTJÓRINN** sagðist hafa fengið uppáskrift Alþjóða gjaldeyrissjóðsins á ágæti þess að stýrivextir hér eru mörg hundruð sinnum hærri en í sumum helstu nágrannalöndum okkar þó að verðbólgan sé á svipuðu róli hér og þar, alla vega ef notaðar eru áþekkar forsendur útreikninga. AGS er vitanlega ánægður með hina háu stýrivexti, sem skapa vaxtamunarviðskipti upp á tugi eða jafnvel hundruð milljarða, sem alla skal nota til að hleypa spákaupmönnum og kröfuhöfum, sem læstust inni með peningana sína á Íslandi í hruninu, út úr íslenska hagkerfinu. Hagsmunagæsla spákaupmanna og kröfuhafa er verkefni AGS. Hvernig borga á nýju snjóhengjuna í fyllingu tímans er annað mál. Sennilega verða vextirnir þá hækkaðir enn frekar með sérstakri blessun AGS.

**FRAM KOM** á fundinum að seðlabankastjóri segist vita nákvæmlega hver áhrif vaxtabreytinga eru á hagkerfið en hefur litla hugmynd um áhrif bindiskyldu. Samt hefur verðbólguspá Seðlabankans verið kolvitlaus í mörg ár eða jafnvel áratugi. Hvernig má það vera ef Seðlabankinn veit upp á hár hver áhrif vaxtastefnu hans eru? Og, af hverju hefur bankastjórinn ekki hugmynd um áhrif breytilegrar bindiskyldu? Ber honum ekki að kynna sér þau tæki sem honum standa til boða í sínu mikilvæga starfi?

**NÝÚTSKRIFAÐUR** hagfræðingur að koma úr starfsviðtali hefði gert sér fulla grein fyrir því að hann klúðraði viðtalinu og fengi ekki starfið enda ætti hann ekkert erindi í það.




# VELDU HEIÐARLEGA VIÐSKIPTAHÆTTI

KORTA hefur nú starfað í hartnær fjórtán ár, þar af nokkur þau viðsjárverðustu í íslenskri viðskiptasögu. Við erum óendanlega stolt af því að hafa allan þann tíma haft heilindi að leiðarljósi í okkar starfsemi. Viðskiptavinir KORTA vita að við stöndum fyrir heilbrigða samkeppni, góða þjónustu og heiðarlega viðskiptahætti.

Hvernig hefur þín greiðslukortaþjónusta starfað í gegnum árin? Er hún verðug viðskipta þinna? Er kannski kominn tími til að taka skrefið og skipta til kortaþjónustu sem býður gott verð, góða þjónustu OG heiðarlega viðskiptahætti? Breyttu rétt – hafðu samband við okkur í síma **55 88 000** og fáðu tilboð í þín viðskipti.

**www.kortasamrad.is**

KORTA

Kortaþjónustan hf. · Kletthálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími: 55 88 000 · korta@korta.is · www.korta.is

Til sölu:

Þekkt umboð fyrir eldhús-innréttingar



Vegna breytinga á rekstri fyrirtækisins er innréttingadeild þess til sölu. Fyrirtækið hefur umboð fyrir þekkt evópskt merki á sviði eldhúsinnréttinga og fataskápa. Gott tækifæri fyrir fyrirtæki eða aðila í skyldum rekstri. Lítil fjárbinding í lager. Árleg velta á bilinu 70 - 100 milljónir.

Áhugasamir hafi samband við Gunnar Svavarsson; gunnar@kontakt.is – sími 414 1200

KONTAKT
Fyrirtækjaráðgjöf
Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200

Haukur 04.16



Haustpróf
í verðbréfaviðskiptum
2016

Prófnefnd verðbréfaviðskipta stendur fyrir haustprófum í verðbréfaviðskiptum sem hér segir:

**Próf úr I. hluta**
10. ágúst 2016 Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, Ábyrgðir, Ágrip úr réttarfari.
11. ágúst 2016 Viðfangsefni úr fjármunarétti, Félagaréttur.
12. ágúst 2016 Viðskiptabréfareglur, Veðréttindi, Þinglýsingar

**Próf úr II. hluta**
15. ágúst 2016 Grunnatriði í fjármálafræðum.
16. ágúst 2016 Þjóðhagfræði.
17. ágúst 2016 Greining ársreikninga.

**Próf úr III. hluta**
18. ágúst 2016 Lög og reglur um fjármagnsmarkaðinn.
19. ágúst 2016 Markaðsviðskipti og viðskiptahættir.
22. ágúst 2016 Helstu tegundir verðbréfa og gjaldeyrir: Hlutabréf, Skuldabréf, Afleiður og gjaldeyrir.
23. ágúst 2016 Fjárfestingarferli: Samval verðbréfa og sjóðastýring, Ráðgjöf og skattamál.

Próftími er 4 klukkustundir og tímasetning hvers prófs er 17:00-21:00.

Prófsefni greinir í prófsefnislýsingu prófnefndar verðbréfaviðskipta. Í henni er jafnframt útlistað hvaða hjálpargögn eru leyfileg í einstaka prófum. Prófsefnislýsinguna má nálgast á vefsvæði prófnefndar verðbréfaviðskipta á heimasíðu fjármála- og efnahagsráðuneytis: http://www.fjarmalaraduneyti.is/raduneytid/nefndir/nr/16884

Um prófin fer samkvæmt reglugerð nr. 633/2003 um próf í verðbréfaviðskiptum.

Einkunnir í einstökum prófum eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Til þess að standast verðbréfaviðskiptapróf þarf próftaki að hljóta a.m.k. 7,0 í meðaleinkunn úr þeim prófum sem hann hefur þreytt. Próftaki telst ekki hafa staðist einstök próf hljóti hann lægri einkunn en 5,0.

Skráning í haustprófin fer fram á vefsíðu Opna háskólans í HR http://www.ru.is/opnihaskolinn/prof-i-verdbrefavidskiptum/

**Skráningu í haustpróf lýkur 20. júní 2016.**

Prófgjald vegna haustprófa er kr. 16.500 fyrir hvert próf. **Vakin er athygli á að haustpróf verður ekki haldið nema að a.m.k. 10 manns hafi skráð sig í viðkomandi próf**, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 633/2003 um próf í verðbréfaviðskiptum. Haustprófin verða haldin í húsakynnum Háskólans í Reykjavík, framkvæmdaraðila verðbréfaviðskiptaprófs veturinn 2015-2016.

Tilkynning um þau haustpróf sem verða haldin, verða send út til skráðra próftaka 27. júní 2016.

Greiðsluseðlar verða eingöngu sendir út vegna prófa sem verða haldin. Skráning í próf er bindandi og og greiðsluseðlar verða ekki felldir niður.

***Reykjavík, 27. apríl 2016.***

***Prófnefnd verðbréfaviðskipta***


# Hugarfar leikmanna var ekki rétt

**Ramón Calderón segir álagið sem fylgir starfi forseta Real Madrid gífurlegt. Liðið vann deildina tvívegis á ríflega tveimur árum. Hann hætti svo á miðju kjörtímabili, búinn að fá nóg af ferðalögum og deilum. Hann vill kynna Ísland fyrir heiminum.**



Ingvar Haraldsson
ingvar@frettabladid.is

Það er ekki ofsögum sagt að Real Madrid sé stærsta knattspyrnulið heims. Ellefu ár í röð hefur það verið tekjuhæsta knattspyrnulið í heimi og hefur unnið spænsku deildina og Meistaradeild Evrópu oftast allra. Þegar Ramón Calderón tók við sem forseti Real Madrid árið 2006 hafði liðið ekki unnið titil í þrjú ár þrátt fyrir að fráfarandi forseti, Florentino Pérez, hefði fjárfest í mörgum af stærstu stjörnum knattspyrnuheimsins, leikmönnum á borð við hinn brasilíska Ronaldo, Zinedine Zidane og David Beckham.

**Hugarfarið ekki rétt**

Calderón segist hafa viljað breyta hugarfarinu hjá félaginu þegar hann tók við sem forseti. Hann hafði hafið bein afskipti af Real Madrid um aldamótin og starfaði sem stjórnarmaður til ársins 2006. „Þau sex ár sem ég var stjórnarmaður var módelið mjög gott að mörgu leyti. Því við vildum fá bestu leikmennina, á hinu svokölluðu Galácticos-tímabili. En við gleymdum að með hæfileikum og leikni þyrfti vinnusemi, fórnfýsi og aga, sem er nauðsynlegt til að ná árangri í lífinu og í íþróttum,“ segir Calderón.

„Þegar forsetinn hætti sagði hann að hann hefði að sumu leyti ofdekrað leikmennina. Með hjálp þjálfarans, Capello, og Mijatović, yfirmanns knattspyrnumála, tókst okkur að halda bestu leikmönnunum en einnig að innleiða það hugarfar að búningurinn og merkið væri ekki nóg til að vinna leiki. Við skiptum um 14 leikmenn á einu ári og unnum deildina tvö ár í röð. Við unnum Barcelona með sömu leikmenn og þeir hafa nú, Messi, Iniesta, Xavi, leikmennina sem allir þekkja.“

„Ég ákvað að setja borða í alla búningsklefa hjá liðinu, þar á meðal á Bernabeu-vellinum, þar sem stóð: Við getum tapað þótt við leggjum hart að okkur en ef við leggjum ekki hart að okkur þá höfum við tapað. Það var heimspekin sem við ákváðum að vinna eftir.“

**Stuðningsmennirnir aldrei saddir**

Þrátt fyrir að vera sigursælasta lið heims eru stuðningsmenn Real Madrid sjaldan fyllilega sáttir. „Það finnst öllum að þú verðir að vinna alla titla sem í boði eru á hverju ári og spila vel og skora fleiri mörk en allir aðrir. Það er ekki hægt. Ég reyndi að útskýra að það liðu 32 ár frá því að við unnum sjötta meistaradeildartitilinn árið 1966 þar til við unnum þann sjöunda árið 1998,“ segir Calderón.

Því tók Calderón þá ákvörðun að segja upp þjálfaranum, Fabio Capello, sumarið 2007, eftir ár í starfi þrátt fyrir að hann hefði tryggt liðinu fyrsta titilinn í fjögur ár. Liðið þótti ekki leika nægilega áferðarfallega knattspyrnu. „Ég vissi sem stjórnarmaður að pressan væri mikil. En þegar þú ert forseti ertu í æðsta embættinu og berð mesta ábyrgð. Þú veist að milljónir eru að fylgjast með, hvort leikmennirnir sem þú kaupir séu þeir réttu, hvort þjálfarinn sé sá rétti. Mikilvægi félagsins er gífurlegt,“ segir Calderón.

**Laða þá bestu til Madrid**

Viðskiptamódel Real Madrid hefur byggst á því að vera tilbúið að greiða háar upphæðir fyrir bestu leikmenn heims, sem tryggja eiga liðinu styrktaraðila og áframhaldandi árangur. „Þetta er það sem við köllum jákvæða hringrás. Með því að laða að sér bestu leikmennina færð þú meira fé í styrktarsamninga því fyrirtæki hafa meiri áhuga á félaginu, verðmætari sjónvarpssamninga því sjónvarpsstöðvarnar hafa meiri áhuga á að sýna leikina þína og með bestu leikmönnunum vinnur liðið fleiri titla sem gefa af sér meira fé. Þú þarft að nýta peningana sem þú færð á ábyrgan hátt, til að kaupa bestu leikmennina þegar þeir eldri fara að hætta eða fara til annarra liða. Það er hugmyndin og kerfið sem hefur verið við lýði og skilað okkur miklum árangri.“

Að sögn Calderóns urðu talsverðar breytingar hjá Real Madrid fjárhagslega í forsetatíð hans, tekjur af sjónvarpssamningum hafi þre-



Calderón fagnar deildarmeistaratitli eftir sitt fyrsta tímabil sem forseti Real Madrid. NORDICPHOTOS/GETTY

## Telur meðferðina á Blatter að sumu leyti ósanngjarna

„Þetta er hefur verið mjög dapurlegt. Ég vann þarna í þrjú ár í mismunandi nefndum og þekki marga þarna,“ segir Calderón um FIFA-hneykslið svokallaða.

Margir af æðstu stjórnendum FIFA sæta rannsókn hjá FBI, meðal annars vegna gruns um að hafa selt atkvæði sín þegar val á stórmótum fór fram. Sepp Blatter, sagði af sér sem forseti FIFA í febrúar síðastliðnum eftir 18 ár í starfi.

Calderón segir að meðferðin á Blatter hafi að sumu leyti verið ósanngjörn. „Ég tel að í tilfelli forsetans séu hlutirnir ekki alveg skýrir. Ég held að hann hafi ekki hagnast eins og hann var sakaður um að hafa gert. Kannski gat hann ekki stýrt gjörðum annarra,“ segir Calderón. „Þeir misnotuðu stöðu sína til að draga sér fé ólöglega. Forsetinn gerði það ekki.“

„Ég þekki hann vel, hann hefur unnið allt sitt líf fyrir fótboltann, markmið hans var að styðja við fótboltann, en ekki að hagnast. Það var eitthvað sem aðrir gerðu, sem stundum er ekki hægt að stýra,“ segir Calderón um Blatter.

Calderón hefur trú á að nýkjörinn forseti FIFA, Gianni Infantino, geti stuðlað að siðbót innan FIFA. Hann þekki Infantino af góðu einu frá tíð hans sem framkvæmdastjóri UEFA. „Það sem hefur gerst hefur haft slæmar afleiðingar fyrir ímynd knattspyrnunnar, það er ekki spurning. Við verðum að berjast til að breyta þessu.“




Linda Rós Ragnarsdóttir (t.v.) og Svanhildur Eva Stefánsdóttir eru eigendur Spilavina. Með þeim er Andri Þór Sturluson, starfsmaður verslunarinnar. MYND/ANTON BRINK

# Spilað með skemmtilegu fólki

Árlegur alþjóðlegur borðspiladagur verður haldinn næsta laugardag í Spilavinum. Dagskráin miðar við bæði byrjendur og lengra komna og er mjög fjölbreytt. Skipuleggjendur búast við eftirminnilegum degi með hópi fólks á öllum aldri.

Alþjóðlegi borðspiladagurinn verður haldinn hátíðlegur í versluninni Spilavinum í Reykjavík laugardaginn 30. apríl. Boðið verður upp á fjölbreytta spiladagskrá, mót, kynningar og ýmsar aðrar uppákomur. Dagskráin hefst kl. 11 og stendur yfir langt fram á dag að sögn Svanhildar Evu Stefánsdóttur og Lindu Rósar Ragnarsdóttur, eigenda Spilavina.

„Alþjóðlegi borðspiladagurinn er hátíð fyrir þá sem hafa gaman af því að spila. Hún var fyrst haldin árið 2013 þegar Boyan Radakovich og félagar hans á YouTube-rásinni Geek & Sundry streymdu heilan dag af borðspilum fyrir áhorfendur sína. Með þátttöku stórra nafna í spilaheiminum hefur dagurinn þróast út í að vera haldinn í yfir 80 löndum og er þá spilað allan daginn, bæði í sérstökum spilabúðum og svo í heimahúsum ef það er enginn vettvangur nálægur,“ segir Linda Rós.

## FLÓKIN FRAMKVÆMD

Dagskráin er fjölbreytt að sögn Svanhildar Evu og erfitt að draga eitthvað sérstakt út enda er fólk með mismunandi smekk í spilum. „Þó má segja að Pandemic Survival mótið sé það flóknasta í framkvæmd. Þar munu allir þátttakendur spila nákvæmlega sama spilið en aðeins viðbrögð þeirra við því sem gerist munu skera úr um velgengni þeirra. Þetta er því spennuþrungnasti viðburður dagsins þótt vissulega séu öll mót og keppnir spennandi.“

Einnig nefna þær spilið Varúlf sem verður í gangi allan daginn. „Spilið þekkja margir úr skólum og félagsmiðstöðvum en það gengur út á að hópur þorpsbúa reynir að svæla út varúlfa sem herja á þorpið.“

Annað skemmtilegt borðspil er hópspilið Two Rooms and a Boom. „Spilið leyfir jafnvel tugi þátttakenda í sama spilinu og er spilað í tveimur herbergjum. Annað liðið hefur forseta og hitt liðið tilræðismann og vinna stuðningsmenn tilræðismannsins ef þeir enda í sama herberginu í lok leiks.“

## EFTIRMINNILEGUR DAGUR

Þær segja alls konar fólk mæta til að spila og meðalaldurinn sé vafalaust hærri en marga grunar. „Dagskráin verður bæði stíluð inn á reynda spilara og þá sem eru byrjendur. Maðurinn hefur spilað í mörg þúsund ár og því er það okkur eðlislægt að etja kappi við hvert annað, eiga í áhugaverðum samskiptum og bara hreinlega dunda okkur eitthvað saman. Borðspilin eru tæki sem hjálpa okkur við þetta allt. Við munum a.m.k. bjóða upp á alls konar spil allan næsta laugardag á öllum borðum. Dagurinn á eftir að verða skemmtilegur og eftirminnilegur þar sem við ætlum að prófa alls konar nýja hluti og hitta æðislegt fólk.“

**Nánari upplýsingar og dagskrá má finna á Facebook undir Alþjóðlegi borðspiladagurinn.**




Veglegt sérblað um
EM í Frakklandi
kemur út 1. júní

Fyrir auglýsingar eða kynningar hafið samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson
Sími 512-5429
jonivar@365.is

Atli Bergman
Sími 512-5457
atlib@365.is

Bryndís Hauksdóttir
Sími 512-5434
bryndis@365.is

Jóhann Waage
Sími 512-5439
johannwaage@365.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429





Mangósalsa er ljúffengt, bæði með kjöti og fiski.


Sætar kartöflur má vel grilla.


Nautakjöt á spjóti. Frábær helgarmatur.

# NAUTAKJÖT Á SPJÓTI MEÐ SÆTUM

Þegar vorar í lofti langar mann til að njóta birtunnar, grilla úti og borða eitthvað virkilega gott. Hér er hugmynd að góðum kvöldverði.

Espetinhos er nafn á brasilískum grillspjótum. Þá er notað nautakjöt eða kjúklingur, grillað og borið fram með góðri sósu. Hér er notað nautakjöt og uppskriftin miðast við fjóra.

### BRASILÍSKT GRILLSPJÓT

**800 g nautalund eða filet**
**Grillsósa**
**1 dl tómatsósa**
**½ dl vatn**
**2 msk. rauðvínsedik**
**1 msk. kaffiduft**
**1 tsk. kajennpipar**
**1 tsk. kóríander**
**2 hvítlauksrif**
**4 msk. olía**
**½ tsk. sykur**
**½ tsk. salt**
**¼ tsk. pipar**

### BAUNA- OG JÓGÚRTÍDÝFA

**1 dós (400 g) stórar hvítar baunir (butterbeans)**
**½ laukur, smátt skorinn**
**2 msk. sítrónusafi**
**1 hvítlauksrif**
**1 msk. fersk minta, smátt skorin**
**100 g grísk jógúrt eða hrein jógúrt**
**½ tsk. salt**
**¼ tsk. nýmalaður pipar**

Byrjið á því að laga grillsósuna. Blandið saman öllu sem á að fara í sósuna.
Skolið baunirnar undir rennandi vatni. Setjið þær í matvinnsluvél ásamt öllu öðru sem upp er talið í uppskriftinni. Bragðbætið með salti og pipar.
Skerið kjötið í 4 cm bita. Saltið og piprið. Setjið um það bil 200 g af kjöti á hvert grillspjót. Hafið bil á milli bitanna. Ef notaðir eru tréspjót innar þurfa þeir að liggja í vatni í hálftíma fyrir notkun.
Leggið grillspjótin á grillið og snúið reglulega. Berið kjötið fram með grillsósunni og jógúrtídýfunni.

### GRILLAÐAR SÆTAR KARTÖFLUR

Grillaðar sætar kartöflur eru mjög hollar og góðar sem meðlæti með kjöti eða fiski. Hér er góð uppskrift sem vert er að prófa.

**800 g sætar kartöflur**
**6 dl appelsínusafi**
**1 msk. olía**
**40 g furuhnetur**
**½ tsk. salt**
**4 msk. ólífuolía**
**2 msk. ferskt estragon**

Skerið kartöflurnar í 2 cm þykkar sneiðar. Setjið sneiðarnar í pott og hellið appelsínusafa yfir. Bætið smá vatni saman við og sjóðið í fimm mínútur.
Ristið furuhnetur á þurri pönnu og kryddið með salti.
Takið kartöflur upp og þerrið þær. Penslið þær með olíu og leggið á heitt grillið. Tvær mínútur á hvorri hlið. Leggið kartöflusneiðarnar á fat og dreifið olíu, furuhnetum og estragoni yfir.

### MANGÓSALSA

Mangósalsa er ferskt og gott. Það passar vel með flestum mat. Hægt er að breyta uppskriftinni, bæta til dæmis við chili-pipar, smátt skornum tómötum eða lárperu.

**3 þroskuð mangó**
**1 rauðlaukur**
**2 límónur**
**4 ástríðuávextir (passion fruit)**
**4 msk. ólífuolía**
**½ tsk. salt**
**¼ tsk. pipar**

Skrælið mangóið og skerið það í bita. Skerið rauðlaukinn smátt. Kreistið límónusafa yfir. Takið innan úr ástríðuávextinum og setjið í aðra skál ásamt olíu, salti og pipar. Hrærið og hellið yfir mangóbitana.







## Leiðrétting vegna viðtals við Hjálmar Sveinsson

Í sérblaðinu Grandinn, sem fylgdi Fréttablaðinu þann 23. apríl, birtist viðtal við Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúa og formann umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar.

Í umfjöllun um deiliskipulag svæðisins svaraði Hjálmar spurningu blaðamanns á þann veg að „í deiliskipulagi svæðisins er kveðið á um að þar verði byggðar íbúðir eða hótel. Það er mikilvægt að mínu mati.“ Þar ætlaði Hjálmar hins vegar að segja „Í deiliskipulagi svæðisins er kveðið á um að þar verði ekki byggðar íbúðir eða hótel. Það er mikilvægt að mínu mati.“

Að sögn Hjálmars er talsverður þrýstingur á borgaryfirvöld á að fá að byggja hótel og íbúðir á þessu svæði en ekki stendur til að leyfa það næstu árin.


Hjálmar Sveinsson er borgarfulltrúi og formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar. MYND/PJETUR

# Garðar & hellulagnir

27. apríl 2016

**KYNNINGARBLAÐ** Stakfell | Brú | Torg | Borg | Lind | 101 Reykjavík | Ás




**Sigurður Svavarsson, rekstrarstjóri Húsasmiðjunnar, og Ásdís Ragnarsdóttir, deildarstjóri Blómavals, í versluninni í Grafarholti.** MYNDIR/ERNIR

# Allar vörur fyrir garðinn og pallinn undir einu og sama þakinu

**Húsasmiðjan og Blómaval** hafa í mörg ár þjónustað heimili og fyrirtæki landsins með vandaðar vörur fyrir pallinn og garðinn. Verslunin í Grafarholti er stærsta timbursala landsins, hefur á að skipa reynslumiklum starfsmönnum auk þess sem sumarvörurnar eru komnar í hús.

Verslanir Húsasmiðjunnar og Blómavals eru flestar undir sama þaki víða um land. Eina af stærri verslunum landsins er að finna í Grafarholtinu í Reykjavík þar sem viðskiptavinir geta fundið allt fyrir garðinn og pallinn á einum stað auk þess sem fjöldi reynslumikilla starfsmanna aðstoðar viðskiptavini við val á réttu vörunum. Sigurður Svavarsson er rekstrarstjóri Húsasmiðjunnar í Grafarholti. Hann segir stærstu timbursölu Húsasmiðjunnar vera þar til húsa og bæði einstaklingar og fagmenn séu þjónustaðir jöfnum höndum. „Við búum svo vel að hafa frábæra sölumenn og ráðgjafa sem búa yfir mikilli reynslu og þekkingu. Þeir aðstoða viðskiptavini við val á efni og gefa tilboð í sólpallinn, sumarhúsið eða hvað sem er.“

Húsasmiðjan hefur í mörg ár teiknað palla fyrir viðskiptavini sína og nú sér garðahönnuður um að teikna pallinn í þrívídd. „Þannig sjá viðskiptavinir betur hvernig pallurinn kemur til með að líta út. Þessi þjónusta er mjög vinsæl og því best að panta tíma í síma 525-3000 tímanlega.“

## Allt fyrir pallinn

Fúavarin fura er alltaf vinsælasta pallaefnið að sögn Sigurðar en lerki og harðviður hafa líka rutt sér til rúms undanfarin ár og býður Húsasmiðjan upp á allar þessar viðartegundir. „Auk þess bjóðum við upp á margar lausnir í viðarvörn og seljum m.a. eina mest seldu pallaolíu landsins til margra ára sem er frá Jotun Treolje. Verslunin selur gott úrval viðarvarna fyrir pallinn, skjólveggin, sumarhúsið og garðhúsgögnin. Starfsfólk málningardeilda okkar hefur í mörg horn að líta í maí og fram í júlí þegar flestir landsmanna hefja viðhaldsvinnu sumarsins.“

Auk þess býður Húsasmiðjan upp á gott úrval vara sem gjarnan fylgja pöllum og görðum, t.d. garðverkfæri, sláttuvélar, garðhúsögn að ógleymdum grillunum. „Húsasmiðjan hefur verið einn stærsti seljandi gasgrilla á landinu sl. 20 ár og seljum við m.a. þekkt vörumerki á borð við Weber, Broil King og Outback auk úrvals aukahluta fyrir grillin.“

## Sumarvörurnar í Blómavali

Nú er að hefjast eitt mesta sölutímabil Blómavals og verslanir orðnar fullar af sumarvörum og því helsta sem fólk þarf fyrir garðræktina. Ekki má gleyma sumarblómunum en þau koma í verslanir Blómavals á næstu vikum að sögn Ásdísar Ragnarsdóttur, deildarstjóra Blómavals í versluninni í Grafarholti. „Blómaval hefur alla tíð lagt mikla áherslu á að bjóða upp á fjölbreytt úrval af góðum vörum á góðu verði, allt árið um kring. Við höfum frábært starfsfólk, þar á meðal garðyrkjufræðinga sem geta veitt ráð og góðar leiðbeiningar varðandi flest sem snýr að garðinum, matjurtarækt-un og fleiri þáttum.“

Vor og sumar eru annasamir tímar hjá starfsmönnum Blómavals en sífellt færist í vöxt að fólk kaupi afskorin blóm fyrir alls konar tilefni. „Viðskiptavinir kaupa hjá okkur skreytingar fyrir ýmis tækifæri og við bjóðum upp á gott úrval af tækifærisvöndum og tilboðsvöndum fyrir heimilið. Það er líka ánægjulegt að sjá hve áhugi á pottaplöntum er að aukast, þá einkum á meðal unga fólksins. Við erum stolt af því mikla úrvali sem við höfum upp á að bjóða, allan ársins hring.“



**Húsamiðjan og Blómaval bjóða upp á gott úrval vara sem fylgja pöllum og görðum.**

**Verslanir Húsasmiðjunnar og Blómavals í Grafarholti eru á Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík. Nánari upplýsingar um vöruúrval þeirra má finna á www.blomaval.is og á www.husa.is.**

# Gómsæt uppskera eftir 90 daga

Apríl- og maímánuðir eru tíminn sem grænfingraðir sælkerar setja niður kartöflurnar. Það tekur um fjórar vikur að forspíra útsæðið og því ekki eftir neinu að bíða. **Bryndís Björk Reynisdóttir** garðyrkjufræðingur útlistar hér fyrir byrjendum hvernig á að bera sig að við kartöflurækt.

**Er flókið að rækta eigið útsæði?**

Útsæði er einfaldlega kartafla sem ræktuð var sumarið áður af viðurkenndum útsæðisframleiðanda, stærðarflokkuð og heilbrigð kartafla. Við notum útsæði þar sem við viljum fjölga því yrki sem um ræðir svo sem eins og gullauga. Þegar við notum útsæði fáum við sömu tegund kartöflu og við settum niður. Þegar ræktaðar eru kartöflur frá fræi fáum við mjög mismunandi plöntur og uppskeru. Það er þekkt að rækta kartöflur frá fræi en þar sem það gefur ekki uppskeru fyrsta árið, heldur myndar það útsæði fyrir næsta ár, er það fyrir gallharða kartöfluræktendur og mikið áhugafólk um kartöflurækt!

Æskilegast er að kaupa sérframleitt útsæði frá viðurkenndum framleiðanda. Ef rækta á eigið útsæði þarf fyrst og fremst að hafa í huga að kartöflugarðurinn verður að vera heilbrigður og sjúkdómalaus. Ef sýkt útsæði fer í garðinn getur reynst þrautin þyngri að snúa því vandamáli við. Þegar uppskorið er að hausti er æskilegt að stærðarflokka kartöflurnar og þær sem eru um 40-70 grömm eru vænlegar í útsæði árið eftir. Geyma skal útsæðið í góðri geymslu yfir veturinn við 4-6°C hita og hátt rakastig eða um 95%.

Hægt er að velja útsæði af öllum stærðum og gerðum frá framleiðendum. Það er fáanlegt í verslunum sem eru með garðyrkjuvörur en einnig hefur Garðyrkjufélag Íslands verið með til sölu minni einingar og ýmsar sjaldgæfar tegundir fyrir félagsmenn sína.

Ýmis yrki eru fáanleg og eru þessi algengustu Gullauga, Premier, Helga og Íslensk rauð en svo eru til aðrar sjaldgæfari tegundir eins og Bláландsdrottning, Kóngablá, möndlukartöflur, rauðar möndlukartöflur, norskar rauðar, Akureyrar gul og Ben Lomond.

Yrkin eru mismunandi að því leyti að kartöflurnar hafa mismunandi lögun og stærð, eru mismunandi að lit, með misdjúp augu, hafa mislangan vaxtartíma og gefa mismikla uppskeru.

**Hvenær á að setja kartöflurnar niður?**

Yfirleitt er byrjað á því að láta útsæðið forspíra áður en það er sett niður. Það er gert til að stytta ræktun kartöflunnar þar sem oftar en ekki verða sumrin okkar frekar stutt. Við forspírun eru kartöflurnar settar í grunnar grindur eða grunna pappakassa og geymdar á björtum stað, þó ekki í beinu sólarljósi, og við um 15°C í um það bil fjórar vikur. Spírurnar eiga að vera stuttar og dökkar og passa þarf að þær brotni ekki af þegar kartöflurnar eru settar niður.

Hægt er að setja niður kartöflur frá apríllokum og út maí en þegar kartöflurnar eru settar mjög snemma niður er æskilegt að setja akrýldúk yfir beðin fyrstu vikurnar til að hita og halda raka á jarðveginum og vernda plöntuna fyrir frostum og vindum

Beðin geta verið mismunandi, beð eða hraukar, en æskilegt er að hafa um 60 cm á milli raða og 25-30 cm á milli kartaflanna. Þær eru settar niður á 4-8 cm dýpt, fer eftir jarðvegsgerðum. Í sendinn jarðveg er hún sett dýpra niður en ef jarðvegurinn er þungur með miklu af lífrænu efni í.

**Hvernig á að undirbúa jarðveginn?**

Þegar frost er farið úr jarðvegi og hann orðinn nokkuð hlýr og mesta bleytan farin úr honum er óhætt að stinga hann upp. Því næst eru búin til beð eða hraukar með rásum á milli til að tryggja gott frárennsli frá beðunum þar sem kartaflan þrífst ekki vel í mikilli bleytu. Ef borið hefur á kláða á kartöflum úr garðinum árinu áður þarf mögulega að lækka sýrustig jarðvegsins (gera hann súrari) með brennisteini en sjúkdómar sem herja á kartöfluna þrífast síður í lágu sýrustigi. Æskilegt er að hafa sýrustig í jarðvegi um pH 5,0-5,5. Ekki er æskilegt að kalka kartöflugarða en það hækkar sýrustig í jarðvegi (gerir hann basískari). Hægt er að strekkja svartan dúk yfir beðin, gata hann og setja kartöflurnar niður í gegnum götin. Þetta tryggir hlýjan vaxtarstað fyrir kartöfluna og við fáum uppskeruna fyrr en ella.

**Hvenær koma grösin upp?**

Reikna má með að grösin kíki upp 3-4 vikum eftir að kartöflurnar hafa verið settar niður. Passið að halda garðinum illgresishreinum til að koma í veg fyrir samkeppni á milli nytjaplantna og illgresis um ljós, vatn og áburð. Kartaflan vill frekar sendinn jarðveg sem er hlýr og ekki of blautur. Ef nota á tilbúinn áburð á garðinn skal forðast að nota of mikið af áburði og þá sér í lagi köfnunarefni þar sem það eykur blaðvöxt plöntunnar á kostnað kartöflunnar. Fáið leiðbeiningar hjá seljendum áburðar. Vökvið frekar oft og lítið en sjaldan og mikið. Leitist við að hafa jarðveg frekar rakan en blautan.



> Áður en kartöflurnar fara í geymslu þarf hýðið að vera þurrt til að minnka hættu á sveppasjúkdómum.
>
> *Bryndís Björk Reynisdóttir*

**Hvenær má taka upp?**

Kíkja má undir grös um miðjan júlí ef sett hefur verið niður snemma. Annars má reikna með 70-90 dögum í vaxtartíma á kartöflum.

**Hvað geta komið margar kartöflur undan einu grasi?**

Mjög misjafnt. Frá fimm upp í 15-20 stykki, mismunandi að stærð. Fer oftar en ekki eftir því hvernig veður hefur verið yfir sumarið. Blautt og kalt sumar gefur ekki fyrirheit um hámarksuppskeru.

**Hvernig á að geyma uppskeruna yfir veturinn?**

Flokka grænu kartöflurnar frá, mögulega stærðarflokka gróflega. Ef flokkað er eftir stærð ertu með sama eldunartíma á hollinu.

Áður en kartöflurnar fara í geymslu þarf hýðið að vera þurrt til að minnka hættu á sveppasjúkdómum í geymslunni. Í geymslu þarf hitastig að vera um 4°C og hátt rakastig, um 95%, og dimma.



Bryndís Björk Reynisdóttir garðyrkjufræðingur. MYND/ERNIR


**Murray sláttuvélar frá Hvelli**

**Loksins eru gæða sláttuvélarnar aftur fáanlegar á Íslandi, allar vélarnar eru framleiddar í Evrópu með nýjustu umhverfisvænum gæðamótorum frá Briggs og Stratton.**

MURRAY Get it done. Go have fun.

**Varist eftilíkingar!!**

**Heimilisvélin. Verð kr. 69.739,-**

Murray EQ400
Briggs & Stratton 450E Series 125cc OHV bensínmótor.
Sláttubreidd 46 cm
Afturkast með 60 l poka og möguleika á "Mulching"
6 hæðarstillingar, klippir 28 - 92 cm
18 cm hjól
Tvær sapátta hæðarstillingar



**Stóra heimilisvélin með drifi. Verð kr. 89.362,-**

Murray EQ500X Ready Start
Briggs & Stratton 575EX Series 140cc OHV bensínmótor.
Sláttubreidd 46 cm
Sjálfkeyrandi drif 3.6 km/t.
Afturkast með 60 l poka og "Mulching" (hökkun)
6 hæðarstillingar, klippir 28 - 92 cm
18 og 28 cm hjól
Ein sapátta hæðarstilling fyrir öll hjól.



**Fyrir Atvinnumannin og Sveitarfélög. Verð kr. 125.771,-**

Murray EQ700X Ready Start
Briggs & Stratton 750EX Series 161cc DOV bensínmótor.
Sláttubreidd 53 cm
Sjálfkeyrandi drif 3.6 km/t.
Afturkast með 70 l poka og "Mulching" (hökkun)
6 hæðarstillingar, klippir 28 - 92 cm
20 og 28 cm hjól
Ein sapátta hæðarstilling fyrir öll hjól.



MADE IN EUROPE

READY START

HVELLUR

Hvellur • Smiðjuveg 30, 200 Kópavogur • www.hvellur.com • s: 577 6400
Opið virka daga 9:00 - 18:00 og 12:00 - 16:00 á laugardögum.


ÚTGEFANDI 365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Jón Ívar Vilhelmsson| jonivar@365.is | s. 512-5429
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson


Fáðu ráðgjöf og fegraðu garðinn
Landslagsarkitektar
Landslagsarkitektar gefa góð ráð við útfærslu hugmynda og veita aðstoð við efnisval.
Arena
Hentar sérstaklega vel á verandir og palla. Hellurnar eru með áferð sem setur skemmtilegan svip á lögnina.
Veranda
Tvinnar saman stílhreinar útlínur og fjölbreytta litamöguleika þar sem hver hella er tilbrigði við sama stef.
Góð ráð og frábært úrval af fallegum og endingargóðum hellum og garðeiningum.
Bókaðu tíma í ráðgjöf í síma 412 5050 eða á sala@bmvalla.is
BM·VALLÁ
bmvalla.is

# Þegar fella þarf tré í garðinum

Þeir sem hyggjast fella tré í görðum sínum ættu að huga að því áður en trén laufgast. Góður tími til þess er núna. Stundum þarf leyfi til að fella tré.



Það eru mörg falleg, gömul tré í borginni. Hér er garðahlynur frá 1917.

Axel Birgir Knútsson, garðyrkjumeistari í Laugardal, segir að í raun sé alltaf hægt að fella tré, betra sé þó að gera það áður en þau laufgast. „Ef maður ætlar að snyrta tré þarf að gera það á vissum tíma. Þegar á að fella tréð skiptir tíminn ekki öllu máli en auðveldast er að gera það þegar tréð er lauflaust. Barrtré má til dæmis fella hvenær sem er," segir hann. „Reglan er sú að ef tréð er hærra en 8 metrar og eldra en 40 ára þarf leyfi til að fella það. Almennt er aldrei sagt nei þegar fólk biður um leyfi til að fella algengar tegundir eins og ösp og sitkagreni. Leyfið er hins vegar nauðsynlegt svo fólk sé ekki að fella einstök tré eins og silfurreyni, gullregn eða hlyn."

### Tré veita skjól

Axel segir að best sé að fá fagfólk til að fella tré. „Að minnsta kosti þarf að ráðfæra sig við fagfólk. Það er betra að gera ekki neitt í fljótfærni. Trén skyggja fyrir sólina en það má ekki gleyma því að stærstan hluta ársins er engin sól hvort eð er. Trén brjóta vind og veita skjól svo fólk ætti ekki bara að horfa á þau með tilliti til skugga. Síðan geta trén auðvitað varpað skugga á garð nágranna og þá þarf fólk að gera með sér samkomulag ef fella þarf tréð. Garðeigandinn sem á tréð hefur allan rétt nema ef tréð er farið að vaxa yfir í næsta garð. Svona mál geta verið flókin og erfið. Ef tré á opnum svæðum skyggja á einkagarða þarf fólk að leita til garðyrkjumeistara í viðkomandi sveitarfélagi og ræða hvort ekki sé hægt að fella þau."

### Vorverkin í garðinum

„Þessa dagana ætti fólk að byrja á því að taka til og hreinsa í görðum sínum. Það er gott að ráðast á illgresi snemma en þá verður öll vinnan í sumar auðveldari. Einnig ætti fólk að kanna hvort kal sé í runnum en þá þarf að hreinsa það og klára klippingar. Einnig má fjarlægja vetrarskjól ef það er í görðum, undirbúa beðin fyrir gróðursetningu og gefa áburð eða skít. Ef tjörn er í garðinum þarf að hreinsa hana," segir Axel þegar hann er spurður um helstu verkefnin í garðinum þessa dagana.

Þegar Axel er spurður um mosa í grasi, svarar hann: „Það þarf að bera vel á og slá síðan neðarlega og reglulega. Það kemur mosi fyrstu þrjá slættina en síðan nær grasið yfirhöndinni."










**Alvöru græjur** **fyrir vandláta**

# Þýskar Stema kerrur og flutningavagnar á frábæru verði







### Aukabúnaður á Stema 750 Basic

Yfirbygging með segli
Skjólborðahækkun
Grindarhækkun
Lok á lömum
Yfirbreiðslur
Hleðslugrind
Varadekk
Nehjól
Kúlulás

### Stema 2000 box kerrur á lager



**Boxstærð:** 421x202x245 **Dekkjastærð:** 13"
**Heildarburður:** 2000 kg **Þyngd:** 512 kg

**Verð án vsk:** 999.000,-

**Stema hjólakerrur**
Kr. 199.000,- án vsk



Stema 750 kg tveggja hjóla kerrur. Sterkar og léttar kerrur á góðu verði.

**Stærð á palli:** 194 x 108 cm
**Heildarstærð:** 292 x 150 x 55
**Burður:** 603 kg
**Dekkjastærð:** 13"
**Þyngd:** 147 kg

**Stema fólksbílakerrur**
Kr. 119.000,- án vsk



Stema Basic 750 kg fólksbílakerrur eru væntanlegar í apríl. Mikið úrval aukahluta.

**Stærð á palli:** 201x108 cm
**Heildarstærð:** 292x150x87
**Burður:** 615 kg
**Dekkjastærð:** 13"
**Þyngd:** 135 kg

**Stema tækjakerrur**
Kr. 249.000,- án vsk



Stema 750 MUT kerrur fyrir snjósleða og fjórhjól með hallanlegum palli.

**Stærð á palli:** 313x128 cm
**Heildarstærð:** 599x210x73 cm
**Burður:** 559 kg
**Dekkjastærð:** 13"
**Þyngd:** 191 kg

**Stema flutningavagnar**
Frá kr. 549.000,- án vsk



Stema 2700 og 3500 kg flutningavagnar á frábæru verði. Afgreiddir með hliðarborðum,skráningu og tilbúnir til notkunar.

| | 2700 | 3500 |
|---|---|---|
| **Stærð á palli:** | 401x203 | 401x203 cm |
| **Heildarstærð:** | 568 x 216 x 70 cm | |
| **Dekkjastærð:** | 4 x 13" | 4 x 13" |
| **Þyngd:** | 466 kg | 466 kg |
| **Burður:** | 2234 kg | 3034 kg |

**Stema sturtuvagnar**
Frá kr. 699.000,- án vsk



Stema 2700 kg sturtuvagnar með eða án rafdrifinnar vökvadælu. Stema 2700 sturtuvagna með sturtu aftur/hliðar.

**Stærð á palli:** 301x153 cm
**Heildarstærð:** 441 x 166 x 70 cm
**Dekkjastærð:** 4x13"
**Þyngd:** 650 kg
**Burður:** 2050 kg

**Stema bílavagnar**
Kr. 849.000,- án vsk



Stema 3500 bílavagnar með sliskjum, hallanlegum palli og spili til að draga tæki upp á sig.

**Stærð á palli:** 400x201 cm
**Heildarstærð:** 599x210x73 cm
**Burður:** 2660 kg
**Dekkjastærð:** 13"
**Þyngd:** 840 kg

# GTM Professional sláttuvélar á frábæru verði




**GTM 560 6 hestöfl**

6 hp B&S 450 (190 cc)
Stillanlegt handfang
Stór 203/280 mm hjól
Tvöfaldar hjólalegur
Sláttubreidd er 56 cm
Sláttuhæð 30-75 mm
70 lítra safnpoki
Þyngd 45 kg

Verð með vsk **Kr. 69.900,-** Sjálfkeyrandi

**GTM 460 4 hestöfl**

4 hö B&S 500F
Stillanlegt handfang
Stór 203/280 mm hjól
Tvöfaldar hjólalegur
Sláttubreidd er 46 cm
Sláttuhæð er 30-75 mm
Safnpoki er 60 lítra
Þyngd er 31 kg

Verð með vsk **Kr. 59.900,-** Sjálfkeyrandi

**GTM 400 3,5 hestöfl**

3,5 hö B&S 450 á stálramma
Stillanlegt handfang
180/180 mm hjól
Tvöfaldar hjólalegur
Sláttubreidd 40 cm
Sláttuhæð 25-75 mm
Safnpoki 45 lítra
Þyngd 23 kg

Verð með vsk **Kr. 39.900,-**

## Afkastamiklar, þægilegar og vandaðar sláttuvélar

**GTM PRO 52 sláttuorf**

Mitsubishi mótór
2.45 hö / 1.8 kw.
Eldsneytistankur 0.9 l
3 tanna blað 305-25.4
Þyngd 9.2 kg
Titringsvörn



Verð **Kr. 79.900,-**

**GTM PRO 52 hekkklippur**

GTE 25 1,2 hp tvígengismótor
Snúanlegt handfang
Miðflóttaaflskúpling
60 sm blaðlengd
2 tvíeggja blöð
Þyngd 5,5 kg



Verð **Kr. 49.900,-**

## Umboðsaðilar á landsbyggðinni:

**Bolungarvík**
Vélvirkinn sf. Vélsmiðja
Hafnargata 8
415 Bolugarvík
velvirkinn.smidja@simnet.is

**Hellissandur**
Vélsmiðja Árna Jóns
Smiðjugötu 6
360 Hellissandi
Sími: 4366500

**Reyðarfjörður**
Áhaldaleiga Austurlands
Nesbraut 2
730 Reyðarfjörður
Sími: 8947081/8537081

**Dalvík**
Vélvirkinn ehf
Hafnarbraut 7
620 Dalvík
Sími: 466 1088

Fagleg þekking, varahlutaþjónusta og viðgerðir um allt land.

Hjallahrauni 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími 562 3833 - asafl@asafl.is - www.asafl.is

ÁSAFL



Látlaus sporaskja liggur í kringum kirkjuna. Fallegt mynstrið á Hallgrímstorgið kemur í ljós þegar horft er á það úr lofti. MYND/ALISTAIR MACINTYRE

# Torgið líkt og keltneskt kirkjugólf

Þeirra sem koma upp í Hallgrímskirkjuturn bíður óvænt ánægja. Útsýnið yfir borg og bý er jú óviðjafnanlegt en útsýnið yfir nánasta umhverfi kirkjunnar er ekki síður skemmtilegt. Það sem fáir sjá á jörðu niðri er hið fagurlega hannaða Hallgrímstorg.

„Við sóttum innblástur til keltneskra kirkjukrossa og mynstrið er meðal annars fengið frá kirkjugólfi sem er að finna á Suðureyjum við Skotlandsstrendur," segir Ragnhildur Skarphéðinsdóttir landslagsarkitekt en hún og bróðir hennar, Ögmundur Skarphéðinsson, fóru af stað með það verkefni að hanna umhverfi Hallgrímskirkju árið 1996.

„Allt skipulagið á Skólavörðuholtinu tók tíu ár að framkvæma og var gert í sex áföngum. Hallgrímstorgið var annar áfanginn sem unninn var árið 1997," upplýsir Ragnhildur en þau systkinin stofnuðu síðar arkitektastofuna Hornsteina 1998.

Hönnun Skólavörðuholtsins var stórt verkefni enda náði það yfir 30 hektara svæði. „Skólavörðuholtið er eitt stærsta útivistarsvæði í miðborg Reykjavíkur og Hallgrímskirkja er í þungamiðju þess. Þar er að finna merkilega sögu. Þar sá Guðjón Samúelsson fyrir sér „háborg íslenskrar menningar", þar reistu skólapiltar skólavörðuna í kringum 1800 og þar hefur styttan af Leifi heppna staðið frá því Bandaríkjamenn gáfu íslensku þjóðinni hana í tilefni af Alþingishátíðinni 1930. Þegar við komum að verkefninu var umhverfið allt sundurtætt en við reyndum í endurbótunum að draga saman þá meginþætti sem við töldum að ætti erindi á þetta svæði," segir Ragnhildur.

Í kringum kirkjuna var ákveðið að útbúa látlausa sporöskjulaga umgjörð.



Efnisvalið réðst dálítið af því sem til var. „Farið var í þetta verkefni í kjölfar tveggja mjög dýrra verkefna, Ráðhússins og Ingólfstorgs. Við fengum því leifar af graníti sem keypt hafði verið í hin verkefnin og þurftum að vinna úr því ásamt forsteyptum hellum," segir Ragnhildur en granítið nýttu þau á lykilsvæðum, meðal annars í skipið undir styttuna af Leifi heppna. „Við vorum rosalega heppin að á þessum tíma var staddur hér ungur franskur steinsmiður í leit að vinnu. Við gripum hann til að byggja stoðina undir styttuna af Leifi og hann gerði það snilldarlega með í raun ónýtu efni."

Hallgrímstorgið hönnuðu þau systkinin eins og áður sagði undir áhrifum frá keltneskum kirkjukrossum. Lagning gólfsins var nokkuð flókin. „Steinarnir voru litlir og lélegir og nokkuð deilt um hvernig ætti að skera þá til að brotin yrðu ekki of lítil svo hætta væri á að þau dyttu upp úr mynstrinu," segir Ragnhildur og bendir á að á tímabili hafi fólk verið að kroppa steina upp úr stéttinni og taka með sér sem minjagripi.

„Í dag er okkar aðaláhyggjuefni hins vegar sú mikla traffík af þungum rútum sem fer inn á þetta viðkvæma svæði. Þessar hellur eru frekar þunnar og aðeins ætlaðar gangandi vegfarendum.

Við vitum að alls staðar í miðbænum eru hellur að brotna út af þessum þungu bílum og kirkjan og borgin þurfa að reyna að koma í veg fyrir að það gerist á Hallgrímstorgi, annars raknar hellulögnin upp eins og peysa."



Ungur franskur steinsmiður var fenginn til að búa til skipsstefnið sem Leifur heppni stendur á og horfir niður Skólavörðustíginn.



# Alhliða garðaþjónusta allan ársins hring

Bræðurnir **Hjörleifur Björnsson** og **Róbert Bjargarson** reka garðyrkjufyrirtækið Garðaþjónustu Íslands. Fyrirtækið tekur að sér alhliða garðvinnu og viðhald allan ársins hring fyrir einstaklinga, húsfélög og fyrirtæki.

„Við erum alhliða garðaþjónusta með öflugar viðhaldsdeildir. Við sjáum um allt sem viðkemur garðinum, slátt, beðahreinsun, trjáklippingar og fleira, fyrir einstaklinga, húsfélög og fyrirtæki. Þá erum við einnig öflugt verktakafyrirtæki og tökum að okkur lóðabreytingar og meiriháttar hellulagnir og smíðavinnu," segir Hjörleifur Björnsson, annar eigandi Garðaþjónustunnar, en fyrirtækið rekur hann ásamt bróður sínum, Róberti Bjargarsyni.

„Við erum fyrst og fremst á einstaklingsmarkaðnum og einbeitum okkur að því að þjónusta einkagarða. Í viðhaldsþjónustu hjá okkur allt árið er einnig mikið af húsfélögum í bland við einstaklinga. Þá sjáum við um allt frá A til Ö sem viðkemur garðinum og bílaplani. Á veturna felst þjónustan í hálkueyðingu, söndun og snjómokstri. Á vorin og sumrin tekur svo við hefðbundin garðyrkja, s.s. klippingar, sláttur o.s.frv.

**Persónuleg þjónusta**

„Garðaþjónusta Íslands er ekki stórt fyrirtæki og við viljum ekki vera það, einfaldlega vegna þess að við viljum gera hlutina vel og hafa yfirsýn yfir starfsemi okkar," segir Hjörleifur. „Við viljum taka að okkur minna og gera það þá betur og leggjum okkur fram um að veita persónulega þjónustu. Við erum ekki í færibandavinnu."

> **Garðaþjónusta Íslands er ekki stórt fyrirtæki og við viljum ekki vera það, einfaldlega vegna þess að við viljum gera hlutina vel og hafa yfirsýn yfir starfsemi okkar. Við viljum taka að okkur minna og gera það þá betur og leggjum okkur fram um að veita persónulega þjónustu.**
>
> *Hjörleifur Björnsson*

**Fagmenn**

„Við höfum fagmenntað fólk í okkar hópi og hjá okkur starfar meðal annars skrúðgarðyrkjufræðingur. Þar að auki búum við yfir gríðarlegri reynslu, sem að hluta til er komin til vegna þess að við stofnuðum fyrirtækið 2008 þegar lítið var um stærri framkvæmdir og við þurftum því að taka að okkur öll verk sem buðust. Þess vegna hefur fyrirtækið þróast út í að vera mjög sterk alhliða garðaþjónusta og mjög vel tækjum búið í alla garðyrkju og framkvæmdir."

**Skipulag fram í tímann**

Hjörleifur segir sprengingu hafa orðið á markaðnum á síðasta ári og fyrirspurnum og verkefnum fjölgaði svo um munaði. Því þurfi fólk að skipuleggja framkvæmdir vel fram í tímann.

„Nú er sá tími árs að ganga í garð þar sem eftirspurnin verður mikil. Á síðasta ári varð algjör sprenging og við lentum í því í fyrsta skipti að geta ekki einu sinni svarað öllum fyrirspurnum. Það er liðin sú tíð að hægt sé að hringja í garðyrkjumann og hann er kominn eftir viku. Fólk þarf að hugsa fram í tímann varðandi framkvæmdir sem á að fara í, hellulagnir, pallasmíði og annað; hafa samband og skipuleggja fram í tímann," segir Hjörleifur.

**Nánari upplýsingar er að finna á www.garda.is.**



Hjörleifur Björnsson og Róbert Bjargarson reka Garðyrkjuþjónustu Íslands.
MYND/HANNA ANDRÉSDÓTTIR


Áratuga reynsla, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta eru okkar aðalsmerki.
Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur garðinum þínum. Hafið samband og leitið tilboða.




okkar þjónusta

- HELLULAGNIR
- HLEÐSLUR
- PALLASMÍÐI
- JARÐVEGSVINNA
- JARÐVINNA
- ÞÖKULAGNIR & PLÖNTUN
- GARÐSLÁTTUR
- BEÐAHREINSUN
- TRJÁKLIPPINGAR
- TRJÁFELLINGAR
- GARÐAÚÐUN & EITRUN
- JÓLASKREYTINGAR

um okkur

Við hjá Garðaþjónustu Íslands tökum að okkur flest öll þau verk sem tengjast lóðaframkvæmdum, garðaumönnun og garðyrkju. Þessi listi er vissulega ekki tæmandi yfir þau verk sem við tökum að okkur.



Hjörleifur Björnsson
S: 844 6547
hjorleifur@garda.is

GARÐAÞJÓNUSTA ÍSLANDS
- alhliða garðaþjónusta

Róbert Bjargarson
S: 866 9767
robert@garda.is

www.garda.is | garda@garda.is | www.garda.is | garda@garda.is



## Kröftug planta

Rabarbari er upphaflega frá Asíu en hefur verið ræktaður hér á landi í um það bil 130 ár. Rabarbari er fjölær, gróskumikil og plássfrek planta sem getur orðið allt að 60-70 sentimetrar á hæð. Blöðin geta orðið allt að 50 til 60 sentimetrar í þvermál. Rabarbari sprettur snemma sumars og er hægt að taka upp stilka af sömu plöntunni nokkrum sinnum yfir sumarið.

Hægt er að nýta rabarbara á ýmsa vegu; jafnt stilka og blöð. Úr stilkunum má vinna sultur, grauta, saft, sósur, vín, bakkelsi og margt fleira. Úr laufblöðunum er búið til eitur til að eitra fyrir lús og maðki í trjám. Þau er líka hægt að nota til að lita ull og lopa. Áður fyrr voru ræturnar notaðar til lækninga.

Rabarbari er frábær í pæ. Hér er uppskrift í hollari kantinum.

**400 g rabarbari**
**2 msk. kartöflumjöl**
**2 tsk. kanill**
**100 g dökkt súkkulaði (a.m.k. 75%)**
**3 dl hveiti**
**1 dl kókosmjöl**
**½ dl strásæta**
**100-150 g smjör (lint)**

Skerið rabarbarann í hæfilega bita og dreifið í eldfast mót. Stráið kartöflumjöli, kanil og brytjuðu súkkulaði yfir.

Blandið hveiti, kókosmjöli og strásætu saman í skál. Skerið smjörið í nokkra bita og hnoðið það inn í þurrefnin þar til myndast gróf mylsna. Dreifið henni yfir rabarbarann. Bakið við 200 gráður í 20 mínútur eða þar til bakan hefur fengið gylltan lit.
*www.gardheimar.is*

## Lífrænt er besti áburðurinn

Moltun lífræns úrgangs úr eldhúsinu, laufa, grass og gróðurafklippa hefur marga jákvæða þætti í för með sér. Auk þess að minnka sorpið þá styður jarðgerð úr lífrænum úrgangi við náttúrulega hringrás og nýtist sem verðmætur áburður í garðræktina.

Þroskuð molta er einn besti áburður sem fæst, hún er rík af næringarefnum og gróðurinn verður kröftugri með henni og verst betur skaðlegum dýrum og sjúkdómum.

Við jarðgerð þarf að varast að setja of mikið af sama úrganginum í einu í moltuna því það getur gert örverum erfitt fyrir. Því þarf að blanda matarleifum og grasi saman við þurrefni og garðaúrgang.

Ýmislegt úr garðinum má nota í moltugerðina svo sem gras, mosa, visnaðan gróður, lauf, börk, barr, greina, kvisti og hey. Grófari garðúrgang er betra að kurla og miða þá við um tíu sentimetra. Þannig nýtist plássið betur og rotnun gengur hraðar fyrir sig.



# ANANASJARÐARBER Í SALATIÐ

Ananasjarðarber eða pineberry er ræktunarafbrigði af jarðarberjum, sem varð til við víxlfrjóvgun Fragaria chiloensis frá Suður-Ameríku og Fragaria virginiana frá Norður-Ameríku.

Plantan líkist jarðarberjaplöntunni og berin rauðu jarðarberjunum sem við þekkjum, að því undanskildu að berin eru hvít eða ljósbleik með rauðum fræjum og bragðast eins og blanda af ananas og jarðarberjum.

Plantan var sett á markað í Þýskalandi árið 2009 og hefur verið fáanleg á Íslandi um nokkurra ára skeið. Hún er ræktuð eins og jarðarber og þrífst best í skjóli og á sólríkum stað. Nauðsynlegt er að skýla henni yfir veturinn.

Plöntuna má gróðursetja í maí og vænta má uppskeru sama sumar. Ekki er mælt með að planta mjög djúpt. Þá getur það tekið nýjar plöntur 1-2 ár að festa sig og skjóta rótum áður en þær fara að gefa af sér.

Fyrst verða berin græn og síðan hvít með rauðum fræjum. Einn af kostum þessarar tegundar er sá að fuglar halda að berin séu óþroskuð og láta þau því vera. Berin má borða beint af plöntunum og þau eru sömuleiðis góð í sumarsalatið eða deserta.

Heimild: bbl.is, gardheimar.is






Mosatætarar
Vandaðir mosatætarar á hagstæðu verði



Model VA 302 E
Rafmótor 1600 W
Vinnslubreidd 30 cm
Safnpoki 45 lítra
Hentar í minni garða



Model VA 389 B
B&S 750 Bensínmótor
Vinnslubreidd 38 cm
Safnpoki 50 lítra
Hentar í stærri garða



Klippur
Trjáklippur - Greinaklippur - Limgerðisklippur - Rósaklippur





Kurlarar
Öflugir greinakurlarar - taka allt að 45 mm stofna



Model SDL 2800 EVO
Einfasa rafmótor 2800 W
Sjálfbrýnandi kurlaravals
Koma með safnkassa
Meðfærilegir
Auðveldir í allri notkun
Hljóðlátir



Áburðardreifarar
Grasið verður grænna með góðri og jafnri áburðargjöf



Model WE-B
Rafhlöðuknúinn kastdreifari
Vinnslubreidd allt að 2,5 m
Hentugur fyrir minni garða



Model WE-330
Áburðardreifari
Vinnslubreidd 41 cm
Rúmtak 15 lítrar



Model WE-430
Áburðardreifari
Vinnslubreidd 43 cm
Rúmtak 20 lítrar

ÞÓR HF
Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
Akureyri: Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555
Opnunartími: Opið alla virka daga frá kl 8:00 - 18:00, Lokað um helgar
Vefsíða og netverslun: www.thor.is

# SOCIAL PROGRESS WHAT WORKS?

**28 APRIL 2016**
HARPA Conference Centre, Reykjavík, Iceland
Norðurljós Hall: 08:30-15:00
Silfurberg: 16:00-18:00
Moderator: Michael Green, CEO of SPI

Join Professor **Michael E. Porter** for a meeting of social innovators from around the globe to identify solutions to some of the world's biggest problems.



The conference will be a watershed discussion of how countries, cities and regions have achieved standout social progress results. Insight from the Social Progress Index will anchor these conversations.

**Space is limited, so register now: www.gekon.is**

## SESSION 1: BASIC HUMAN NEEDS

**Dr. Swarnim Wagle, Nepal**
Former Member, Nepal Planning Commission

**Francis Gatare, Rwanda**
Chief Executive Officer, Rwanda Development Board

## SESSION 2: FOUNDATIONS OF WELLBEING

**Rakel Óttarsdóttir**
Chief Operating Officer, Arion Bank

**Beto Verissimo, Brazil**
Co-founder, Imazon

## SESSION 3: OPPORTUNITY

**Dr. Girol Karacaoglu, New Zealand**
Chief Economist, New Zealand Treasury

**Angel Toña**
Basque Minister of Employment and Social Affairs

## SESSION 4: SOCIAL PROGRESS IN AGGREGATE

**Victor Umaña, Costa Rica**
Director CLACDS, INCAE Business School

**Angela Escallon Emiliani, Medillín, Colombia**
Executive Director, Fundacion Corona

## OTHER SPEAKERS

**Mr. Sigurður Ingi Jóhannsson,** Prime Minister of Iceland
**Ms. Liv Bergþórsdóttir,** CEO, NOVA
**Mr. Dagur B. Eggertsson,** Mayor, City of Reykjavík
**Mr. Matthew Bishop,** The Economist
**Prof. Jón Atli Benediktsson,** President, University of Iceland
**Prof. Martha Minow,** Dean, Harvard Law School
**Prof. Marc Fleurbaey,** Chair, International Panel on Social Progress
**Ms. Mette Lindgaard,** Partner, Deloitte
**David Erasmus & Louis Cole,** founders of The Solvey Project

**More information and full program here: www.socialprogressimperative.org**

Prime Minister's Office
NOVATOR
GEKON
Arion banki
Deloitte.
REYKJAVÍK LOVES #reykjavikloves
SOCIAL PROGRESS IMPERATIVE



# Tók þrjú ár að fá Ronaldo frá Manchester til Madríd

Viðskiptamódel Real Madrid síðustu ár hefur gengið út á að kaupa stærstu stjörnur heimsfótboltans. Calderón segir hafa gengið að kaupa margar af þeim stjörnum sem hann hafi viljað fá en ekki allar. „Við reyndum að kaupa Fabregas, en hann ákvað að fara til Barcelona, hann var fæddur þar og vildi fara þangað.“

**Það tók tvö ár að semja við hann og Manchester United. Alex Ferguson vildi auðvitað ekki að hann færi.**

Stærstu og bestu kaupin hafi hins vegar verið Cristiano Ronaldo, sem kom til Real Madrid sumarið 2009 og var á þeim tíma dýrasti knattspyrnumaður sögunnar. 360 mörk í 344 leikjum fyrir Real Madrid og tvívegis valinn besti leikmaður heims.

Það var erfitt en leikmaðurinn vildi koma. „Það tók tvö ár að semja við hann og Manchester United. Alex Ferguson vildi auðvitað ekki að hann færi.“

Calderón segir hann hafa náð samningum við Ronaldo tímabilið 2007/2008. „Ég samdi við hann en hann bað mig um að fá að vera ár í viðbót því að hann var mjög þakklátur aðdáendunum, Ferguson og borginni,“ segir Calderon. Gengið hafi verið frá samningunum í desember 2008 og Ronaldo var svo kynntur til leiks í Madríd sumarið 2009.



**Ronaldo hefur tvíveigis verið valinn besti leikmaður heims sem leikmaður Real Madrid.** NORDIC PHOTOS/GETTY

faldast. Þá hafi verið lögð áhersla á að hafa reksturinn réttum megin við núllið. „Það er mjög mikilvægt að hafa sjálfbært módel. Það dugar ekki að kaupa alla bestu leikmennina ef það setur þig á hausinn.“

**Hætti á miðju kjörtímabili**

Í janúar 2009 sagði Calderón starfi sínu sem forseti Real Madrid lausu, þegar eitt og hálft ár var eftir af kjörtímabili hans. „Það var of mikið álag á mörgum vígstöðvum, fjölskyldan vildi að ég væri meira til taks. Ég var að vanrækja eigin lögfræðiskrifstofu. Ég ferðaðist stanslaust í tvö, tvö og hálft ár, ég var ekki að sinna viðskiptavinum mínum, þannig að ég ákvað að hætta, þetta var of mikið. Núverandi forseti hafði líka hug á að snúa aftur svo ég ákvað að leyfa honum að taka við. Starf forseta og stjórnarmanna Real Madrid er ólaunað.„Þú færð ekki borgað í þessari stöðu og ég átti ekkert einkalíf, þar sem ég var stanslaust að ferðast með félagi með 600 milljóna evra veltu og 700 starfsmenn í vinnu á leikdegi, 600-700 starfsmenn í fullu starfi.“

Calderón steig til hliðar eftir að hafa verið sakaður um að hafa

**Það var of mikið álag á mörgum vígstöðvum, fjölskyldan vildi að ég væri meira til taks. Ég var að vanrækja eigin lögfræðiskrifstofu.**

komið tíu manns, sem ekki höfðu til þess leyfi, inn á kosningafund hjá Real Madrid. Calderón hefur alltaf neitað aðkomu að málinu. Hann segir málið hafa farið fyrir rétt, þar sem dómari hafi hreinsað hann af öllum sökum. „Líkt og í stjórnmálum er mikið tekist á og margir sem hafa áhuga á að vera í þinni stöðu, og ég vildi ekki taka þátt í þeim slag lengur.“

**Vill kynna Ísland fyrir heiminum**

Calderón er heillaður af landi og þjóð. Hann vill kynna Ísland fyrir heiminum „Þið breyttuð hugmyndum fólks um hvernig taka átti á kreppunni,“ segir Calderón. Hann er einn þeirra sem standa að ráðstefnu í Hörpu þann 11. maí, sem fjallar um knattspyrnu og viðskipti.





TAKTU FRUMKVÆÐI
AÐ EIGIN FRAMA
KYNNINGARFUNDUR UM MBA-NÁM HÁSKÓLA ÍSLANDS

**Fimmtudaginn 28. apríl** verður kynningarfundur MBA-námsins í Háskóla Íslands. Fundurinn verður haldinn í stofu 101 á Háskólatorgi kl. 12:10–12:50.

**Magnús Pálsson forstöðumaður MBA-námsins** kynnir námið og fyrirkomulag þess og **Katrín M. Guðjónsdóttir MBA 2015 og markaðsstjóri Skeljungs** segir frá reynslu sinni af náminu.

**Skráning fer fram á mba.is**

ASSOCIATION OF MBAS
HÁSKÓLI ÍSLANDS | MBA
www.mba.is

Frábært tækifæri

Til leigu 1-2 rými á besta stað, á móti ÁTVR í verslunarmiðstöðinni Hyrnutorgi, í hjarta vesturlands á mjög vaxandi ferðamannasvæði.

Hentar fyrir t.d.
Útivistarverslun
Veitingasölu
Sport-hestavörur
Kaffihús
Blóma-gjafavöru
verslun o.fl.

Allarar nánari upplýsingar
í síma 430-5502 / Guðsteinn
eða gudsteinn@kb.is
Borgarland ehf.



## Húsnæðismál



**Una Steinsdóttir,**
framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Íslandsbanka

# Þetta er hægt

Eitt stærsta hagsmunamál fyrir heimilin í landinu sem og hagkerfið í heild sinni er skilvirkur og aðgengilegur húsnæðismarkaður.

Síðastliðið haust gaf Greining Íslandsbanka út ítarlega skýrslu um íslenska íbúðamarkaðinn, þar sem m.a. kom fram að allar líkur væru á því að samhliða aukinni veltu héldi húsnæðisverð áfram að hækka næstu árin. Fyrstu mánuðir þessa árs gefa ekki annað til kynna en að þessi staða hafi verið rétt metin.

Mikil umræða hefur átt sér stað um stöðu fyrstu kaupenda á húsnæðismarkaðnum og hefur þjónusta Íslandsbanka þróast hratt til að mæta þörfum þeirra. Fyrir nokkrum árum voru húsnæðissparnaðarreikningar settir á laggirnar og mögulegt er að fá aukalán vegna fyrstu íbúðarkaupa. Það lán var nýlega hækkað upp í tvær milljónir króna og sem dæmi er hámarks lánshlutfall á 30 milljóna kr. íbúð, 87% af kaupverði.

Það er því sérlega ánægjulegt að sjá að hlutdeild fyrstu kaupenda hefur farið vaxandi, úr því að mælast rétt ríflega 10% þinglýstra kaupsamninga á árinu 2011 í tæplega fjórðung á árinu 2015 samkvæmt gögnum Hagstofunnar. Þar skiptir líka máli það úrræði stjórnvalda að heimila kaupendum fyrstu íbúðar að nýta séreignarsparnað skattfrjálst til að kljúfa útborgun í fyrstu eign eða greiða inn á höfuðstól húsnæðisláns. Til að styðja enn betur við fyrstu kaupendur hefur lántökugjald Íslandsbanka fyrir fyrstu kaupendur verið fellt niður.

Sú áskorun sem flest íslensk þjónustufyrirtæki standa frammi fyrir er að mæta auknum kröfum um upplýsingagjöf og sjálfsafgreiðslu á netinu sem eykur skilvirkni fyrir alla aðila. Nú býður Íslandsbanki upp á þann möguleika að sækja um netgreiðslumat undirritað með rafrænum skilríkjum sem mun spara viðskiptavinum sporin. Þetta er hluti af þeirri stafrænu vegferð sem bankinn er í og það hefur sýnt sig með nýju greiðslumiðlunarappi Kass, sem og Íslandsbanka appinu, að sífellt fleiri vilja afgreiða bankaviðskipti sín hvar og hvenær sem er, og í raun hafa bankann í vasanum. Þróuninni mun fleygja hratt fram og má nefna að á næstu misserum er stefnt að því að gera þinglýsingar rafrænar og verður húsnæðislánaferlið því enn einfaldara og þægilegra fyrir viðskiptavininn.

Þessum nýjungum munu viðskiptavinir ekki eingöngu finna fyrir í bættri þjónustu heldur einnig í hagstæðari lánskjörum.

## Á leið á markaðinn



Yfirvöld í Kambódíu hafa áhyggjur af því að loftslagsbreytingar hafi áhrif á lífríki sjávar og vilja draga úr veiðum. Þessir Kambódíumenn virtust þó áhyggjulausir þegar þeir báru fisk á markað í höfuðborginni Phnom Penh. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Von um fótboltakraftaverk



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Hinn þjóðsagnakenndi knattspyrnustjóri Liverpool FC, Bill Shankly, sagði einu sinni: „Sumir halda að fótboltinn sé upp á líf og dauða. Þetta viðhorf veldur mér miklum vonbrigðum. Ég get fullvissað ykkur um að hann er miklu, miklu mikilvægari en það.“

Ég verða að segja að ég hef tilhneigingu til að vera sammála Shankly um þetta og ég er viss um að margir á Íslandi munu samsinna þessu þegar Íslendingar spila sinn fyrsta leik í Evrópukeppni í Frakklandi í sumar.

Íslenska liðið er augljóslega alger lítilmagni. Ekki einu sinni bjartsýnustu stuðningsmenn Íslands hefðu trúað því að liðið kæmist einu sinni í úrslitakeppnina í Frakklandi, en það hefur engu að síður gerst. Svo spurningin er: Hvernig mun Íslandi ganga?

Hagfræðingar hafa auðvitað svar við því eins og öðru. Reyndar er til undirgrein hagfræðinnar sem snýr að íþróttum og hagfræði og kallast sportometrics. Sportometrics notar tæki hagfræðinnar – til dæmis tölfræðigreiningu – til að greina íþróttir og þar á meðal til að spá um fótboltaúrslit.

Og hvort sem þið trúið því eða ekki þá hefur mikið verið skrifað um úrslitaspár í fótbolta. Og hvað segir þessi umfjöllun okkur um hvaða þættir séu mikilvægir fyrir árangur í fótbolta?

Augljóslega hafa þættir eins og fótboltahefð (hugsið um Þýskaland og England) og núverandi form liðsins (hugsið um styrkleikalista FIFA) mikið forspárgildi um árangur inni á vellinum. En ýmsar rannsóknir hafa einnig sýnt fram á verulegt mikilvægi efnahagslegra þátta eins og vergrar landsframleiðslu á mann, en einnig stærð landanna (stærri löndum gengur gjarnan vel). Og hagurinn af heimavellinum hefur mjög mikið að segja. Nokkrar rannsóknir hafa sýnt að heimavallarforskotið á móti eins og Evrópukeppninni samsvari því að vera 1-0 yfir þegar leikurinn hefst.

Flestir þessara þátta gefa okkur litla ástæðu til að vera bjartsýn á frammistöðu Íslendinga í Frakklandi – Ísland er smáríki sem hefur aldrei spilað á stórmóti í fótbolta, það er ekki löng og sterk fótboltahefð í landinu og Íslendingar njóta þess ekki beint að vera á heimavelli. Hins vegar gefur einn þátturinn smávon – verg landsframleiðsla á mann. Íslendingar eru auðug þjóð og að öðru jöfnu (eins og hagfræðingar segja gjarnan) ætti það að vera okkur í hag í Frakklandi.

**Þetta lítur út eins og kraftaverk. Íslendingar leika til úrslita gegn … Svisslendingum!**

Ímyndum okkur nú að keppnin myndi bara snúast um verga landsframleiðslu á mann. Íslendingar mæta Portúgölum, Austurríkismönnum og Ungverjum í F-riðli. Og góðu fréttirnar eru að Ísland hefur mesta verga landsframleiðslu á mann af þeim öllum (56.000 Bandaríkjadali) – miklu meiri en þeir sem veðmangarar telja sigurstranglegasta, Portúgalar. Svo að miðað við verga landsframleiðslu á mann ættum við að vinna F-riðil auðveldlega.

Sigur í F-riðli þýðir að Ísland mætir liði númer 2 í E-riðli. Miðað við verga landsframleiðslu á mann verður það Svíþjóð (sem nú er með aðeins minni verga landsframleiðslu en Írland). Þetta verður mjög tvísýnn leikur en Íslendingar munu vinna þar sem verg landsframleiðsla á mann á Íslandi er um 10% meiri en í Svíþjóð. Því miður, Zlatan – þú ert úr leik!

Og þar með er Ísland komið í fjórðungsúrslit – á móti Englandi! Og hvað haldið þið? Það verður auðveldur sigur fyrir Íslendinga því verg landsframleiðsla á mann í Bretlandi er ekki nema aumir 42.000 dalir.

Þá er komið að undanúrslitunum. Gegn Þýskalandi! Og aftur – guði sé lof fyrir hina veiku evru – vinna Íslendingar Þjóðverja vegna meiri vergrar landsframleiðslu á mann.

Þetta lítur út eins og kraftaverk. Íslendingar leika til úrslita gegn … Svisslendingum! Og þar með er komið að lokum. 56.000 dala verg landsframleiðsla á mann má sín lítils gegn 78.000 dölum Svisslendinga.

Íslendingar munu ekki endurtaka velgengni Dana á Evrópumótinu 1992, en það verður mjög nálægt því, að minnsta kosti ef spá okkar byggist á vergri landsframleiðslu á mann. Svo viljið þið nú einu sinni hlusta á hagfræðinginn?

# Hefur óvissa í stjórnmálum áhrif á íbúðaverð í Breiðholti?



## Hin hliðin

**Sigríður Hrund Guðmundsdóttir**
**rekstrarhagfræðingur**

Fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkar áfram enda eru lykilstærðir mjög jákvæðar og benda til áframhaldandi hækkana. En hvað er það sem drífur fasteignaverð áfram? Í grunninn er það fólksfjölgun og launaþróun. Við þetta bætast svo bætt aðgengi að lánsfé, lægri vextir og bætt skuldastaða heimilanna. Búist er við áframhaldandi aukningu kaupmáttar en það er einfaldlega ekki verið að byggja nóg af íbúðum til að anna eftirspurn, því þjóðinni fjölgar og við erum farin að flytja inn vinnuafl aftur. Síðustu ár hefur byggingaiðnaðurinn verið að taka við sér en hefur samt meira einbeitt sér að hótelbyggingum, þar sem ferðamannafjöldinn vex á stjarnfræðilegum hraða. Þetta ýtir enn frekar undir hækkun fasteignaverðs.

Við þessar aðstæður hefur verð á fasteignum í miðbæ hækkað langt umfram það sem við höfum séð áður. Fyrir 20 árum var verðmunur ekki svo ýkja mikill milli hverfa en raunin er allt önnur í dag þar sem mun eftirsóknarverðara er að búa í miðbæ og staðsetning skiptir verulega máli, ekki síst vegna leigu til ferðamanna. Loksins erum við farin að sjá verðhækkanir smitast út í úthverfin en þau hafa setið verulega eftir síðustu misseri. Það geta ekki allir né vilja búa í miðbænum.

Nú eru væringar í stjórnmálum. Hvaða áhrif getur það haft á þróun fasteignaverðs ef við tekur uppstokkun í stjórnarliðinu? Opinber inngrip sem skapa ójafnvægi á húsnæðismarkaði gætu haft verulegar afleiðingar eins og skattaumgjörð og bótakerfi. Það er freistandi að hækka bætur og styrki til íbúðarkaupa eða leigutaka, en hættan er að það muni í raun ekki hjálpa þeim sem raunverulega þurfa á því að halda, heldur þvert á móti hækka fasteignaverð og kynda undir verðbólgu. Sögulega hefur fasteignaverð þó hækkað umfram verðbólgu til lengri tíma litið. Það er einhvern veginn svo augljóst að það myndi draga úr hækkunum að gera byggingaaðilum auðveldara að byggja íbúðarhúsnæði með minni tilkostnaði. Aðrir þættir geta líka haft áhrif á fasteignaverð eins og afnám hafta, aðgerðir í ríkisfjármálum og verðbólguvæntingar. Útkoman úr næstu kosningum getur því haft veruleg áhrif á þróun fasteignaverðs, t.d. í Breiðholti.



Sumarið er tíminn
Græjaðu þig upp með vatnsheldum hjólatöskum og bakpokum frá Ortlieb
ERUM FLUTT - NÝTT HEIMILISFANG:
BÆJARLIND 6, 201 KÓPAVOGI
ORTLIEB
WATERPROOF
Packman Pro2
Bakpoki - 20 lítra
Kr. 24.800,-
Commuter-Bag
Urban Line
Hjólataska - 14 lítra
Kr. 28.900,-
Back-Roller
Urban Line
Hjólataska - 20 lítra
Kr. 14.900,-
Back-Roller Classic
Hjólatöskur - 2x20 lítra
Kr. 23.900,-
Velocity
Bakpoki - 20 lítra
Kr. 18.900,-
Downtown
Hjólataska - 18 lítra
Kr. 23.900,-
Bike-Shopper
Hjólataska - 20 lítra
Kr. 16.600,-
Söluaðilar:
Byko
Heimkaup
Kría hjól
Markið
Reiðhjólaverzlunin Berlín
Skíðaþjónustan Akureyri
Útilíf, Glæsibæ og Smáralind
Ultimate6 Classic
Stýristaska - 7 lítra
Kr. 15.900,-
FJALLI.IS
Bæjarlind 6 201 Kópavogur
S: 578-5050 www.fjalli.is
Allar vörur ORTLIEB eru 100% ryk- og vatnsheldar með 5 ára ábyrgð

MARKAÐURINN
FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 27. apríl 2016

Íslenska úrvalsvísitalan
1.922,99 +16,7
(0,9%)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

# Kjarni málsins

Vinna við Panama-skjölin svonefndu hefur verið á hendi fjögurra fjölmiðla. Þessir miðlar hafa getað valið hverjum verði kastað fyrir ljónin hverju sinni, og hverjum skuli hlíft. Í því felast mikil völd.

**Því miður** er ekki að sjá að þeir sem fara með þessi völd hafi sérstaka ábyrgðartilfinningu eða kunni að skilja Kjarnann frá hisminu.

**Þannig er** oft á tíðum ekki um miklar uppljóstranir að ræða, heldur í raun upplýsingar sem hafa alla tíð verið opinberar í fyrirtækjaskrám hinna ýmsu landa. Leyndin er ekki meiri en svo, en með því að vísa sí og æ til Panama-skjalanna er þetta sett í þann búning að verið sé að fletta ofan af leynimakki miklu.

**Í mörgum** tilfellum virðist sem ekkert óeðlilegt sé á ferðinni. Athafnafólk, sem búsett hefur verið erlendis til fjölda ára, á félög á erlendri grundu, stundar sín viðskipti þar og borgar sína skatta og skyldur. Varla sérstaklega fréttnæmt.

**Í öðrum** tilvikum eru tengingarnar svo langsóttar að varla er annað hægt en að skella upp úr. Þætti blaðamanninum sanngjarnt að þurfa að bera ábyrgð á viðskiptum látins tengdaföður síns?

**Fáránleikinn** nær þó hæsta stigi þegar hann er farinn að bíta sjálfa stjörnublaðamennina í afturendann. Þannig hefur Vilhjálmur Þorsteinsson, einn aðaleigenda Kjarnans, nú sagt sig úr stjórn félagsins þar sem hann sagði ósatt um aflandseignir sínar. Raunar er furðulegt að siðapostularnir á Kjarnanum hafi ekki ýtt við Vilhjálmi fyrr, en eignarhlutur hans er í gegnum félagið Miðeind ehf., sem aftur er í eigu Meson Holding sem skráð er í Lúxemborg.

**Meðal annarra** eigna Meson Holding var hlutur í fjárfestingafélaginu Teton, sem margoft hefur komið fram að hagnaðist gríðarlega á skortstöðum gegn íslensku krónunni. Aðspurður á sínum tíma, sagðist Vilhjálmur ekki geta tjáð sig enda upplýsi hann aldrei um einstakar fjárfestingar. Hið sama virtist ekki eiga við um fjárfestingu hans í Kjarnanum sem hann hefur verið óhræddur að tjá sig um.

**Nú er** spurning hvort er alvarlega í huga forsvarsmanna Kjarnans, að segja ósatt um aflandseign, eða að hafa hagnast á, og ásamt öðrum, stuðlað að hruni krónunnar meðan heimilisbókhaldið hjá flestum stóð í ljósum logum?

**Kannski** hefðu Kjarnamenn átt að vinna heimavinnuna sína betur áður en þeir völdu sér fjárfesta. Eitt er víst að nú þurfa þeir að styrkja stoðir glerhússins – áður en það hrynur til grunna.

HREINT
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

## 550

**ÞÚSUND KRÓNUR**

fær stjórnarformaður Regins greiddar á mánuði fyrir störf sín í þágu félagsins. Meðstjórnendur fá 275 þúsund á mánuði og varamenn fá 140 þúsund fyrir hvern setinn stjórnarfund, en þó ekki hærra en 275 þúsund krónur á hverjum mánuði. Þetta var ákveðið á aðalfundi Regins sem fram fór í Hörpu á mánudaginn. Sjálfkjörið var í stjórn eftir að Vignir Óskarsson dró framboð sitt til baka.

## 1,9

**MILLJARÐA KRÓNA**

hagnaður varð af rekstri Marels fyrsta ársfjórðung. Pantanabókin stóð í 339,9 milljónum evra í lok fjórðungsins. Í afkomutilkynningu bauð Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marels, starfsmenn MPS velkomna til fyrirtækisins. Marel yfirtók fyrirtækið MPS 29. janúar síðastliðinn.

**25.04.2016**



**Fjármögnunarmódelið sem spítalinn hefur búið við lengi er föst fjárlög og fastur rammi, óháð því hvað er að gerast á spítalanum. Það er ekki besta leið til að fjármagna svona stóra stofnun, enda er verið að vinna í því og ráðuneytið hefur markvisst unnið í því að breyta greiðslufyrirkomulagi þannig að það fé sem spítalinn fái sé í samræmi við verkefni og afköst.**

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans




- **John Seddon** prófessor og upphafsmaður The Vanguard Method skýrir hvernig hefðbundnar fjárhagsáætlanir skaða frammistöðu fyrirtækja þrátt fyrir trú stjórnenda á hið gagnstæða.
- **Nevine White** framkvæmdastjóri hjá Beyond Budgeting Round Table North America fjallar um innleiðingu Beyond Budgeting hjá Time Warner Telecom í Bandaríkjunum.
- **Tom Georg Olsen** forstjóri norska upplýsingatæknifélagsins Miles sem hefur vakið mikla athygli fyrir óhefðbunda nálgun á stjórnun og árangur með þjónandi forystu segir sögu félagsins.
- **María Arthúrsdóttir** forstöðumaður Hagdeildar hjá Vodafone hefur stýrt innleiðingu á Beyond Budgeting hjá félaginu síðan 2009 segja frá reynslu félagsins af aðferðafræðinni.
- **Bjarte Bogsnes** framkvæmdastjóri hjá Statoil og stjórnarformaður Beyond Budgeting Institute lokar ráðstefnunni.

**Tvö námskeið verða haldin 3. maí í tengslum við ráðstefnuna**

1. **Beyond Budgeting með Bjarte Bogsnes** – Aðferðafræðin í hnotskurn, áskoranir við innleiðingu, samspil með öðrum aðferðum eins og Agile, frammistöðumat, hlutverk fjármálastjórans og ný raundæmi úr næstu bók.
2. **Áskoranir við fyrstu skref innleiðingar með Nevine White** – Nevine fjallar um hvernig byggja á upp traust við innleiðingu Beyond Budgeting og hvernig stýra má auðlindum sem er ein helsta áskorun fjármálastjóra þegar árleg áætlun er ekki til staðar.

**Skráning og nánari upplýsingar:** www.manino.is

**Fyrirspurnir:** beyond@manino.is

Ráðstefnugjald er 49.000 kr. en verð í forsölu er 39.000 kr. og gildir fram að 4. apríl.

Beyond Budgeting Institute

Manino

## 500-999 þús.



**TILBOÐSVERÐ 790ÞÚS !!**
Toyota Avensis 1,8 árg '05. ekinn 179þús km. ný skoðaður. bsk. dráttarkrókur. heilsársdekk. samlæsingar. smurbók. flottur bíll á frábæru verði. Aðeins 790þús. Allt að 100% vísalán í boði. uppl í s:659-9696



**SJÁLFSKIPTUR - EK 108Þ.KM.**
VW Polo 1.4 árg '07. sjálfskiptur. ek aðeins 108þús km. nýleg tímareim. 5dyra. nýleg nagladekk. sumardekk fylgja. bíll í toppstandi. ásett v: 890þús. allt að 100% vísalán í boði. uppl í s:659-9696



**LEXUS METAN - TILBOÐ 890 ÞÚS**
Lexus RX300 Metan árg '00 ek 188 þús, Leður, 6 diska magasin, Dráttarkrókur, smur og þjónustubók, alveg serstaklega ljúfur bíll, ásett verð 1190 þús TILBOÐ 890 þús möguleiki á 100% vísaláni, get skoðað að taka ódyran uppí s. 841 8955

## 1-2 milljónir



**EKINN AÐEINS 59ÞÚS KM !**
Skoda Fabia 1,4 árg '08. ekinn aðeins 58þús km. smurbók frá upphafi. beinskiptur, 5dyra, mjög eyðslugrannur. toppeintak. ásett v:1,590þús. Tilboðverð aðeins 1,190þús. uppl í s:659-9696

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hjólhýsi



Til sölu hús á hjólum, 26 m2. 2 rúm í svefnherbergi. Verð 3.500.000. Uppl. Í síma 893-3444.

## Fellihýsi







## Bátar




**HEIMAVÍK 20 ÁRA.**
Silunganet, flotnet, sökknet. Silunganet, flotnet, sökknet. Heimavík Höfðabakka 1, S. 555 6090 www. heimavik.is

## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir




**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**
Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-14. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka daga. Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Garðyrkja

Felli tré, grisja og klippi runna. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

## Bókhald







Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Þakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, spörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

## Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

ÞAK.IS

Eru þakrennurnar og niðurföllinn farinn að leka ? Hafðu samband við okkur við tökum að okkur uppsetningar og endurnýjun og hreinsun á þakrennum. Einnig Þakskipti, Þakmálun, Stíflulosun og alla aðra blikk eða smíðavinnu. Uppl. í s. 6996980

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Evrur til sölu. Uppl. í s.762 5061

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www. tantratemple.is

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Herbergi til leigu í miðbænum. Uppl. í s. 661 5219.

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 25% afsláttur. www. geymslur.is

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Óska eftir starfskrafti í garðvinnu og húsaviðgerðir, helst með reynslu. Uppl. í síma 616 1569.

Óska eftir vélstjóra með vs111 réttindi og einnig stýrimann. Uppl. í s. 892 5522

**VANTAR VANA MENN Á DEKKJAVERKSTÆÐI DEKKVERK. NOKKRAR STÖÐUR LAUSAR.**
1. Verkamaður á gólfi.

2. Sölumaður í afgreiðslu.

3. Sumarstarfsmenn í törn tímabundna vinnu.

Góð laun í boði fyrir hraða og góða menn. Möguleikar á stöðuhækkun og framtíðarstarfi fyrir klára menn. Vinnutími 10-19

**Upplýsingar í síma 578-7474**
**Einar Björgvin, eða koma á staðinn**

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG STARFSMENN?**
Erum með iðnaðarmenn og almenna verkamenn á skrá sem geta byrjað fljótlega. Einnig bílstjóra með meirapróf

Við finnum réttu mennina fyrir þig.

Verkleigan sími:780-1000

e: vinna@verkleigan.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Karlmaður óskar eftir að kynnast kvenmanni með sambúð eða vináttu í huga. S. 699 3209 Guðmundur M.

Maður um fertugt í fangelsi óskar eftir að kynnast konu milli 30-50 ára. Skiljið eftir nafn og símanr. á bjarkibfs@gmail.com

## til sölu

**Netverslanir til sölu.**

Af sérstökum ástæðum höfum við til Sölu tvær netverslanir á mjög góðu verði. Önnur með tískuvörur en hin með unaðsvörur ástarlífsins. Frábært verð.

Uppl.gefur Óskar Mikaelsson, lögg. fasteignasali í s.773-4700 & oskar@atv.is

## fasteignir

# Reynimelur
**Virðulegt einbýlishús í vesturbæ Reykjavíkur**




Fasteignamarkaðurinn kynnir til sölu 341,6 fermetra einbýlishús á þessum eftirsótta stað í vesturbænum. Húsið er tvær hæðir og kjallari með séríbúð auk 19,6 fermetra bílskúrs.

Á neðri hæðinni eru m.a. stórar bjartar samliggjandi stofur, bókastofa, eldhús og gestasalerni. Á efri hæðinni eru fimm rúmgóð herbergi og baðherbergi. Sér 2ja herb. íbúð er í kjallara hússins auk þvottaherb., geymslna og fl.

Húsið er vandað af allri gerð. Sérsmíðaðar massívar innihurðir úr eik og ljós marmari og harðviðarparket eru á flestum gólfum. Nýjar innréttingar og tæki í eldhúsi. Nýleg tafla og raflagnir. Aukin lofthæð er á 1. og 2. hæð hússins. Stórar svalir til austurs og suðurs út af borðstofu aðalhæðar og svalir til austurs út af hjónaherbergi á efri hæð.

Lóðin er 685 fermetrar að stærð með steyptum stoðveggjum á lóðarmörkum. Viðarverönd er á suðurlóð og hitalagnir eru í innkeyrslu, stéttum og tröppum upp að aðalinngangi hússins.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali, netfang: gtj@fastmark.is

**FASTEIGNA-MARKAÐURINN**
Jón Guðmundsson, lögg. fastsali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fastsali.
**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500. OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.**
**fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**



Elskuleg eiginkona mín, dóttir, móðir, tengdamóðir, amma og systir,

**Guðlaug Pétursdóttir**
(Dolla)
Kleppsvegi 40,

lést á heimili sínu 22. apríl síðastliðinn í faðmi fjölskyldu sinnar. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni 2. maí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Bjarni Júlíus Einarsson**
**Þórunn Sigurðardóttir**
**Pétur Þór Guðjónsson** **Sigríður Þóra Þorsteinsdóttir**
**Gísli Finnsson** **Kolbrún Gígja Björnsdóttir**
**Elísa Finnsdóttir** **Andri Þór Guðlaugsson**
**barnabörn og systkini.**



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

**Sigurlaug Jóhanna Bergvinsdóttir**
félagsliði,
Ársölum 1, Kópavogi,

lést mánudaginn 25. apríl á Landspítalanum Fossvogi. Útför hennar fer fram í Lindakirkju í Kópavogi föstudaginn 29. apríl kl. 13.00.

**Sveinn Símonarson**
**Sólveig G. Sveinsdóttir** **Ragnar Bogi Pedersen**
**Arnbjörg Ó. Sveinsdóttir**
**Símon G. Sveinsson** **Helena Sif Kristinsdóttir**
**Bergvin J. Sveinsson** **Hanna G. Brynjarsdóttir**
**Soffía Anna Sveinsdóttir**
**og barnabörn.**



Eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,

**Stefán Kristjánsson**
Tungunesi, Fnjóskadal,

lést á dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri 24. apríl sl. Útför hans fer fram frá Hálskirkju í Fnjóskadal laugardaginn 30. apríl kl. 14.

**Alda Sigrún Alexandersdóttir**
**Guðrún Stefánsdóttir** **Sigurður M. Sigurðsson**
**Torfhildur Stefánsdóttir** **Guðmundur Sigvaldason**
**Ásta Heiðrún Stefánsdóttir** **Sigurgeir Sigurgeirsson**
**Svala Kristrún Stefánsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Okkar ástkæra

**Árný Snæbjörnsdóttir**
Droplaugarstöðum,
áður Seljalandi 5, Reykjavík,

sem lést þriðjudaginn 19. apríl, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju mánudaginn 2. maí kl. 15.00.

**Svanhvít Aðalsteinsdóttir**
**Snæþór Aðalsteinsson** **Sædís Geirmundsdóttir**
**Börkur Aðalsteinsson** **Elínborg Jónsdóttir**
**Emma Arnórsdóttir**
**Heiðrún Aðalsteinsdóttir** **Magnús Ögmundsson**
**og fjölskyldur.**



Ástkær faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sæmundur Þorsteinsson**
Hryggjum, Mýrdal,

andaðist á Hjallatúni, Vík í Mýrdal, 22. apríl. Útförin fer fram frá Skeiðflatarkirkju laugardaginn 30. apríl kl. 14.00.

**Ásmundur Sæmundsson**
**Ólafur Sæmundsson** **Guðný Garðarsdóttir**
**Þórhildur Sæmundsdóttir** **Ásgrímur Guðmundsson**
**Sigrún Sæmundsdóttir** **Þórarinn Grímsson**
**Höskuldur Sæmundsson** **Pálína Guðlaugsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Skóli í einstöku umhverfi

**Í hinum 25 ára Waldorfskóla í Lækjarbotnum er bóklegt, listrænt og verklegt nám lagt að jöfnu. Eiríkur Knútur Gunnarsson kennari þar er öllum hnútum kunnugur.**

Í skógi vaxinni hvilft skammt fyrir ofan borgina kúrir Waldorfskólinn í Lækjarbotnum, elsti grunnskóli landsins sem starfar samkvæmt hugmyndafræði Rudolfs Steiner, hins þýska. Nú eru þar 70 börn í 1. til 10. bekk.

„Hér erum við í einstöku umhverfi og það er upplifun fyrir börn úr borginni að koma hingað og kynnast náttúrunni í alls konar veðri,“ segir Eiríkur Gunnarsson sem hefur kennt við skólann frá 1993, með fimm ára hléi sem hann notaði til náms erlendis. „Fræinu sáði Sesselja á Sólheimum,“ segir Eiríkur, inntur eftir upphafinu. „Allt frá 1930 vann hún eftir stefnu Steiners og var brautryðjandi á Norðurlöndunum. Það fólk sem stofnaði Waldorfskólann kynntist hugmyndinni hjá henni og menntaði sig svo í fræðunum. Eiríkur segir mikið lagt upp úr því í skólanum að þroska manneskjuna sem heild. „Áherslan er ekki bara á bóknám, við leyfum börnunum líka að gera mikið með höndunum og nota sköpunargáfuna á fjölbreyttan hátt. Í okkar augum eru þessir þættir allir jafn mikilvægir sem veganesti út í lífið. Við erum líka búin að vera með moltugerð frá upphafi og allir nemendur sá fræjum, sinna ræktun og uppskera.“

Eiríkur telur tækni nútímans spilla tengslum barna við sjálf sig. Betra sé fyrir þau að gera hlutina fyrst á blaði í stað þess að stytta sér leið með tölvuforritum. „Börnin hér fá námskeið í margmiðlunartækni í 8., 9. og 10. bekk, þá verða tækin verkfæri í höndum þeirra. Einhvern tíma birtist blaðapistill um að forstjórar tölvufyrirtækjanna í Silicon Valley í Bandaríkjunum sendi börn sín í Waldorfskóla.“

Í tilefni 25 ára afmælis skólans verður leiksýning í Gamla bíói í dag klukkan 17, svo verður hátíð í Lækjarbotnum 21. maí og opið hús allan daginn.

**gun@frettabladid.is**



**„Það er ekki bara höfuðið sem er í skólanum,“ segir Eiríkur glaðlega, um áherslurnar í Waldorfskólanum.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Elskulegur eiginmaður minn,

**Óli Berg Kristdórsson**
(Óli í Pallaleigunni)
f. 13.06. 1946,

lést á Landspítalanum 25. apríl.

**Inger Nordahl Jensen**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Gréta Björgvinsdóttir**
Seljabraut 74,

lést mánudaginn 11. apríl á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Aðalheiður Rúnarsdóttir** **Björgvin Rúnarsson**
**Þorvaldur Egilsson** **Ingibjörg B. Grétarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur faðir minn, tengdafaðir og afi,

**Gísli Maack**
Álfkonuhvarfi 39,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans laugardaginn 23. apríl.

**Sigríður Ása Maack** **Róbert Marvin Gíslason**
**Árni Pétur Maack** **Jasmina Chow Maack**
**og barnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ólafía Gunnlaug Guðmundsdóttir**
(Stella)
Tjarnabakka 12, Reykjanesbæ,

lést þann 24. apríl sl. Útför hennar fer fram frá Keflavíkurkirkju 29. apríl nk. kl. 13.00.

**Anna Bára Gunnarsdóttir** **Guðbjörn Hafsteinsson**
**Svavar Guðni Gunnarsson** **Lísa Bryndís Matthews**
**Rakel Linda Gunnarsdóttir** **Viðar Jónasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Eyvindur Eiðsson**
síðast búsettur á dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

lést þann 22. apríl. Kistulagning og minningarstund verður föstudaginn 29. apríl í sjúkrahúskapellunni á Akranesi kl. 11.00. Jarðarför fer fram frá Laufáskirkju við Eyjafjörð þann 7. maí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Dvalarheimilið Höfða.

**Aðstandendur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

THULE SWEDEN

# Hjólagrindur og ferðabox

Fást í verslun okkar að Bíldshöfða 10




Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Í dag er útlit fyrir stífa norðanátt með kólnandi veðri og éljum fyrir norðan og austan. Sunnan og vestan til stefnir í nokkuð bjartan dag þó að hiti fari ekki mikið yfir 6 stig.

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 1° | -2° | -3° |
| ↓9 | ↓9 | ↘10 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -1° | 4° | -6° |
| ↘13 | ↙9 | ↓12 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -0° | 1° |
| ↘9 | ↓12 | →7 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 3° | 5° | -2° |
| →6 | ↘12 | ↘10 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. bein
6. samtök
8. lík
9. hár
11. þys
12. bolur
14. grafísk aðferð
16. tónlistarmaður
17. atvikast
18. eyrir
20. til
21. fimur

**LÓÐRÉTT**
1. höfuð
3. skammstöfun
4. minnka
5. fugl
7. skilyrðislaus
10. hvíld
13. ögn
15. skapi
16. kóf
19. slá

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** legg, **6.** aa, **8.** hræ, **9.** ull, **11.** ys, **12.** stofn, **14.** æting, **16.** kk, **17.** ske, **18.** aur, **20.** að, **21.** frár. **LÓÐRÉTT: 1.** haus, **3.** eh, **4.** grynnka, **5.** gæs, **7.** altækur, **10.** lot, **13.** fis, **15.** geði, **16.** kaf, **19.** rá.

### Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik



Moush átti leik gegn Peer í Zürich í Sviss árið 1960.

**1. … Dxf4!! 2. exf4 Hh5.** Hvítur gaf enda óverjandi mát. Fabiano Caruana er skákmeistari Bandaríkjanna. Í kvöld hefst hraðskákmót með þátttöku Caruana, Nakamura, So og Kasparovs.

**www.skak.is:** Meistaramót Bandaríkjanna.




### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | 7 | 3 | | 6 | |
| | | 5 | 4 | | 2 | 8 | 3 | 7 |
| | | 4 | 6 | | | | | |
| 6 | | | 9 | | 8 | | | |
| | | | | 3 | | 6 | 5 | |
| 3 | | 9 | | 4 | | | 2 | |
| | 7 | | | | 4 | | | 5 |
| | | 6 | | | 5 | | 7 | 1 |
| | 2 | 3 | | 9 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 4 | 7 | | | | 1 | |
| | 5 | 1 | | 8 | | | | |
| 6 | | 7 | | | 4 | | | |
| | 7 | | | | 9 | | | 4 |
| | | 2 | | | 3 | 6 | 5 | |
| 4 | | 6 | | | | | | 1 |
| | | | | | 2 | 3 | | 9 |
| 2 | | 3 | 8 | | | 1 | | |
| 5 | 4 | | | | | | | 7 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 6 | 1 | | | | | |
| 9 | | | 2 | | 7 | | | |
| | | 2 | 9 | | 5 | 7 | | |
| 4 | | 8 | | | | | 1 | |
| | | | | | | | | |
| | | | 5 | | 6 | | 9 | 8 |
| 1 | | | | | | | | 4 |
| 2 | 8 | | 7 | 1 | | | 6 | 3 |
| | | 7 | | | | | | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 8 | 1 | 5 | 7 | 2 | 6 | 9 |
| 7 | 6 | 9 | 4 | 2 | 8 | 5 | 1 | 3 |
| 1 | 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 4 | 7 | 8 |
| 2 | 3 | 6 | 5 | 4 | 1 | 8 | 9 | 7 |
| 8 | 5 | 7 | 2 | 9 | 3 | 6 | 4 | 1 |
| 9 | 1 | 4 | 7 | 8 | 6 | 3 | 2 | 5 |
| 4 | 9 | 2 | 3 | 1 | 5 | 7 | 8 | 6 |
| 6 | 8 | 3 | 9 | 7 | 2 | 1 | 5 | 4 |
| 5 | 7 | 1 | 8 | 6 | 4 | 9 | 3 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 1 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 | 8 |
| 2 | 6 | 7 | 5 | 9 | 8 | 4 | 1 | 3 |
| 8 | 9 | 4 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 7 |
| 4 | 8 | 3 | 6 | 5 | 9 | 7 | 2 | 1 |
| 5 | 7 | 6 | 2 | 3 | 1 | 9 | 8 | 4 |
| 9 | 1 | 2 | 7 | 8 | 4 | 6 | 3 | 5 |
| 6 | 4 | 9 | 3 | 1 | 5 | 8 | 7 | 2 |
| 7 | 3 | 8 | 9 | 4 | 2 | 1 | 5 | 6 |
| 1 | 2 | 5 | 8 | 7 | 6 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 1 | 2 | 8 | 6 | 5 | 9 | 7 | 3 |
| 5 | 8 | 9 | 7 | 1 | 3 | 2 | 4 | 6 |
| 6 | 3 | 7 | 4 | 9 | 2 | 8 | 1 | 5 |
| 9 | 4 | 6 | 2 | 5 | 7 | 1 | 3 | 8 |
| 2 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 6 | 5 | 4 |
| 1 | 5 | 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 9 | 2 |
| 7 | 9 | 4 | 5 | 2 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 3 | 2 | 5 | 1 | 7 | 6 | 4 | 8 | 9 |
| 8 | 6 | 1 | 3 | 4 | 9 | 5 | 2 | 7 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




NÝTT OG BETRA APP
FBL
Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar og hvenær sem er.
Fáðu Fréttablaðið ókeypis í símann eða spjaldtölvuna.
Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum
Download on the App Store
GET IT ON Google Play
Get it from Microsoft
FRÉTTABLAÐIÐ
FRÉTTABLAÐIÐ

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁSBÍÓ

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| HUNTSMAN: WINTERS WAR | 5:30, 8, 10:25 |
| THE BOSS | 5:50, 8, 10:10 |
| HARDCORE HENRY | 10:25 |
| MAÐUR SEM HEITIR OVE | 8 |
| KUNG FU PANDA 3 | 5:50 ÍSL.TAL |

SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| CRIMINAL | KL. 5:30 - 9 - 10:30 |
| RIBBIT ÍSLTAL | KL. 6 |
| THE HUNTSMAN | KL. 6:40 - 8 - 10:30 |
| THE HUNTSMAN VIP | KL. 8 |
| THE JUNGLE BOOK 3D | KL. 5:40 - 8 |
| THE JUNGLE BOOK 2D VIP | KL. 5:40 |
| ALLEGIANT | KL. 8 |
| 10 CLOVERFIELD LANE | KL. 10:40 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D | KL. 10:20 |
| ZOOTROPOLIS ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 |
| ZOOTROPOLIS ENSKT TAL 2D | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| CRIMINAL | KL. 8 - 10:30 |
| RIBBIT ÍSLTAL | KL. 6 |
| THE JUNGLE BOOK 3D | KL. 5:40 - 8 |
| ALLEGIANT | KL. 10:30 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| CRIMINAL | KL. 5:30 - 8 - 10:20 |
| RIBBIT ÍSLTAL | KL. 6 |
| THE JUNGLE BOOK 3D | KL. 5:40 - 8 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 10:30 |
| ALLEGIANT | KL. 5:30 - 8 |
| 10 CLOVERFIELD LANE | KL. 8 - 10:30 |
| BATMAN V SUPERMAN 2D | KL. 10:15 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| CRIMINAL | KL. 8 - 10:30 |
| RIBBIT ÍSLTAL | KL. 6 |
| THE JUNGLE BOOK 3D | KL. 5:40 - 9 |
| ALLEGIANT | KL. 8 |
| BATMAN V SUPERMAN 3D | KL. 6 |
| ROOM | KL. 10:40 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| CRIMINAL | KL. 10:30 |
| THE HUNTSMAN | KL. 8 - 10:30 |
| THE JUNGLE BOOK 3D | KL. 8 |





# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

27. APRÍL 2016

## Tónlist

**Hvað?** DJ Housekell
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikið

**Hvað?** Trúbadorinn Siggi Þorbergs og Ingunn
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** American Bar

**Hvað?** Jazz með Don Lockwood
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Slippbarinn

**Hvað?** Buff
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg

**Hvað?** 100 ára afmælistónleikar Fóstbræðra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpan

**Hvað?** Píanómasterclass Stevens Osborne
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Sölvhóll
Nemendur LHÍ leika verk eftir Bach og Messiaen. Allir velkomnir.

## Fundir

**Hvað?** Opinn fundur með forsetaframbjóðendum
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskólinn í Reykjavík
Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík heldur opinn fund með forsetaframbjóðendum.



Háskólahlaupið er haldið í tíunda skiptið með núverandi hætti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Hvað?** Erfðatækni og mannréttindi
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Íslensk erfðagreining
Opinn fundur á vegum Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands og Íslenskrar erfðagreiningar. Erindi flytja dr. Benjamin Gregg, prófessor við Texasháskóla í Austin, og dr. Kári Stefánsson, forstjóri ÍE.

**Hvað?** Átröskun og líkamsímynd meðal íslenskra íþróttafólks
**Hvenær?** 12.10
**Hvar?** Íþróttamiðstöðin, Laugardal
Opinn fundur þar sem kynntar verða niðurstöður úr nýrri rannsókn sem beindist að skimun fyrir átröskunareinkennum meðal íþróttafólks hér á landi. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** Misserisþing menntavísindasviðs
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Stakkahlíð

**Hvað?** MBA-kynningarfundur
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskólinn í Reykjavík
Alþjóðlegt MBA-nám við Háskólann í Reykjavík verður kynnt. Nokkrir stjórnendur úr atvinnulífinu, með MBA-gráðu frá HR, munu miðla af reynslu sinni.

## Uppákomur

**Hvað?** Að uppgötva okkur sjálf
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norræna húsið
Christopher Vasey heldur fyrirlesturinn Að uppgötva okkur sjálf – frá heila til anda samkvæmt gralsboðskapnum. Aðgangseyrir er 500 kr. og fyrirlesturinn fer fram á ensku.

**Hvað?** Barnamenningarhátíð á Seltjarnarnesi
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Eiðistorg
Barnamenningarhátíð á Seltjarnar-


FUDGE FUDGE FUDGE FUDGE FUDGE FUDGE FUDGE
Mættu og taktu númer
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

ROYAL FORSALA
TRYGGÐU ÞÉR EIN VINSÆLUSTU RÚM LANDSINS Í FORSÖLU Á 30% AFSLÆTTI




Royal Corinna
(Queen Size 153x200 cm)
Fullt verð 124.621 kr.
FORSÖLUVERÐ 87.235 kr.
rekkjan
HEILSURÚM




BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Louder than bombs | 17:45 |
| Fyrir framan annað fólk / in front of others ENG SUB | 18:00 |
| Son of saul // saul fia | 17:45 |
| The Witch / Nornin | 20:00 |
| Spotlight | 20:00 |
| Rams / Hrútar ENG SUB | 20:00 |
| Mia Madre | 22:00 |
| Anomalisa | 22:30 |
| Reykjavík ENG SUB | 22:00 |



# Kennir fólki að tengjast sköpunarkrafti

Kenny Werner er einn þekktasti píanistinn í djassheiminum, sem píanisti og fyrirlesari, en hann mun í dag halda fyrirlestur og tónleika í Salnum í Kópavogi. Gyða Dröfn Tryggvadóttir og Ástvaldur Traustason, eigendur Tónheima, standa fyrir viðburðinum.

Gyða Dröfn segir fyrirlesturinn vera byggðan á bókinni Effortless Mastery – Árangur án áreynslu, eftir Werner. Þar kenni hann hvernig hægt sé, með þjálfun og skýrum ásetningi, að auka gleðina í lífinu. „Hann er að sýna okkur, með tali og tónum, hvernig við tengjumst sköpunarkrafti okkar og flæði – færum athyglina frá höfði niður í hjarta,“ segir Gyða.

Gyða segir Werner hafa ferðast með fyrirlesturinn um allan heim í tuttugu ár og að hann eigi ekki bara erindi til tónlistarfólks heldur geti hann veitt okkur öllum innblástur í verkefnum okkar daglega lífs. „Ég hef ekki heyrt hann sjálf en heyrt fólk segja að þetta hafa breytt lífi þess og viðhorfi til tónlistar og lífsins,“ segir Gyða.

Um kvöldið heldur Werner síðan tónleika í Salnum en þar kemur hann fram ásamt Ari Hoenig trommuleikara og Johannes Weisenmuller bassaleikara en saman mynda þeir tríó. Þeir hafa spilað saman í sextán ár og ferðast um allan heim, en þetta er í fyrsta skipti sem þeir koma fram á Íslandi.

Fyrirlesturinn hefst kl 16.30 og tónleikarnir hefjast kl. 20.00. – **sbv**



**Kenny Werner, djasstónlistarmaður og fyrirlesari, verður með fyrirlestur og tónleika í Salnum í Kópavogi.** MYND/TÓNHEIMAR

nesi lýkur í dag. Bergrún Íris Sævarsdóttir verðlaunahöfundur les úr vinsælum barnabókum sínum. Leikskólabörn syngja sumarlög undir stjórn Ólafíu Maríu Ingólfsdóttur og Bókasafn Seltjarnarness og Skólabókasafn grunnskóla Seltjarnarness veita verðlaun fyrir þátttöku í bókaverðlaunum barnanna.

**Hvað?** Háskólahlaupið
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Aðalbygging
Háskólahlaupið fer fram miðvikudaginn 27. apríl. Hlaupið er opið fyrir starfsfólk, stúdenta og velunnara skólans og hægt er að hlaupa 3 km eða 7 km. Hlaupið er nú haldið í tíunda skiptið með núverandi fyrirkomulagi en það markar lok heilsumánaðar starfsmanna skólans.

**Hvað?** Borðspilakvöld Nexus
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Nexus
Vikulegt borðspilakvöld í spilasal Nexus í Nóatúni. Hægt er að mæta með sín eigin spil, spila með öðrum eða fá lánuð spil úr Nexus. Einnig er boðið upp á kennslu.

**Hvað?** Skapandi samvera
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Bókasafn Reykjanesbæjar
Magdalena Sirrý ræðir um hönnun, gefur góð ráð og sýnir verkin sín.

## Uppistand

**Hvað?** Stattupp!
Hvenær? 20.30
Hvar? Gaukurinn
Open mic-kvöld hefst á vegum Goldengang Comedy. Kynnir og umsjónarmaður kvöldsins er Bylgja Babýlons. Á kvöldunum má sjá ný andlit spreyta sig í fyrsta skiptið og gömul andlit æfa nýtt efni.



**Pétur Örn Guðmundsson spilar ásamt hljómsveitinni Buffi á Café Rosenberg.**
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur

### STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.20 Teen Titans Go
07.45 The Middle
08.10 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.20 Logi í beinni
11.10 Anger Management
11.35 Hello Ladies
12.05 Enlightened
12.35 Nágrannar
13.00 Spilakvöld
13.45 Mayday
14.30 Baby Daddy
14.55 Glee
15.40 Teen Titans Go
16.05 Sirens
16.30 The Simpsons
16.55 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.55 Ísland í dag
19.10 Víkingalottó
19.15 The Middle
19.35 Mike & Molly
20.00 Á uppleið
20.20 Grey's Anatomy
21.05 Blindspot
21.50 Togetherness
22.15 Girls Fimmta gamanþáttaröðin um vinkvennahóp á þrítugsaldri. Þær búa í draumaborginni New York og fjallað er um aðstæður þeirra, samskiptin við hitt kynið, baráttuna við starfsframann og margt fleira.
22.45 Real Time with Bill Maher
23.45 NCIS
00.30 The Blacklist
01.15 Better Call Saul
02.00 Need for Speed
04.05 Mistresses
04.45 Mistresses
05.30 Louie
05.50 The Middle

### SPORT

07.20 Man. City - Real Madrid
09.00 Meistaradeildarmörkin
09.20 Rayo Vallecano - Real Madrid
11.05 Sunderland - Arsenal
12.45 Kiel - Barcelona
14.10 Haukar - Snæfell
15.50 Körfuboltakvöld
16.30 Man. City - Real Madrid
18.10 Meistaradeildarmörkin
18.30 Atletico Madrid - Bayern München BEINT
20.45 Meistaradeildarmörkin
21.00 LA Clippers - Portland
22.40 Box. Golovkin vs. Wade
01.25 UFC Now

### SPORT 2

10.40 Haukar - Snæfell
12.20 Körfuboltakvöld
13.00 Wolfsburg - Augsburg
14.40 Þýsku mörkin
15.05 Roma - Napoli
16.50 Ítölsku mörkin
17.15 Crystal Palace - Watford
18.55 Ensku bikarmörkin
19.25 Meistaradeild Evrópu
19.50 KR - Haukar
21.30 Körfuboltakvöld
22.00 Man. City - Stoke
23.40 Messan

### GOLFSTÖÐIN

08.00 Valero Texas Open
11.00 Valero Texas Open
16.10 Golfing World 2016
17.00 PGA Tour 2016 - Highlights
17.55 Golfing World 2016
18.45 Champions Tour Highlights
19.40 Valero Texas Open

### STÖÐ 3

16.50 Discovery Atlas
18.25 League
18.45 Top 20 Funniest
19.30 Last Man Standing
19.55 Baby Daddy
20.20 Mayday. Disasters
21.10 The Listener
21.55 American Horror Story. Hot
22.45 Supergirl
23.30 Gotham
00.15 Last Man Standing
00.35 Baby Daddy
01.00 Mayday. Disasters
01.45 The Listener
02.30 American Horror Story. Hot
03.15 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### KRAKKASTÖÐIN

07.00 Áfram Diego, áfram!
07.24 Svampur Sveinsson
07.49 Rasmus Klumpur
07.55 UKI
08.00 Brunabílarnir
08.25 Latibær
08.48 Hvellur keppnisbíll
09.00 Ævintýri Tinna
09.25 Kalli á þakinu
09.47 Mæja býfluga
10.00 Könnuðurinn Dóra
10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.47 Víkingurinn Viggó
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveinsson
11.49 Rasmus Klumpur
11.55 UKI
12.00 Brunabílarnir
12.25 Latibær
12.48 Hvellur keppnisbíll
13.00 Ævintýri Tinna
13.23 Kalli á þakinu
13.45 Mæja býfluga
14.00 Könnuðurinn Dóra
14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
14.47 Víkingurinn Viggó
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveinsson
15.49 Rasmus Klumpur
15.55 UKI
16.00 Brunabílarnir
16.25 Latibær
16.48 Hvellur keppnisbíll
17.00 Ævintýri Tinna
17.23 Kalli á þakinu
17.45 Mæja býfluga
18.00 Könnuðurinn Dóra
18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
18.47 Víkingurinn Viggó
19.00 Hneturánið



Könnuðurinn Dóra kl. 10.00, 14.00 og 18.00

### GULLSTÖÐIN

18.15 Raising Hope
18.40 2 Broke Girls
19.00 Friends
19.25 Cougar Town
19.50 Lýðveldið
20.15 Chuck
21.00 Cold Case
21.45 Shetland
22.45 Friends
23.05 Lýðveldið
23.30 Chuck
00.10 Cold Case
00.55 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### BÍÓSTÖÐIN

12.40 Ghosts of Girlfriends Past
14.15 The Prince and Me 4
15.50 House of Versace Dramatísk kvikmynd frá 2013 með Ginu Gershon í hlutverki Donatellu Versace og fjallar um um erfiðleikana sem fylgdu því fyrir hana að taka við stjórninni á tískuhúsinu þegar bróðir hennar, Gianni Versace, var myrtur árið 1997.
17.20 Ghosts of Girlfriends Past
18.55 The Prince and Me 4
20.30 House Of Versace
22.00 Now You See Me
23.55 Kingsman. The Secret Service Skemmtileg hasarmynd frá árinu 2014 þar sem Colin Firth og Samuel L. Jackson fara meðal annars með aðalhlutverk. Myndin fjallar um smáglæpamanninn Gary „Eggsy“ Unwin sem veit ekki að á sínum tíma var faðir hans liðsmaður í leyni- og sérsveitinni Kingsman. Þegar einn meðlimur sveitarinnar fellur frá er ákveðið að finna staðgengil hans, og í framhaldinu er Gary fenginn til þjálfunar.
02.05 Journey to the End of the Night
03.35 Now You See Me

### RÚV

17.15 Maðurinn og umhverfið
17.45 Táknmálsfréttir
17.55 KrakkaRÚV
17.56 Finnbogi og Felix
18.18 Sígildar teiknimyndir
18.25 Gló magnaða
18.50 Krakkafréttir
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.00 Háskóli unga fólksins
20.35 Kiljan
21.15 Neyðarvaktin
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 The Hunting Ground
00.00 Hernám
00.45 Kastljós
01.05 Dagskrárlok

### SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Rules of Engagement
08.20 Dr. Phil
09.00 America's Next Top Model
09.50 Survivor
10.35 Pepsi MAX tónlist
12.50 Dr. Phil
13.30 Black-ish
13.55 Jane the Virgin
14.40 Minute to Win It
15.25 Life In Pieces
15.50 Grandfathered
16.15 The Grinder
16.35 The Tonight Show
17.15 The Late Late Show
17.55 Dr. Phil
18.35 Everybody Loves Raymond
19.00 King of Queens
19.25 How I Met Your Mother
19.45 Leiðin á EM 2016
20.15 America's Next Top Model
21.00 Chicago Med
21.45 Quantico
22.30 The Tonight Show
23.10 The Late Late Show
23.50 Sleeper Cell
00.35 Billions
01.20 Scandal
02.05 Chicago Med
02.50 Quantico
03.35 The Tonight Show
04.15 The Late Late Show
04.55 Pepsi MAX tónlist

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |




2 | 20:00
**Á UPPLEIÐ**
Sindri Sindrason hittir Láru Konráðsdóttur sem byrjaði starfsferil sinn á lítilli skrifstofu en er nú forstjóri Eimskips í Noregi.

FRÁBÆRT
**MIÐVIKUDAGSKVÖLD**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

2 | 20:30
**GREY'S ANATOMY**
Vinsælir dramaþættir sem gerast á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.



2 | 21:15
**BLINDSPOT**
Hörkuspennandi þættir þar sem Jane hjálpar alríkislögreglunni að leysa sakamál sem oftar en ekki vísa í húðflúr á líkama hennar.



2 | 22:00
**TOGETHERNESS**
Vandaðir gamanþættir um tvö pör sem búa undir sama þaki og þurfa að láta sambúðina ganga upp með öllum sínum uppákomum.




2 | 22:40
**GIRLS**
Frábær gamanþáttasería um hóp vinkvenna á þrítugsaldri sem búa í draumaborginni New York en samskiptin við hitt kynið ganga ekki alltaf áfallalaust.




b | 22:00
**NOW YOU SEE ME**
Mögnuð mynd um hóp eitursnjallra töframanna sem fremja magnað bankarán í miðri sýningu. Meðal aðalleikara eru Morgan Freeman og Woody Harrelson.



3 | 21:55
**AMERICAN HORROR STORY: HOTEL**
Sögusviðið er hið leyndardómsfulla hótel Cortez í Los Angeles þar sem framin eru óhugnanleg morð. Hótelstýran er leikin af Lady Gaga.




©2016 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is


FIMMTUDAG KL. 21:30
2 SPORT
pepsi®
MÖRKIN
UPPHITUNARÞÁTTUR
365.is | Sími 1817
365

# Panda kemst óvænt á topp Billboard-listans

**RAPPARINN ER NÆR ÓÞEKKTUR OG PANDA ER AÐEINS ANNAÐ LAGIÐ HANS.**



Lagið Panda með rapparanum Desiigner skaust óvænt á topp Billboard-listans núna á mánudaginn. Þetta er óvenjulegt fyrir margar sakir; rapparinn er nær óþekktur og Panda er aðeins annað lagið hans. Laginu fylgir ekki myndband en samt er meirihluti hlustunar á YouTube, eða tveir þriðju heildarhlustunar.

Þekkt nöfn úr rappheiminum, eins og Drake og Future, hefur enn ekki tekist að toppa listann – Drake náði öðru sæti með smellinum sínum Hotline Bling en hann náði ekki að slá út ofurhittarann hennar Adele, Hello.

Vinsældir Panda má líklega rekja beint til nýbakaða Íslandsvinarins Kanye West, en í laginu Pt. II af nýjustu plötu hans, The Life of Pablo, var Panda notað nánast óbreytt og þar var Desiigner skráður sem gestur. Desiigner er þar með kominn í hóp listamanna sem hafa notið góðs af áhrifum Kanye West, en hann hefur t.d. aukið vinsældir tónlistarmannsins Travis Scott og rapparans Big Seans með svipuðum hætti.

Panda er einnig fyrsta bandaríska lagið sem kemst á lista í 41 viku, en það er nýtt met. Á toppi listans hafa kanadískir listamenn trónað mest allan þennan tíma en Justin Bieber og The Weeknd hafa verið áberandi og lagið Work með barbadosku söngkonunni Rihönnu hefur verið á listanum í alls níu vikur.








Tómas sameinar áhugamálin þegar hann býður í matarboðið, en hann er mikill sælkeri sjálfur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Býst við að enda með eldhúsið fullt af bláókunnugum

Tónlistarmaðurinn **Tómas Jónsson** gefur út sína fyrstu plötu og fjármagnar útgáfuna með matarboðum heima hjá sér.

Ég er mjög heppinn með að konan mín er sérlega góður kokkur," segir Tómas Jónsson tónlistarmaður sem sendir frá sér sína fyrstu plötu um þessar mundir. Hann gengur reyndar svipaðan veg og býsna margir tónlistarmenn í dag og safnar fyrir útgáfu plötunnar á Karolina Fund. Hann fer nokkuð óvænta leið og býður upp á þann valmöguleika að fólk geti keypt af honum heimboð fyrir allt að fjóra í Vesturbænum, þar sem hann ætlar ásamt Ásu Berglind Hjálmarsdóttur, kærustunni sinni að matreiða ofan í þá og bjóða upp á tónleika í leiðinni. Verðmiðinn á slíku boði er um níutíu þúsund krónur, en vissulega getur fólk stutt við bakið á honum fyrir lægri upphæðir og fengið tveggja klukkustunda einkatónleika hvar sem er á höfuðborgarsvæðinu fyrir litlar sjötíu og fimm þúsund krónur, tryggt sér eintak af væntanlegri plötu og margt fleira.

„Okkur þótti matarboð sniðugt og að það gæti orðið gaman að fá einhvern heim, þetta yrði svolítið forvitnilegt jafnvel," segir Tómas og heldur áfram: „Hún er miklu betri kokkur en ég svo hún tekur eldamennskuna að sér. Við vitum ekkert hve margir koma, hvort við eldum fyrir einn eða fjóra."

Tómas segist ganga að því vísu að matseldin verði einkar vönduð þar sem heimboðið kostar níutíu þúsund krónur. „Þetta er auðvitað stuðningur við útgáfu plötunnar svo þannig réttlæti ég þennan verðmiða," segir hann og hlær. „Við spilum yfirleitt mikið af fingrum fram í eldhúsinu og fylgjum sjaldnast uppskriftum," skýtur Ása að og heldur áfram: „En útkoman er nær undantekningalaust sérdeilis fín. Við erum bæði miklir matgæðingar en ég hugsa að við myndum vinna matseðilinn í samstarfi við það fólk sem væri að koma hverju sinni og elda allt frá gómsætum grænmetisréttum yfir í grillaðar steikur."

Platan sem Tómas ætlar sér að fjármagna meðal annars með matarboðum er sú fyrsta sem hann sendir frá sér í sínu eigin nafni. Hann hefur þó verið ansi iðinn við að leika með einhverjum vinsælustu tónlistarmönnum landsins, svo sem Ásgeiri Trausta, Hjálmum, Fjallabræðrum, Helga Björnssyni, Sigríði Thorlacius, Memfis Mafíunni og Unu Stefson. Þá tekur Tómas þátt í uppfærslu Vesturports á Í hjarta Hróa hattar sem hefur notið mikilla vinsælda. „Þetta hefur allt verið að gerjast í mér í smá tíma, en ég hef einmitt haft nóg að gera og því ekki fyrr en nú gert eitthvað í mínu nafni. Mér fannst nauðsynlegt að láta verða af þessu núna," segir hann spenntur. Hann segist vona að söfnunin fari á flug og matgæðingarnir láti nú til sín taka, en hann vantar aðeins herslumuninn upp á að koma plötunni í gegnum framleiðslu og svo út í kosmósið.

„Þetta verður líklega bara gaman og kannski endum við með bláókunnugt fólk heima í eldhúsinu, dálítið skrítið og skemmtilegt en maður má ekki búast við neinu öðru en góðu," segir hann að lokum.

gudrun@frettabladid.is

**OKKUR ÞÓTTI MATARBOÐ SNIÐUGT OG AÐ ÞAÐ GÆTI ORÐIÐ GAMAN AÐ FÁ EINHVERN HEIM, ÞETTA YRÐI SVOLÍTIÐ FORVITNILEGT JAFNVEL.**

## MÚSÍKÖLSK MÁLTÍÐ

**Spriklandi fersk blálanga úr fiskborðinu í Melabúðinni**

**Íslenskt smjör**
**Hvítlaukur**
**Hvítur pipar**
**Salt**
**Eftirlæti hafmeyjunnar frá Pottagöldrum**

Skera blálönguna í steikarbita.
Bræða saman fullt af hvítlauk og smjöri og sjóða í smá tíma
Pensla fiskinn með hvítlauks-smjörinu og strá kryddinu yfir.
Gott að pensla smjörinu áður og láta hvítlaukinn vinna aðeins með fiskinum.
Fiskurinn fer ekki á grillið fyrr en allt hitt er að verða tilbúið því hann þarf svo lítinn tíma.
Sætar kartöflur, reikna með hálfri á mann.

**Góð ólífuolía**
**Salt og pipar**

Skera sætu kartöflurnar til helminga, á lengdina, og láta olíu á þá hlið sem var skorin og salt og pipar.
Þetta þarf að grilla í svona 45-60 mínútur, eftir stærð kartaflanna.
Rauðlaukur skorinn í tvennt, penslaður með ólífuolíu, stundum hef ég líka penslað hann með hlynsírópi og það er geggjað!
Skella honum á grillið.

*Ég er með ofnæmi fyrir því að vera þar sem er of mikið af fólki. Ég verð bara lasinn.*

**Dagur, 9 ára**

**Blár er alþjóðlegur litur einhverfu.** Rétt eins og blæbrigði bláa litarins eru birtingarmyndir einhverfu óteljandi því hver einstaklingur hefur sinn stað á rófinu með öllum þeim áskorunum sem einhverfu fylgja.

Blár apríl er árlegt vitundarátak Styrktarfélags barna með einhverfu. Leggjum átakinu lið og beinum sjónum okkar að málefnum barna með einhverfu – því lífið er blátt á mismunandi hátt.

**#blarapril**

**902 1010**

**BLÁR APRÍL**
Styrktarfélag barna með einhverfu









Undirbúningsvinnan er gríðarlega mikil fyrir þessar þrjár mínútur sem Greta stendur á sviðinu.

# Bjuggu til listaverk fyrir sviðið

Framlag Íslands til Eurovision-söngvakeppninnar í ár er eins og kunnugt er lagið Hear them calling með Gretu Salóme. Að atriðinu hefur komið teymi hönnuða og danshöfunda og hafa þau skapað grafískt listaverk sem ætlað er að undirstrika boðskap lagsins.

Ólöf Erla Einarsdóttir er grafískur hönnuður sem vann áður á RÚV og hefur séð um útlit fyrir talsverðan fjölda Eurovision-atriða, en hún hefur m.a. hannað grafík og kynningarefni fyrir Vini Sjonna, Jóhönnu Guðrúnu og atriðið hennar Gretu Salóme árið 2012. Í ár er hún sjálfstætt starfandi og orðin hluti af vinningsteyminu hennar Gretu og fer með henni út til Stokkhólms næstkomandi mánudag. Ólöf vann grafíkina fyrir atriðið hennar ásamt Jonathan Duffy og hún hefur sömuleiðis hannað allt kynningarefnið fyrir Grétu.

„Þetta á ekki bara að snúast um lagið, þetta er boðskapur og þetta er listaverk. Við tókum upp öll atriðin, þessa skugga, breyttum þeim í tölvuforriti og klipptum þá saman við lagið og það varð að þessari grafík sem var með atriðinu í Söngvakeppninni,“ segir Ólöf og á þar við skuggana sem voru í bakgrunni á sviðinu í vinningsatriði Gretu Salóme, Hear them calling.

„Við erum búin að senda þeim í Stokkhólmi allt sem við erum búin að hanna og risastórt „storyboard“ um hvernig við viljum að þetta líti allt út á sviðinu úti, sem er auðvitað miklu stærra og býður upp á miklu fleiri möguleika. Þar erum við búin að vinna með hönnuðum sem þau þarna úti hafa komið okkur í samband við og þau eru með nýja heilmyndatækni sem við erum að vinna með. Mikill partur af grafíkinni okkar verður á sviðinu, við viljum halda eins mikið í upphaflega atriðið og við getum,“ útskýrir Ólöf og bendir á að boðskapurinn í laginu endurspeglist mikið til í grafíkinni. „Við stefnum á að taka atriðið lengra en halda samt í upphaflegu hugmyndirnar. Þeir úti eru með allt okkar efni og við höfum verið að bæta inn í það.“



Ólöf ásamt samstarfsfélaga sínum, Jonathan Duffy.

**MIKILL PARTUR AF GRAFÍKINNI OKKAR VERÐUR Á SVIÐINU, VIÐ VILJUM HALDA EINS MIKIÐ Í UPPHAFLEGA ATRIÐIÐ OG VIÐ GETUM, VIÐ STEFNUM Á AÐ TAKA ATRIÐIÐ LENGRA EN HALDA SAMT Í UPPHAFLEGU HUGMYNDIRNAR.**

„Boðskapurinn er að þessar raddir sem maður er að heyra alls staðar á internetinu, þessar neikvæðu raddir, eigi maður ekki að hlusta á. Þú ert miklu betri en það, þú átt ekki að hlusta á neikvæðu raddirnar. Þú ert þú, það getur enginn sagt þér að þú sért eitthvað annað.“

Það verður spennandi að sjá hvernig atriðið þeirra kemur út á sviðinu í Stokkhólmi, Svíar hafa ekki verið þekktir fyrir að láta sitt eftir liggja þegar kemur að Eurovision og það er alveg víst að þeir brydda upp á nýjungum þetta árið. Hvort það verða heilmyndir dansandi við hliðina á Gretu Salóme er ekki víst en þarna verður boðið upp á sjónarspil.

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*








Ókeypis heyrnarmæling síðan 2004

Beltone **Legend**™

# Enn snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **Legend**™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**.
Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

Framleitt fyrir iPod iPhone iPad

**Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is**

**HEYRNARSTÖÐIN**

Beltone Legend gengur með iPhone 6s og eldri gerðum, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrra stýrikerfi.
Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**Bakþankar**



Maríu Elísabetar Bragadóttur

# Ráðgáta: Ég flysja epli

Að finna til smæðar sinnar getur aflétt álögum hversdagsins. Ég flysja epli sem er maukkennt, loðir við hnífsblað og klístrast í krikana milli fingra. Velti fyrir mér hvaða þýðingu það hefur að flysja epli. Amma flysjar öll epli. Henni finnst óbærilegt þegar ég skola epli en flysja ekki. Tilheyrir það liðnum tíma eða ömmu minni einvörðungu?

Fyrir hálfu ári sat ég við eldhúsborðið hjá ömmu. Hún sagði mér frá því þegar hún sá fyrst appelsínur og banana, á meðan sauð hún marmelaði í potti. Ógrynni sykurs með ævintýralega freyðandi appelsínuberki. Hvað hefur gerst á þeim tæplega 80 árum síðan fimm ára gömul amma mín horfði í forundran á mömmu sína afhýða útlenskan banana? Heimsstyrjöld og barnsfæðingar, mörg þúsund sólarupprásir. Friðargöngur, Óskarsverðlaun, sjónvörp og hnífsstungur. Megrunarkúrar, vasadiskó, vatnsrúm, hrákökur og þoturákir milli skýjabólstra. Fólk er hætt að teppaleggja öll gólf, kaupir chia-fræ þar sem það áður keypti niðursoðnar perur. En unglingsstelpa byrjar enn á blæðingum, íhugar endimörk alheimsins, verður ástfangin, gerir tilraunir með samlokur og mannleg samskipti. Svo hvað hefur raunverulega gerst síðan amma var barn á Akureyri og sá banana í fyrsta sinn? Hvenær lýkur fortíð og framtíð hefst?

Ég flysja epli. Horfi út um glugga á hversdagslegan himin. Oft líkur tvívíðri leikmynd. Grábláu veggfóðri. En stari ég vandlega finn ég til smæðar minnar. Fæ óljósa tilfinningu fyrir duldum óravíddum. Kemst nálægt því að sjá veruleikann sem ráðgátu. Og finn að það eru skil milli þess sem er og þess sem er ekki, en er bara ekki viss hvort þau eru raunveruleg.

*Opið allan sólarhringinn*
*í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka*
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

Endalaust 365
GSM
2.990 KR.*
ÓTAKMARKAÐ TAL, SMS OG ÓTAKMARKAÐ GAGNAMAGN
*Greitt er aukalega fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer. Nánari upplýsingar á 365.is
1817 | 365.is



KATRÍNARTÚNI 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS
*Verð miðast við flug aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.